



FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

21. ágúst 2006 — 223. tölublað — 6. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000

MÁNUDAGUR

Fegurðin í ruslinu

Myndlistarneminn Halldór Sturluson malar óvenjuleg viðfangs efni upp úr tunnunni. Ryk og strokeðursafgangar rata á pappír og sigar-ettustubbar upp á vegg í Þjóðmenningarhúsinu.



MENNING 26

Fasteignasala fræga fólksins

Grétar Örvarsson starfar á fasteignasölu Stórborg ásamt Gunnari Ólasyni úr Skítamóral, Jóni Axel Ólafssyni og fleiri kunnnum mönnum. Þá vantar bara bassaleikara til að geta stofnað hjómsveit.



FÓLK 38

Næsti áfangastaður Tröllaskagi

Hallgrímur Helgason vill efla ferðamennsku í Skagafirði og Eyjafirði með skemmtidagskrá byggðri á verkum staðarskálða.

Í DAG 20

Íslandsmeistararnir lagðir

Keflavík gerði sér lítið fyrir og lagði Íslandsmeistara FH, 2-1. Baldur Sigurðsson var hetja Keflvíkinga og skoraði bæði mörk leiksins, og það síðara á lokamínútu leiksins. Heil umferð fór fram í Landsbankadeild karla í gær.



ÍÞRÓTTIR 34

VEÐRIÐ Í DAG



FLOTT Á HÉRAÐI í dag verður hæg suðlæg eða breytileg átt. Yfirleitt bjartviðri norðan og austan til en skýjað og sums staðar litilsháttar súld sunnan og vestan til. Hiti 12-20 stig að deginum, hlýjast austur á Héraði og þar í kring.

VEÐUR 4



FLUGFERÐIN ENDAÐI Í Á Tveir menn voru um borð í flugvél sem hlekkist á og endaði í ánni við Tungubakkaflygvöll seinnipartinn í gær. Þá sakaði ekki, en vélin er töluvert skemmd.

FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

Lítilli flugvél hlekkist á í flugtaki við Tungubakka í gær:

Hafnaði úti í Leirvogsa

FLUGSLYS Lítilli eins hreyfils flugvél af gerðinni Piper Tomahawk, hlekkist á í flugtaki á Tungubakkaflygvelli í Mosfellsbæ á fjórða tímanum í gær, með þeim afleiðingum að hún hrapaði til jarðar og endaði ofan í Leirvogsa sem er í um þrjátíu metra fjarlægð norður af flugbrautinni. Veður var gott á svæðinu og

aðstæður til flugs eins og best verður á kosið þegar atvikið átti sér stað. Betur fór en á horfðist því tvo menn sem voru í vélinni þegar óhappið varð sakaði ekki og þurftu þeir ekki aðhlyningu sjúkraliðs. Neyðarlínunni barst tilkynning um atvikið skömmu fyrir fjögur og gerði þá lögreglu og slökkviliði

viðvart. Slökkviliði höfuðborgarinnar sendi neyðarbil, sjúkrabil og tækjabíl á vettvang og sá um að vakta svæðið uns Rannsóknarnefnd flugslysa kom á slysstað. Flugvélin er töluvert skemmd. Að sögn lögreglu eru tildrög slyssins ókunn að svo stöddu. Rannsóknarnefnd flugslysa hefur hafið rannsókn á slysinu.

- æþe

Laminn sofandi í höfuðið með barefli

Starfsmaður Impregilo varð fyrir hrottalegri líkamsárás í starfsmannabúðum fyrirtækisins á Kárahnjúkum. Talsmaður fyrirtækisins fordæmir árásina. Á annan tug manna hafa verið yfirheyrðir en enginn hefur verið handtekinn.

LÖGREGLUMÁL Kínverji á fimmtugsaldri liggur á slyssadeild Landspítalans í Fossvogi eftir að hafa orðið fyrir hrottalegum líkamsárás á meðan hann svaf í fyrri-nótt. Ráðist var á manninn með barefli þar sem hann lá sofandi í rúmi sínu og fannst hann liggjandi í blóði sínu í gærmorgun, þegar herbergisfélagi hans kom af næturvakt.

Að sögn vitna var aðkoman skelfileg og samkvæmt Ríkisútlit varpinu virðist sem maðurinn hafi verið klipinn og sleginn með naglbit sem fannst á vettvangi. Læknum á svæðinu tókst að halda ástandi mannsins stöðugu þar til þyrta Landhelgisgæslunnar

flutti manninn til Egilsstaða, þar sem flogið var með hann til Reykjavíkur.

Í fyrstu var óttast að maðurinn væri höfuðkúpubrotinn en svo reyndist ekki vera. Að sögn vakt-hafandi læknis á Landspítalanum í Fossvogi er líðan mannsins sæmle-g eftir atvikum og ástand hans er stöðugt.

Óskar Bjartmarz, yfirlögreljuþjónn á Egilsstöðum, vildi lítið segja um málið en staðfesti að barefli hefði verið notað.

Lögreglan á Egilsstöðum yfirheyrði á annan tug manna í gær-dag vegna málsins, en enn hefur enginn verið handtekinn í tengslum við árásina og hefur lögregla engan grunaðan að svo stöddu að

sögn Óskars. Lögregla lokaði fyrir umferð út úr starfsmannabúðun-um á tímabili í gær á meðan á rannsókn málsins stóð.

Ómar R. Valdimarsson, upplýsingafulltrúi Impregilo, sagði menn þar á bæ slegna yfir atburðinum og að þeim sem staðið hefði að árásinni yrði tafarlaust sagt upp. Um eitt þúsund verkamenn búa á svæðinu þar sem árásin átti sér stað og að sögn Ómars er löggæsla á svæðinu ábótavant.

Samkvæmt fréttastofu Ríkisútvarpsins er árásin talin tengjast fjárhættuspili sem Kínverjar stunda á svæðinu. Útvarpið segist jafnframt hafa heimildir fyrir því að tveir landar mannsins séu sekir um athæfið.

- æþe

Á áttunda tug talibana felldir

AFGANISTAN, AP Afganskir stjórnarhermenn og herlið NATO háðu í gær bardaga við uppreisnarmenn talibana í suðurhluta landsins. Sjö-tíu og einn skæruliði var felldur, að því er talsmenn héraðsýfir-valda greindu frá.

Fimm afganskir hermenn féllu í átökunum, sem hófust á laugar-dagskvöld og stóðu fram á sunnu-dagsmorgun. Í Helmand-héraði féll einn breskur hermaður og þrjár særðust er skæruliðar réðust á þá í gær. Nær stöðug átök hafa verið í suðurhéruðum landsins undan-farnar vikur.

- aa



VOPNIN TALA Stjórnarhermenn við eftirlit á vegi á átakasvæðinu.


FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Harðir bardagar á Jaffna

SRI LANKA, AP Skæruliðar Tamíla-tígranna hertu sókn sína gegn stöðvum stjórnarhersins á Jaffna-skaga nyrst á eyrni í gær, í kjölfar þess að vopnaðir menn kveiktu í birgðageymslu dagblaðs tamíla, sem sagt er hafa náin tengsl við hina aðskilnaðarsinnuðu uppreisnarmenn.

Talsmenn hjálparstofnana vör-ðu við því að neyð almennings á átakasvæðinu á Jaffna færi sívers-andi, þar sem matar- og vatnsbirgð-ir væru á þrotum, samgöngur í lam-assesi og glæpir færu vaxandi gegn óbreyttum borgurum.

- aa



Office 1 er komin í Húsasmíðjuna

Office 1 Superstore

Skólavörumarkaður
Skútuvogi, Grafarholti, Selfossi, Akureyri og Keflavík

HÚSASMÍÐJAN
...ekkert mál



SPURNING DAGSINS

Andrés, er ekki næsta skref að skíra bæinn Andabæ?

„Jú, það er allt í lagi mín vegna. Það getur vel verið að það auki sóluna eitthvað.“

Andrés Ölvérsson, bóndi á Ystu-Görðum í Kolbeinsstaðahreppi á Snaefellsnesi, selur andaregg á fimmtíu krónum stykkið. Eggin ganga oftast undir nafninu „Andrésar andaregg“.

Libanonstjórn sátt er vopnahléð hefur haldist í rétta viku:

Vopnahlésbrjótar varaðir við

LÍBANON, AP Varnarmálaráðherra Líbanons sagðist þess fullviss í gær að Hizbollah-liðar myndu ekki brjóta vopnahléð en varaði herskáká Palestínúmenn í Líbanon við hörðum viðurlögum og „örlogum svikara“ ef þeir egndu Ísraela til gagnárása með því að skjóta sprengiflaugum á Ísrael.

Daginn eftir að Ísraelar gerðu skynðiáráð á vígi Hizbollah-liða í Bekaa-dalnum, sem Kofi Annan, framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna sagði brot á vopnahlésályktuninni, varð engra nýrra slíkra atvika vart. Vopnahléð hélt, sjöunda daginn í röð.

Franski utanríkisráðherrann



LÍBSAUKA BEIÐIÐ Franskir hermenn í friðargæsluliði SP í Líbanon.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Philippe Douste-Blazy kallaði í gær eftir því að Evrópusambandsríkin ákveddu á fundi nú strax eftir helgina hve marga hermenn þau væru

reiðubúin að leggja til alþjóðlega friðargæsluliðsins í Líbanon. „Við biðjum um að Evrópa sýni í verki samstöðu sína með Líbanon, eins fljótt og auðið er,“ sagði Douste-Blazy í útvarpsviðtali. Frakkar ollu mörgum vonbrigðum í síðustu viku er þeir sögðust í bili ekki reiðubúinir að senda nema 200 hermenn til viðbótar því liði sem þegar er í Líbanon.

Talsmenn Sameinuðu þjóðanna sögðu fyrir helgi að fleiri evrópskir hermenn yrðu að koma til ef takast ætti að standa við að senda fyrsta hluta liðsins, um 3.500 hermenn, á vettvang í Suður-Líbanon fyrir 28. ágúst.

- aa

Jarðskjálftar við Grenivík:

Skjálftahrinur í Kaldbaki

JARÐSKJÁLFTAR Fjöldi jarðskjálfta hefur verið við Grenivík og Bárðarbungu undanfarna daga samkvæmt jarðskjálftamælingum Veðurstofu Íslands. Þegar blaðið fór í prentun höfðu þrjátíu og níu jarðskjálftar orðið við Grenivík og fjórtán við Bárðarbungu seinustu tvo sólarhringana. Skjálftarnir eru þó ekki stórir, flestir á bilinu einn til tveir á Richter.

„Þetta eru skjálftahrinur sem eru meðal annars í Kaldbaki norðan við Grenivík,“ segir Þórunn Skaftadóttir, jarðfræðingur hjá Veðurstofu Íslands. „Þær eru búnar að standa yfir í tvo eða þrjá daga núna.“

- sfs

Eldur í íbúðarhúsi:

Komst út af sjálfsdáðum

ELDUR Slökkvilið var kallað að íbúðarhúsi í Hörðalandi um hádegi í gærmorgun. Eldurinn var lítil og engin meiðsl urðu á fólki.

Tilkynnt hafði verið um reyk-skyngjara í gangi og að reyk legði út um glugga á húsinu. Vitað var að ein kona var inni í húsinu og voru þrjár stöðvar ræstar út.

Þegar slökkvilið kom á vettvang var konan komin út úr húsinu af sjálfsdáðum. Eldurinn kviknaði í potti sem hafði verið skilinn eftir á eldavél. Eldurinn var ekki mikill en reykræsta þurfti húsið.

- sfs



MIKIÐ SKEMMDUR Hérna sést glögglega hversu illa útleikinn bíllinn var eftir slysið.

MYND/KRISTJÁN GUNNARSSON

Grunur um ölvunarakstur:

Velti fólksbíl við Þingeyri

LÖGREGLUFRETTIR Ungur ökuumaður missti stjórn á bifreið sinni á Vestfjarðarvegi í Dýrafirði um hálf þrjú leytið í fyrrinótt, með þeim afleiðingum að bíllinn valt. Maðurinn er grunaður um ölvun við akstur.

Vegfarendur sem komu auga á bílinn, mikið skemmdan utan vegar, gerðu lögreglu viðvart. Þegar lögregla kom á vettvang var ökuumaðurinn hvergi sjáanlegur og var þá kallað eftir aðstoð björgunarsveitarinnar á Þingeyri.

Maðurinn fannst svo við upphaf leitar ráfandi fyrir utan Þingeyri lítið slasaður.

- æþe



NÝTT ANDLIT HJÁ FRAMSÓKNARFLOKKNUM Leiðtogar stjórnarandstöðunnar telja flokksþing Framsóknarflokksins engu hafa breytt, aðeins sé komið nýtt andlit á forystuna og það sést hér myndað á flokksþinginu. Varaformaður Sjálfstæðisflokksins telur að flokksþingið hafi komið vel út fyrir Framsóknarflokkinn.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Nýtt andlit er komið á „Halldórismann“

Leiðtogar stjórnarandstöðuflokkanna telja að litlar breytingar hafi átt sér stað á flokksþingi Framsóknarflokksins. Nýtt andlit er komið á „Halldórismann“.

Varaformaður Sjálfstæðisflokksins telur Framsóknarflokkinn styrkjast.

STJÓRN MÁL Steingrímur J. Sigfússon, formaður Vinstri hreyfingarinnar - græns framboðs, telur litlar sem engar breytingar hafa átt sér stað eftir flokksþingið hjá Framsóknarflokknum, aðeins sé komið nýtt andlit á sömu stefnu.

„Það er söttur maður út í bæ sem er handgenginn fráfarandi forystu og sett nýtt andlit á sömu stefnuna. Það hefðu verið meiri tímamót ef kynslóðaskipti hefðu átt sér stað, breytingar boðaðar eða hugmyndafræðileg endurnýjun,“ segir hann.

Steingrímur telur að uppákom-an öll segi í hvers konar ástandi flokkurinn er. „Fyrir mér er það birtingarform djúpstæðs vanda þegar maður horfir á flokksystkini og ráðherra slást um sömu embættin. Flokksþingið breytti

engu, það er bara komið nýtt andlit á „halldórismann“.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, formaður Samfylkingarinnar, telur flokksþing Framsóknarflokksins hvorki hafa markað tímamót né vera upphaf að breytingum hjá flokknum. Sér sýnist flokkurinn enn við sama heygardhornið og ætla sér áframhaldandi samstarf við Sjálfstæðisflokkinn.

„Framsóknarflokkurinn hefur verið að fara í gegnum mikla kreppu sem tengist þeirri pólitík sem hann hefur staðið fyrir. Hann er kominn svo langt frá þeirri félagshyggju sem hann var upphaflega byggður á. Ég hefði talið að hann hefði þurft að vekja hana til lífsins aftur en það sýnist mér ekki gert.“

Guðjón Arnar Kristjánsson, formaður Frjálslynda flokksins, segir að Framsóknarflokknum hafi tekist að halda við sömu línu og áður. Sá hafi tekið við formennskunni sem fráfarandi formaður hafi valið en sami varaformaðurinn haldi áfram. „Ég tel að litlar breytingar hafi átt sér stað og ekki þurfi að vænta þess að nein breyting verði.“

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, varaformaður Sjálfstæðisflokksins, telur að flokksþing Framsóknarflokksins komi vel út fyrir flokkinn og muni styrkja hann þegar fram í sækir. Hún telur að Siv Friðleifsdóttir hafi styrkt stöðu sína og sýnt að hún sé flokksmanneskja sem vilji ein-drægni og samstöðu í flokknum.

ghs@frettabladid.is

Banaslys á Vesturlandsvegi:

Ók á hross sem hljóp fyrir bíl

BANASLYS Maður á fimmtugsaldri lést í umferðarslysi á Vesturlandsvegi norðan Þingvallavegar um miðnætti í fyrrinótt. Einn var fluttur alvarlega slasaður á slysa-deild og er í öndunarvél.

Að sögn lögreglu atvikaðist slysið þannig að bifreið sem var á leið til Reykjavíkur ók á hross sem hljóp í veg fyrir bílinn. Við það missti ökuumaður stjórn á bílnum og lenti á bifreið sem var á hinum vegarhelmingnum á leið upp á Kjalarnes.

Farþegi í bílnum sem ók á hrossið lést samstundis og ökuumaður var fluttur alvarlega slasaður á slysa-deild. Farþegi í hinum bílnum bringubrotnaði. Þetta er sextánda banaslysið í umferðinni á þessu ári.

- sfs

Erilsamt hjá slökkviliðinu:

54 sjúkraflutningar í nótt

SLÖKKVILIÐ Alls voru farnir 54 sjúkraflutningar í fyrrinótt. Að sögn varðstjóra hjá slökkviliðinu eru ferðirna að öllu jöfnu fimmtán til tuttugu á venjulegu laugardagskvöldi svo að aukningin var töluverð.

Flestir flutningarnir voru með fólki sem hlotið hafði áverka eftir rýskingar í miðbæ Reykjavíkur en tveir sjúkraflutar sinntu einungis miðborginni og höfðu vart undan. Töluvert var um skurði, mar og eymsli í hálsi á meðal hinna slösuðu.

Slökkvilið var með eftirlit við Reykjavíkurhöfn í fyrrinótt eins og aðrar nætur þegar mikið stendur til. Að sögn varðstjóra hjá Slökkviliðinu er fastur liður að menn kasti sér í höfnina og svo var raunin einnig í fyrrinótt. Maður gerði það að gamni sínu en komst hjálparlaust upp á bryggjuna aftur.

- æþe

Elsti Íslendingurinn varð 109 ára gamall í gær:

Lífsgleði ástæða langlífis

TÍMAMÓT Það ná ekki allir þeim merka áfanga að verða yfir 100 ára. Sólveig Pétursdóttir er þó í þeim hópi þar sem hún er fædd árið 1897 og varð 109 ára í gær.

Sólveig fæddist á bænum Keldunúp á Síðu, en foreldrar hennar voru bændurnir Páll Þorláksson og Guðrún Halldórsdóttir. Fimm ára gömul flutti hún ásamt foreldrum sínum á Prestbakkakot, en á bæinn Hof á Örafum á tíunda aldersári. Árið 1923 giftist Sólveig Gunnari Jónssyni bónda og hófu þau búskap á Svínafelli í Örafum.

Hjónin eignuðust sjö börn, en afkomendur þeirra telja nú 67 að börnum þeirra meðtöldum. Gunnar andaðist árið 1967, en Sólveig hélt áfram búskap ásamt einum sona sinna allt fram til ársins 1993, en þá flutti hún á dvalarheimili aldtraða á Höfn í Hornafirði orðin

93 ára gömul og hefur búið þar síðan.

Afkomendur Sólveigar rekja langlífi hennar til dugnaðar og einstakrar lífsgleði, en þrátt fyrir háan aldur annaðist hún bústörfin af eldmóð alveg þar til hún hafði aðsetursskipti árið 1993. Hún þrjónar enn þrátt fyrir að vera farin að missa sjón og heyrn og finnst gaman að fá vini og ættingja í heimsókn þótt minni sé ekki jafn gott og áður. Ættingjar Sólveigar og íbúar dvalarheimilisins héldu upp á afmæli hennar í gær, þar sem boðið var upp á kaffi og meðlæti.

- rve



AFMÆLISBARNIÐ

Sólveig Pálsdóttir fagnaði 109 ára afmæli sínu í hópi vina og vandamanna í gær.

ÖFLUGT TILBOÐ!

HÚN ER KOMIN AFTUR!



Innbyggð vefmyndavél

ACER ASPIRE 5672WLMI - Duo Core

Intel Duo Core 1.66Ghz
1GB DDR2 Vinnsluminni
100GB SATA Harður Diskur
15.4" CrystalBrite skjár
ATI X1400 512MB skjákort
Bluetooth & kortalesari

149.900-

5.156-
Á MÁNUÐI

WWW.SVAR.IS

SÍÐUMÚLA 37 - SÍMI 510 6000

svaR) tækni

ALLTAF
ÓDÝRARI

ÁFRAM MÖMMUR

GRUNN
VERÐ

8KR
8. STK.

16KR
16. STK.

24KR
24. STK.

verð áður:
3.990

990KR

12KR
12. STK.

BAKPOKAR

VAXLITIR



verð áður:
498

199KR

VASAREIKNIR



12
Í PAKKA

verð áður:
675

99KR

SKRÚFBLÝANTAR



24KR
24. STK.

TRÉLITIR

GLÁS
AF BÍLASTÆÐUM



SKEIFUNNI 11
SÍMI 533 1010

OPIÐ VIRKA DAGA 10-20
LAUGARDAGA 10-16
SUNNUDAGA 13-17

GRIFFILL

GENGIÐ

GENGI GJALDMIBLA 18.8.2006

KAUP SALA

	Bandaríkjadalur	69,47	69,81
	Sterlingspund	130,85	131,49
	Evra	89,07	89,57
	Dönsk króna	11,937	12,007
	Norsk króna	11,014	11,078
	Sænsk króna	9,681	9,737
	Japanskt jen	0,6006	0,6042

SDR 103,25 103,87

Gengisvísitala krónunnar
122,9028

HEMILD: Seðlabanki Íslands

Stórslysalaus Menningarnótt en lögreglan segir töluvert hafa verið um unglíngadrykkju:

Hundrað þúsund manns í miðborginni

MENNINGARNÓTT Lögregla telur að um hundrað þúsund manns hafi verið í miðborg Reykjavíkur á Menningarnótt þegar mest var. Þrátt fyrir mikinn mannfjölda segir lögregla að skemmtana-hald hafi farið vel fram og að ölvun hafi verið svipuð og á Menningarnótt í fyrra.

Flestir voru í miðbænum á meðan á flugeldasýningunni stóð, um klukkan hálf ellefu. Að henni lokinni héldu flestir gestir heim á leið og gekk umferð hægt en vel að sögn lögreglu, en um klukkustund tók að greiða úr umferð úr miðborginni sem var mjög þung.

Lögregla telur að um tuttugu þúsund manns hafi verið eftir í miðbænum eftir að hátíðarhöldunum lauk formlega. Meirihlutinn var unglíngar og að sögn lögreglu fylgdi þeim töluvert erill fyrir lögreglu.

Um áttatíu lögreglumenn voru á vakt í miðbænum þegar mest var. Að sögn Sigurðar Sigurgeirssonar, varðstjóra hjá lögreglunni í Reykjavík, var lögregla aðallega í því að stöðva stymplingar manna á milli og hafa afskipti af unglíngadrykkju.

Forvarnadeild lögreglunnar hellti niður allnokkru af áfengi sem var gert upptækt og voru

tuttugu unglíngar færðir í For-eldrahúsið við Vonarstræti, þar sem foreldrum var gert viðvart.

Engar alvarlegar líkamsárásir komu upp, þó ökklabrotnaði tæplega tvítugur maður þegar honum var hrint á lögreglubíl. Hann var fluttur á slyshadeild en ekki er vitað hver hrint mannum. Þá komu engin fíkniefnamál inn á borð lögreglunnar.

- æþe

MANNHAF Á MENNINGARNÓTT

Menningarnótt fór að mestu leyti vel fram að sögn lögreglu. Um hundrað þúsund manns heimsóttu miðbæinn á laugardagskvöldið.

FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL



Bóksala í Svíþjóð:

Slær öll met

SVÍÞJÓÐ Bóksala í Svíþjóð hefur slegið öll met á þessu ári. Fyrstu fjóra mánuði ársins var bóksalan sex prósentum hærri en á sama tíma í fyrra, að sögn vefútgáfu Dagens Nyheter, og upplifa fáar greinar jafn mikla aukningu.

Bóksalan í Svíþjóð hefur aukist um meira en fjörutíu prósent frá árinu 1999. „Það er óhætt að segja að við höfum aldrei selt jafn margar bækur í Svíþjóð eins og nú,“ segir Kristína Ahlinder, framkvæmdastjóri sænsku útgáfufélaganna. - ghs



VÍKJA HVERGI Klerkarnir í Teheran krefjast kjarnorku. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Kjarnorkumál Írana:

Stöðva ekki auðgun úrans

ÍRAN, AP Ráðamenn Írana settu sig í stellingar til að taka nýja rímu við Vesturlönd í gær, er utanríkisráðuneytið í Teheran tilkynnti að Íranar myndu ekki einu sinni fíuga að verða við kröfunni um að þeir hættu að minnsta kosti í bili tilraunum sínum með auðgun úrans.

Sú krafa er eitt af grundvallaratriðunum í ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna um kjarnorkudeiluna við Íran, sem samþykkt var í liðnum mánuði. Íransstjórn hefur frest til ágústloka til að stöðva auðgun úrans en á að öðrum kosti yfir höfði sér alþjóðlegar efnahagsþvinganir. - aa



Í LEIKSKÓLANUM Fulltrúi kennara í menntaráði segir málið hafa verið keyrt í gegn í menntaráði án þess að það hafi verið borið undir fagaðila. Fagleg rök fyrir klofningunni skorti og með henni sé stigið skref aftur á bak.

Segja klofninguna skref aftur á bak

Fulltrúar kennara og samtakanna Börnin okkar í menntaráði segja fagleg rök fyrir klofningu ráðsins skorta. Málið hafi verið keyrt í gegn án samráðs við fagaðila. Klofningin sé skref aftur á bak í ferli sem færir skólástigin nær hvort öðru.

MENNTAMÁL Fulltrúar kennara og samtakanna Börnin okkar í menntaráði leggja báðir gegn þeirri ákvörðun meirihluta borgarstjórnar að kljúfa menntaráð og stofna nýtt leikskólaráð. Þeir segja fagleg rök fyrir skiptingunni vanta og að með henni sé verið að taka skref aftur á bak í ferli sem yfir undir eðlilegar viðræður á milli skólástiga.

Þorgerður Laufey Diðriksdóttir, fulltrúi kennara í menntaráði, segir sameiningu leikskólaráðs og menntaráðs fyrir um einu og hálfu ári hafa verið einn hlekkur í þeirri vegferð að sameina málefni leik- og grunnskóla.

„Okkur fannst sameiningin vera hluti af þessu ferli, en svo heyrum

við á fyrsta borgarstjórnarfundum að það eigi að skipta þessu upp á ný. Það hljómar mjög sérkennilega í ljósi þess að þetta er ákveðið ferli. Okkur fannst þarna að við værum að renna niður kaðalinn sem við vorum að klifra upp.“

Hún segir málið hafa verið keyrt í gegn í menntaráði án þess að það hafi verið borið undir fagaðila. „Að mínu viti hafa engin fagleg rök komið fram fyrir þessari ákvörðun. Maður spyr sig, hver er tilgangurinn? Er það bara í raun og veru að koma kosningaloförum í framkvæmd eða á menntaráð að vera það ráð þar sem við erum að ræða um stefnumörkun í þessum málaflokki?“

„Okkar afstaða er sú að við vilj-

um að þetta sé gert í samráði við fagaðila,“ segir Svanhildur Eva Stefánsdóttir, fulltrúi samtakanna Börnin okkar í menntaráði. „Eftir sameininguna fyrir um einu og hálfu ári tók smá tíma að ná góðri samvinnu en hún var komin á gott ról. Nú á síðan að kljúfa ráðið aftur.“

Hún segist ekki sammála þeim rökum að leikskólamálin fái ekki næga athygli í menntaráði. „Hlutfallslega hafa leikskólamálin fengið næga athygli miðað við nemandafjölda. Ég hef ekki séð eða heyrt almennileg rök fyrir þessari klofningu önnur en þau að þetta séu stórir fundir. Meðan ég heyrði ekki önnur rök verð ég ósátt við þetta.“

salvar@frettabladid.is

ETA tvístígandi í viðræðum:

Saka stjórnvöld um óheilindi

MADRÍÐ, AP Aðskilnaðarsamtökin ETA, sem berjast fyrir sjálfstæðu Baskalandi á Spáni, saka stjórnvöld um að draga lappirnar í friðarviðræðum sem nú standa yfir milli ETA og ríkisstjórnar Spánar. Hóta samtökin því að hefja aftur vopnaða baráttu, ef „árásur á Baskaland“ linnir ekki, en með því er vísað til þess að ETA-menn hafa verið handteknir eftir að samningaviðræður hófust og Batasuna, stjórnarálflokkur sem tengist ETA, fær ekki að halda opnar samkomur.

Samtökin telja friðarviðræðurnar í uppnámi, en ríkisstjórn Spánar vildi ekki svara ásökunum fyrir helgi. - kóp

Skoðanakönnun í Svíþjóð:

Reinfeidd nýtur góðs stuðnings

SVÍÞJÓÐ Meirihluti Svía vill Fredrik Reinfeidd, formann hægriflokksins Moderaterna, í forystu ríkisstjórnar eftir kosningarnar í Svíþjóð, sem fram fara í september.

Reinfeidd hefur stuðning 52 prósentu kjósenda, samkvæmt skoðanakönnun Aftonbladet, en Göran Persson, forsætisráðherra og leiðtogi jafnaðarmanna, hefur stuðning 38 prósentu. Kosningabandalag borgaraflokka hefur haldið stöðugu forskoti á vinstriflokkana í skoðanakönnunum sumarsins. - ghs/aa

FINNLAND

STYÐJA ÍSRAEL Lögreglan í Helsinki telur að yfir 2.500 manns hafi safnast saman í borginni nýverið til að lýsa yfir stuðningi sínum við Ísrael. Áður hefur fjöldi Finna farið í kröfugöngur til að mótmæla aðgerðum Ísraela í Líbanon.

BÍLL DAGSINS
NISSAN ALMERA GX 1,4
Nýskr. 01.00 - Beinskriptur - Ekinn 123 þús. - Allt að 100% lán.

Verð **480.000.-**

Ingvar Helgason **NOTAÐIR BÍLAR**

Opíð: Alla virka daga kl. 9:00 - 18:00. Sími: 525 8020.

VEÐURSPÁ

Sigurður b. Ragnarsson, veðurfræðingur

BREYTINGAR FRAMUNDAN
Dagurinn í dag einkennist af hægviðri en strax á morgun fer vindur heldur vaxandi samfara lægðakomu. Svo virðist sem úrkoman frá þessari lægð verði að meginhluta til vestur af landinu og því horfur á minniháttar vætu á landinu sunnan- og vestanverðu en áfram verður nokkuð bjart á Norðaustur- og Austurlandi auk þess sem hlýtt verður í veðri. Nú fer hitamanur dags og nætur vaxandi samfara lengri nótt.

VEÐURHORFUR Í BORGinni Í DAG
Hæg suðlæg átt. Skýjað en úrkommullit. Milt.

um hádegi >>

Kaupmannahöfn	21°C skúrir	London	19°C rigning
Billund	19°C rigning	Paris	20°C skúrir
Oslo	22°C skúrir	Frankfurt	19°C skúrir
Stokkhólmur	20°C alskýjað	Friedrichshafen	17°C skúrir
Gautaborg	19°C skúrir	Berlín	17°C skúrir

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.

» á morgun

5-13 m/s. sunnan og vestan til, annars hægari.

» miðvikudagur

8-13 m/s sunnan og vestan til annars 5-10 m/s.

Alicante	30°C heiðskirt
Mallorca	25°C heiðskirt
Algarve	30°C heiðskirt
Krít	33°C heiðskirt
Las Palmas	26°C heiðskirt

Hvernig þú velur réttu töskuna fyrir barnið




Kristjana Milla Snorradóttir iðjubjálfi veitir ráðgjöf um val á skólatösku í verslunum Eymundsson í dag, í Smáralind kl. 16-17 og í Kringlunni kl. 17-18. Opið í dag til kl. 22 í Austurstræti og Hafnarstræti, Akureyri.

ÞAÐ SKIPTIR MÁLI HVERNIG TASKAN ER.

- 1 Skólataskan þarf að falla þétt að hrygg barnsins. Athugið að taskan sé vel bólstruð að aftan.



Öll bönd þurfa að vera breið, stillanleg og auðvelt að herða og losa.



Taskan má ekki veða meira en 10-20% af líkamsþyngd barnsins.

- 4 Æskilegt er að annaðhvort séu brjóst- eða mjaðmafestingar sem halda töskunni sem næst líkamanum.
- 5 Skólataskan má ekki vera of breið því það hindrar eðlilegar hreyfingar handleggjanna.



KJÖRKASSINN

Mun Jón Sigurðsson auka fylgi Framsóknarflokksins?

Já	24%
Nei	76%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Tókst þú þátt í Reykjavíkummaraboninu?

Segðu skoðun þína á Vís.is



Framkvæmdastjóri ASÍ telur framsóknarmenn reyna að breiða yfir mistök sín:

Þetta hljómar furðulega

EFNAHAGSMÁL Framsóknarmenn reyna að breiða yfir alvarleg hagstjórnarmistök sín í stjórnmálaályktun á nýafstöðnu flokksþingi. Þetta er mat Gylfa Arnbjörnssonar, framkvæmdastjóra Alþýðusambandsins, ASÍ.

Í ályktuninni segir að þó verðbólga sé slæm þá sé „tímabundin verðbólga ásætlanlegri en tímabil atvinnuleysis með tilheyrandi niðurbroti einstaklinga og fjöl-skyldna“.

„Þetta hljómar furðulega,“ segir Gylfi og bendir á að skortur hafi verið á vinnuafli. Til að mæta því hafi ríkisstjórn stuðlað að opnun og fjölgun á vinnumarkaði

með ákveðinni röskun.

„Það að breiða yfir hagstjórnarmistök og ofþensluna með varnaðarorðum um að hér hefði getað brostið á atvinnuleysi get ég alls áttað mig á. En það er rétt að við slíkar aðstæður má aldrei keyra hagkerfið í þá stöðu að hér verði fjöldaatvinnuleysi,“ segir hann.

Gylfi telur ólíklegt að framsóknarmenn vilji frekar tímabundna verðbólgu en tímabundið atvinnuleysi í framtíðinni. - ghs

FRAMSÓKNARMENN RÆÐA SAMAN

Halldór Ásgrímsson óskar Jóni Sigurðssyni til hamingju með formanskjörið.



Samheitalyf valda usla:

Sendiherrar kvarta í Noregi

NOREGUR Sendiherrar nokkurra ríkja kenna norsku ríkisstjórninni um að valda alvarlegum vandræðum á lyfjamarkaðinum með því að hvetja lækna til að skrifa lyfseðla á ódýrari samheitalyf, frekar en dýrari lyf.

Þetta kemur fram á fréttavef norska blaðsins Aftenposten.

Að sögn sendiherra Bandaríkjanna, Bretlands og Sviss seljast nú fleiri samheitalyf en þau sem njóta einkaleyfisverndar.

„Við höfum öll áhyggjur af einkaleyfislögunum eins og þau eru í dag,“ sagði Benson K. Whitney, sendiherra Bandaríkjanna í Noregi. - smk



HANDEKINN Þýskir lögreglumenn færa hinn grunaða inn í dómhús í Karlsruhe.

Sprengjur í þýskum lestum:

Misheppnað hryðjuverk

ÞÝSKALAND, AP Líbanskur námsmaður, sem var handtekinn í norður-þýsku borginni Kiel á laugardag, var í gær úrskurðaður í gæsluvarðhald. Hann er grunaður um að hafa aðstoðað við að fela tvær sprengjur í töskum í tveimur járnbrautarlestum í síðasta mánuði og að vera félagi í hryðjuverkasamtökum.

Sprengjurnar, sem gerðar voru úr gashylkjum, voru ósprungnar er þær fundust í Dortmund og Koblenz 31. júlí, en að sögn saksóknara var ætlanin „að drepa fjölda fólks“. Lögregla leitar enn annars grunaðs manns, sem sást í eftirlitsmyndavél í lestarstöðinni í Köln. - aa

LÖGREGLUFRETTIR

Ók á staur Ökumaður ók á ljósastaur við Bústaðaveg í Reykjavík í gærmorgun. Ökumaðurinn er grunaður um ölvun við akstur. Billinn skemmdist töluvert og kalla þurfti út viðgerðarmenn frá Orkuveitunni til að gera við staurinn.

Olían svertir strönd og haf

Neyðaraðstoð samþykkt vegna olíumengunar eftir loftárásir Ísraelskers á olíutanka í Beirút, sem er á við afleiðingar Exxon Valdez-slyssins. Minnst 15.000 tonn af olíu ógna nú vistkerfi Miðjarðarhafsins.

LÍBANON Fulltrúar Sameinuðu þjóðanna, umhverfisstofnana Evrópusambandsins og alþjóðlegra sjávarumhverfisráða hafa ákveðið að veita ríkisstjórn Líbanons neyðaraðstoð til að hemja olíulekann úr olíutönkunum við Jíyyeh-orkuverið í Beirút. Talið er að hreinsunarstarfið taki heilt ár og kostnaður er metinn á um 4,4 milljarða króna.

Eftir að Ísraelsker gerði loftárás á olíutankana um miðjan júlímánuð er talið að um 15.000 tonn af olíu hafi runnið til sjávar, en hugsanlegt er að lekinn hafi verið mun meiri, eða allt að 35.000 tonn. Til samanburðar má rifja upp að í Exxon Valdez-slysinu árið 1989 er talið að um 38.000 tonn af hráolíu hafi farið í sjóinn. Mengunin við Líbanonstrendur er sérlega varhugaverð því hún hefur legið óáreiðt í fjórar vikur, en ekkert varð að gert meðan átökin stóðu yfir í landinu.

Alls eru um 140 kílómetrar af strandlengju Líbanons svartir af olíu eftir slysið. Mikil hætta er talin á að olíuslikjan breiðist út til nærliggjandi landa og nú þegar hafa olíuflekkir borist að ströndum Sýrlands. Hætt er við að olíubrakin fljóti lengra norður, til stranda Grikklands, Kýpur og Tyrklands; jafnvel víðar.

Líbanskar umhverfisstofnanir meta þetta sem mestu umhverfisófarir sem orðið hafa í Líbanon og þar af leiðandi sem eitt versta þekkt áfallið sem vistkerfi Miðjarðarhafsins hefur orðið fyrir í seinni tíð. Meðal mengaðra svæða eru hrygningarstöðvar túnfisks og útungunarsvæði skjaldbaka er í útrýmingarhættu. Þegar olían berst í smáfiskinn er viðbúð að hún berist ofar í fædukeðjuna, í önnur sjávardýr, fugla, og auðvitað í menn.

Áhrif á mannabyggðir eru ekki minni. Í hinni sögufrægu borg Byblos, sem er vinsæll ferðamannastaður fyrir norðan Beirút, er höfnin, fjórugrjótið og ströndin bókstaflega þakin í olíu. Þar er brákin um tveggja sentimetra þykk og mikill fnykur í lofti. Ströndin er auð og ekki er við miklum ferðamannastraumi að búast þar í brád.

Klemens@frettabladid.is

Á HVÍTU STRÖNDINI Í BEIRÚT

Líbanskir karlmenn tína upp dauðan fisk eftir olíumengunina. Mengunar „slysið“ er talið með mestu umhverfishamförum á sögulegum tíma við Miðjarðarhafið.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP



Akureyrar
vakka
25. & 26. ágúst

gleði
gleði

[Lystigarður] rómantík í rökkrinu

[Ráðhústorg] gjörningar, glíma og heilgrillað naut, línudansarar og Benni Hemm Hemm

[Listagilið] Óperutónleikar Sinfóníuhljómsveitar Norðurlands undir berum himni

glaumur
glaumur

[Listasafnið á AK] Íslensku sjónlistaverðlaunin: Tilnefndir sýna

[Jónas Viðar Gallery] Gólf á vegg

[Populus Tremula] Kristján Steingrímur / Dean Ferrell / Baldvin Ringsted

gjörningar
gjörningar

[Ketilhús] Bitið í skjaldarrendur: Sýning á verðlaunagripum

[Ráðhústorg] punkturinn yfir í-ið: Frúin í Hamborg og hárgreiðslumeistarar

göslagangur
göslagangur

Akureyri
ÖLL LÍFINS GÆÐI



BAKKI Meðmælendur ætla að safnast saman á Gónhól norðan við Húsavík klukkan ellefu á laugardaginn og ganga um álversstæðið sem hér sést.

Ný samtök til stuðnings álversframkvæmdum:

Meðmælaganga með nýju álveri

HÚSAVÍK Húsvíkingar og nágrennar ætla að fara í meðmælagöngu með álveri klukkan ellefu á laugardaginn og verða hugsanlega stofnuð samtök, Veraldarvinir, til stuðnings álversbyggingunni.

Sigurjón Benediktsson tannlæknir segir að þetta sé vegna þess að umhverfisvæn orka geri heiminum ekkert nema gott.

Rúta tekur upp meðmælendur á bensinstöðvunum í bænum á laugardagsmorgun og keyrir með þá upp á Gónhól en þaðan er gott

útsýni yfir álversstæðið. Gengið verður um byggingarlóðina og umhverfið skoðað. Göngunni lýkur við stytta Einars Benediktssonar.

„Við ætlum að efla samstöðuna með því að það verði stóriðja í Bakkalandi. Það ætlar enginn að hlekkja sig við stytuna af Einari Ben. eða loka brúnni yfir Reyðarána, það ætlar heldur enginn að svekkja rollur Tjörnesinga. Við ætlum bara að fara yfir þessi mál,“ segir Sigurjón. - ghs

Kókaínhneyksli í Svíþjóð:

Sjöberg stefnir Aftonbladet

SVÍÞJÓÐ Hástökkvarinn heimsþekkti, Patrik Sjöberg, telur frétttaflutning sænska síðdegisblaðsins Aftonbladet meiðandi, að sögn síðdegisblaðsins Expressen, og ætlar að stefna því fyrir fréttir um fjölmargar ferðir hans milli landa síðustu misserin.

Sjöberg hefur verið í fréttum síðustu daga eftir að hann var tekinn höndum ásamt tveimur öðrum á veitingastað í Gautaborg. Sjöberg og grindahlauparinn fyrrverandi, Sven Nylander, höfðu nýtt kókaín og voru með kókaín á sér þegar þeir voru teknir. - ghs

264 skiptinemar við HÍ:

Skiptinimum við HÍ fjölgar

STÚDENTASKIPTI Alls munu 264 skiptinemar stunda nám við Háskóla Íslands nú í vetur.

Samkvæmt upplýsingum frá Tryggva Thayer, alþjóðafulltrúa HÍ, er fjöldi erlendra skiptinema við HÍ aðeins meiri nú en í fyrra og eru langflestir þeirra frá Norðurlöndunum og Evrópu. Til samanburðar má geta þess að í fyrra fóru 225 íslenskir nemar við HÍ utan í skiptinám. Erlendum skiptinimum við HÍ hefur fjölgað jafnt og þétt undanfarin ár en árið 1992 voru þeir aðeins tuttugu og þrjár. - hs

MEGGJA

21.-27. ÁGÚST
ALLAR PIZZUR á
1.090 KR.*
Hvítlauksólía fylgir öllum pizzum



Fyrstu 1.000 pöntunum í dag fylgja bíómiðar eða glaðningur tengdur You, Me and Dupree



Allt 2 lítra gos á 195 kr.

Brauðstangir 295 kr.
Kjúklingacombo 495 kr.
Hot Wings 495 kr.
Buffalo Wings 495 kr.
Kartöflubátar 295 kr.



58•12345



*ef þú sækir

www.dominos.is



Skólavörubúðin

ALLT Í
SKÓLANN
Á GÓÐU
VERÐI



Við sérhæfum okkur
í vönduðum og fjölbreyttum
námsgögnum fyrir öll skólastig.

www.skola.is
- vefverslun og
skiptibókamarkaður

Smiðjuvegi 5 • 200 Kópavogur
Sími 585 0500
Opíð 9-18 virka daga

Heilbrigðiseftirlit Austurlands gerir athugasemdir við gáma Impregilo í göngum:

Tækin hafa ekki haft undan

HEILBRIGÐISMÁL Heilbrigðiseftirlit Austurlands hefur gert athugasemdir við setgáma, sem Impregilo hefur notað til að taka við óvenjumiklu fráveituvatni frá aðgöngum fjögur á Kárahnjúkum.

Verktakar á Kárahnjúkum nota yfirleitt settjarnir sem breytast í setþrær en Impregilo notar aðra tækni, setþró sem breytist í setgáma. Gámarnir eru notaðir til að stöðva vatnsrennsli þannig að sandur og set falli til botns, olía fljóti upp og vatnið sé hreinsað.

Helga Hreinsdóttir, framkvæmdastjóri Heilbrigðiseftirlits Austurlands, segir að þegar vatnstreymið sé mikið hafi tækin ekki

undan og því hafi verið gerðar athugasemdir. Sömuleiðis hafi verið gerðar athugasemdir við að gámarnir séu ekki tæmdir nægilega oft.

Haraldur Alfreðsson, aðstoðarstaðarverkfræðingur Landsvirkjunar, segir að vatnsmagnnið í aðgöngum fjögur hafi verið óvenjumikið undanfarna daga en unnið hafi verið að því að laga það síðustu nætur og það hafi tekist. - ghs

Í GÖNGUM Á KÁRAHNJÚKUM Heilbrigðiseftirlitið hefur gert athugasemdir við setgáma í göngum sem eiga að taka við gegnumstreymisvatni. Þegar gegnumstreymið er mikið hafa gámarnir ekki undan.



Metur birkiskóg meira en mannlíf

Skipulagsstofnun hefur lagst gegn lagningu svokallaðrar B-leiðar í Reykhólahreppi vegna þess að hún liggur í gegnum birkiskóg. Hreppsnefnd Reykhólahrepps sakar Skipulagsstofnun um að meta birkihríslur meira en mannlíf.

SAMGÖNGUMÁL „Leið B hefur algjöra yfirburði samkvæmt skýrslu Vegagerðarinnar,“ segir Gústaf Jökull Ólafsson, oddviti hreppsnefndar Reykhólahrepps. Hreppsnefndin sendi frá sér athugasemd á dögum þar sem Skipulagsstofnun er sökuð um að taka meira tillit til skóglendis en manna.

Skipulagsstofnun hefur hafnað öðrum áfanga svokallaðrar B-leiðar Vestfjarðavegar númer 60, á milli Bjarkarlundar og Eyra í Reykhólahreppi. Annar áfangi leiðarinnar hefði legið um Hallsteinsnes, að hluta til í gegnum Teiggsskóg.

Skipulagsstofnun vill vernda birkiskóg sem er á þessu svæði og hefur því lagt til að önnur leið verði valin, sem liggur hærra í landinu. Sú leið þykir ótæk meðal sveitarstjórnenda svæðisins af því að hún er lengri og hættulegri. Úrskurður Skipulagsstofnunar hefur verið kærður til umhverfisráðuneytisins af Vegagerðinni og sveitarfélögunum á svæðinu.

„Sveitarstjórnirnar á svæðinu eru sem einn maður í því að B-leiðin sé sú leið sem best er, enda hefur Vegagerðin gefið út að þetta sé vegtæknilega besta leiðin. Enda spyr maður sig, af hverju í ósköpunum á að vera að fara með vegi upp á hálsa í dag ef hægt er að komast hjá því? Þetta er ekki nútímaleg vegagerð,“ segir Gústaf Jökull.



BIRKISKÓGUR VIÐ NORDANVERÐAN ÞORSKAFIÖRD Hluti af leið B átti að liggja hér.

FRÉTTABLAÐIÐ/VIKTOR ARNAR INGÓLFSSON

Rökstuðningur Skipulagsnefndar byggir hvað mest á að birkið á Hallsteinsnesi, í Teiggsskógi, beri að varðveita vegna þess hversu svæðið er ósnortnið af mönnum og dýrum. Gústaf Jökull segir þetta vera rangt og finnst um leið alvarlegt að svo rangar upplýsingar hafi verið hafðar til hlíðsjónar við úrskurð Skipulagsstofnunar. „Það eru til heimildir, eins og í árbók Barðstrendinga, um að bændur úr Breiðafirði hafi farið í skógin til að ná sér í við til kyndingar. Svo var búið á bæ þarna stutt frá, ekki

alls fyrir löngu, og gengu kindur þarna um og bitu.“

Kæra hreppsnefndarinnar er til meðferðar hjá umhverfisráðuneytinu sem kveða mun upp úrskurð sinn á næstu vikum. Greinilegt er að um mikið hagsmunamál er að ræða hjá íbúum svæðisins. „Þetta er mikið réttlætismál fyrir íbúana á svæðinu og svo eru þetta líka grundvallarmannréttindi, að geta komist á milli staða með sem öruggustum hætti,“ segir Gústaf Jökull.

aegir@frettabladid.is

Haustútsalan hafin!

Bjóðum nú síðustu hjólhýsin á einstöku verði á meðan birgðir endast.

126N – Áður kr. 1.180.000,-
Nú aðeins kr. 990.000,-

126NT – Áður kr. 1.230.000,-
Nú aðeins kr. 1.049.000,-

126NTL – Áður kr. 1.280.000,-
Nú aðeins kr. 1.090.000,-



Athugið að innifalið í verðunum eru fortjald, gaskútur o.fl.

VÉLARÞJÓNUSTA

Járnhálsi 2 110 Reykjavík Sími 5 800 200 www.velar.is
Höldur á Akureyri er söluaðili fyrir V&P á Norðurlandi

Splunkunýtt verð 1.998.000 kr.

Golf Trendline, 1.6 beinskiptur



Núna er rétti tíminn til að eignast nýjan Volkswagen Golf. Gæðin og glæsileikann þekkja allir en verðið kemur skammtilega á óvart. Komdu og reynsluaktu og nýttu þér þetta einstaka tækifæri.

Gerðu bílinn enn glæsilegri með 250.000 kr. sportpakka:

- 16" álfelgur • sóllúga • leðurstýri • þokuljós
- armpúði milli framsæta • samlitur • vindskeið



Aus Liebe zum Automobil



Skólavörubúðin

GOTT VERÐ
Á ALLRI
SKÓLAVÖRU



Við sérhæfum okkur
í vönduðum og fjölbreyttum
námsgögnum fyrir öll skólastig.

www.skola.is
- vefverslun og
skiptibókamarkaður

Ólafur Höfnun, V098625

Smiðjuvegi 5 • 200 Kópavogur
Sími 585 0500
Opíð 9-18 virka daga

Framkvæmdir vegna vaxtar hjá Sindan, dótturfélagi Actavis í Rúmeníu:

Kaupa eða reisa nýja verksmiðju

VIÐSKIPTI Actavis hefur ákveðið að byggja eða kaupa lyfjaverkmiðju til framleiðslu á krabbameinslyfjum. Verður það gert til að bregðast við miklum fyrirsjáanlegum vexti hjá Sindan, sem Actavis keypti í vor, og almennt á sviði krabbameinslyfja í heiminum. „Sindan hefur náð gríðarlega góðum árangri og vaxið um fjórutíu prósent á milli ára, sé miðað við fyrstu sex mánuði ársins í ár miðað við í fyrra,“ segir Halldór Kristmannsson, yfirmaður almanna- og fjölmiðlatengsla hjá Actavis.

„Ekki er hægt að nýta aðrar verkmiðjur Actavis í framleiðslu á krabbameinslyfjum, þar sem slík

starfsemi þarf að vera algerlega einangruð. Því höfum við ákveðið að fara út í þetta en ekki hefur verið tekin ákvörðun um hvar verkmiðjan verður staðsett.“

Halldór segist ekki geta sagt til um hversu mikið það komi til með að kosta að byggja eða kaupa slíka verkmiðju. Tilkoma verkmiðjunnar og kaup Actavis á Sindan nægi þó til að koma Actavis í hóp tveggja til þriggja öflugustu félaga á sviði þróunar og framleiðslu samheita krabbameinslyfja heims.

- hhs
HALLDÓR KRISTMANSSON Halldór er yfirmaður almanna- og fjölmiðlatengsla hjá Actavis.



Lengra þangað til gatið í ósonlaginu lokast:

Tekur 15 ár til viðbótar

VÍSINDI, AP Gufuhvolf jarðar yfir suðurheimskaütinu mun verða allt að fimmtán árum lengur en áður var talið að jafna sig, að sögn vísindamanna hjá veðurstofu Sameinuðu þjóðanna.

Göt í ósonlaginu eru til komin vegna mengunar frá ísskápum, loftræstikerfum og öðrum tækjum. Þau valda því að hættulegir sólargeislar komast óhindraðir til jarðarinnar, en of mikið útfjólublátt sólarljós getur valdið húðkrabbameini og drepið örllitlar plöntur sem gegna mikilvægu hlutverki í upphafi fæðukeðjunnar.

Áður höfðu vísindamenn talið að götin gætu verið horfin árið 2050, en nú trúir Geir Braaten, sérfræðingur á veðurstofu Sameinuðu þjóðanna, að svo verði ekki fyrr en árið 2065.



GEIR O. BRAATEN Vísindamaður á veðurstofu Sameinuðu þjóðanna.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

„Gatið í ósonlaginu yfir suðurheimskaütinu hefur ekki stækkað síðan seint á tíunda áratugnum, en búast má við að stór ósonlagsgöt haldi áfram að myndast áratugum saman,“ sagði Braaten á föstudag.

Gat hefur myndast í ósonlaginu yfir suðurheimskaütinu í vetrarlok í ágúst á hverju ári allt frá miðjum níunda áratugnum, og er það yfirleitt stærst seint í september.

- smk

HEITIR POTTAR



Ný sending komin!

Vorum að fá nýja sendingu af frábærum pottum (skeljum).

Tvær stærðir:
1,94 x 2,00 5 manna
2,26 x 2,26 6–7 manna



BAÐSTOFAN

FLÍSAR · HREINLÆTISTÆKI · BAÐINNRETTINGAR

Dalvegi 4 • Kópavogur • Sími 564 5700

BYRJAÐU SKÓLAÁRIÐ Á **BÍL** SEM ER BÚINN AÐ **BRILLERA** Á ÖLLUM PRÓFUM

Nú standa yfir tilboðsdagar hjá Toyota - Betri Notuðum Bílum, þar sem fjölmargir bílar eru í boði á afbragðsgóðum kjörum. Við bjóðum námsmönnum, sem og öðrum viðskiptavinum, að sjálfsögðu aðeins bíla sem hafa staðist gæðamat og uppfylla kröfur okkar um öryggi og endingu.



TILBOÐ
1.350.000 kr.

Nissan Primera (Úrvalsbíll) sjsk, bensín
Á götuna: 06.04 Ekinn: 50.000 km
Verð: 1.450.000 kr. Skr.nr. DE080



TILBOÐ
530.000 kr.

Subaru Impreza 5 gíra, bensín
Á götuna: 12.00 Ekinn: 110.000 km
Verð: 690.000 kr. Skr.nr. YZ548



TILBOÐ
760.000 kr.

Opel Corsa (Úrvalsbíll) 5 gíra, bensín
Á götuna: 07.04 Ekinn: 39.000 km
Verð: 870.000 kr. Skr.nr. JA837



TILBOÐ
1.190.000 kr.

Toyota Avensis (Gæðabíll) 5 gíra, bensín
Á götuna: 02.02 Ekinn: 70.000 km
Verð: 1.360.000 kr. Skr.nr. JT356



TILBOÐ
950.000 kr.

Nissan Micra (Úrvalsbíll) sjsk, bensín
Á götuna: 06.04 Ekinn: 66.000 km
Verð: 1.120.000 kr. Skr.nr. MI421



TILBOÐ
980.000 kr.

VW Golf (Gæðabíll) sjsk, bensín
Á götuna: 10.02 Ekinn: 80.000 km
Verð: 1.130.000 kr. Skr.nr. NN420



TILBOÐ
1.490.000 kr.

Subaru Forester 4WD sjsk, bensín
Á götuna: 01.03 Ekinn: 88.000 km
Verð: 1.690.000 kr. Skr.nr. YY789



TILBOÐ
620.000 kr.

Toyota Avensis (Gæðabíll) 5 gíra, bensín
Á götuna: 06.99 Ekinn: 140.000 km
Verð: 710.000 kr. Skr.nr. OM283

Komdu og kynntu þér sértilboð okkar sem fela í sér meðal annars:

- Vetrardekk frá Sólningu, umfelguð og ásett
- 90% láns hlutfall og lengri láns tíma
- Lægri vexti og allt að 50% afslátt af lántökugjöldum, í boði Glitnis

BNB-sölugreining

Bílamir ganga í gegnum strangt gæðamat sem tekur mið af aldri, akstri og viðhaldssögu bílsins. Þeir sem standast kröfurnar lenda annað hvort í flokknum Úrvalsbílar eða Gæðabílar. Ef bíllinn stenst ekki kröfur okkar bjóðum við þér hann ekki.



BETRI NOTAÐIR BÍLAR **TOYOTA**

Toyota Kópavogi
Nýbýlavegi 4
Kópavogur
Sími: 570-5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

Toyota Reykjaneshæ
Njarðarbraut 19
Reykjaneshæ
Sími: 421-4888

Toyota Selfossi
Fosnesi 14
Selfoss
Sími: 480-8000

Toyota Austurlandi
Miðási 2
Egilsstöðum
Sími: 470-5070

ÚRVALSBÍLL


GÆÐABÍLL



Þú gengur að gæðunum vísum!

FYRSTA FLOKKS Fartölvur

...á frábæru
kynningarverði!



ZEPTO 4015SE
Fjölhæf og þölgóð

Kynningarverð:
Kr. 99.900,-


15" XGA 1024x768 skjár
1,5Ghz Intel Celeron M370 1MB örgjörvi
512MB DDR2 667Mhz vinnsluminni
80Gb 5400rpm Hitachi harður diskur
Dual Layer DVD skrifari
Innbyggt 54Mbps þráðlaust netkort, minniskortalesari, Gigabit netkort,
modem, 4xUSB2.0, Firewire, VGA, Parallel og TV tengi
Allt að 5 klst. rafhlöðuending



ZEPTO 6214W
Kraftmikil og nett

Kynningarverð:
Kr. 159.900,-

14,1" WXGA 1280 x 800 skjár
1,83Ghz Intel Core Duo T2400 örgjörvi
Nvidia Geforce Go 7600 512Mb skjá kort
1024MB DDR2 667Mhz vinnsluminni
80Gb 5400rpm SATA Hitachi harður diskur
Sony Dual Layer DVD skrifari
Innbyggt 54mbps þráðlaust netkort, Bluetooth, modem, Gigabit netkort,
minniskortalesari, 4xUSB2.0, VGA, Firewire, S/PDIF og TV tengi
Litil og létt - aðeins 2,35 kg



ZEPTO 6615WD
Sú öflugasta

Kynningarverð:
Kr. 199.900,-

15,4" WXGA 1680 x 1050 breiðtjaldsskjár
Intel Core Duo T2500 2,00Ghz örgjörvi
Nvidia Geforce Go 7600 512MB skjá kort
1024MB DDR2 667Mhz vinnsluminni
100Gb 7200rpm SATA harður diskur (Hitachi)
Sony Dual Layer DVD skrifari
Innbyggt 54mbps þráðlaust netkort, Bluetooth, 4x USB2.0, VGA, Firewire,
Infrarautt, 1x S/PDIF, hljóð inn/út, minniskortalesari, Gigabit netkort, TV tengi
(s-video), 56K Modem
Innbyggt vefmyndavél



ZEPTO 2425W
Öflug og skemmtileg

Kynningarverð:
Kr. 169.900,-

15,4" WXGA+ Crystal Clear 1280 x 800 skjár
Intel Core Duo T2400 1,83Ghz örgjörvi
Nvidia Geforce Go 7600 256MB skjá kort
1024MB DDR2 667Mhz vinnsluminni
100Gb 5400rpm SATA Hitachi harður diskur
Sony Dual Layer DVD skrifari
Innbyggt vefmyndavél og fingrafaralesari
Innbyggt 54mbps þráðlaust netkort og Bluetooth, modem, Gigabit netkort,
minniskortalesari, express kortarauf, 4x USB2.0, VGA, Firewire, S/PDIF og TV tengi
9-cell rafhlæða - allt að 3 ¼ klst. ending

ORMSSON

SMÁRALIND · Sími 530 2900 | AKUREYRI · Sími 461 5000 | KEFLAVÍK · Sími 421 1535 | SÍÐUMÚLA 9 · Sími 530 2800

FRÉTTABLAÐIÐ

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000

EKKI BORGA MEIRA!

Samanburðarbíll: 2002 árgerð, 990.000 kr., 1800 vél

	SJÓVÁ	SJÓVÁ-STRAX	VÍS	VÖRÐUR ÍSLANDSTRYGGING	TM	elísabet
Skyldutrygging+Kaskó um 50 þ. kr. sjálfisábyrgð	108.633	95.597	90.583	96.591	89.473	71.820
Upplýsingar um verð fengust af vefsíðum fyrirtækjanna og með tölvupósti frá þjónustufulltrúum þeirra þann 11. 8. 2006						

Rúmlega 36 þúsund króna verðmunur!

Á elisabet.is getur þú reiknað dæmið þitt.

BETRI KJÖR Á BÍLATRYGGINGUM OG BÍLALÁNUM

elísabet

elisabet.is

Vátryggjandi er Tryggingamiðstöðin hf.

Forseti Filippseyja:

Spillingar- ákæru vísað frá

MANILA, AP Tillögu um að kæra forseta Filippseyja fyrir kosningasvik og embættisafglöp hefur verið vísað frá dómsmálanefnd filippseyska þingsins.

Þetta er í annað sinn á einu ári sem tillaga þessa efnis er felld og þykir áfall fyrir andstæðinga forsetans. Tillagan fer þó fyrir þingið, því í vikunni verður tekin afstaða til þess hvort fallist verði á niðurstöðu nefndarinnar.

Andstæðingar forsetans hörmuðu niðurstöðuna, en segjast ekki af baki dottnir því þeir „skuldi þjóðinni“ að berjast gegn flokki forsetans í héraðs- og þingkosningum á næsta ári.

- kóp



MÓTMÆLI Stuðningsmenn stjórnarandstöðunnar mótmæla frávisun kærunnar á hendur Arroyo forseta.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP



LÝSISHÚSIÐ Verið er að rífa húsið.

Deiliskipulag til umfjöllunar:

Hjúkrunarheimili og íbúðir á Lýsisreit

SKIPULAGSMÁL Samkvæmt tillögu að deiliskipulagi mun hjúkrunarheimili og íbúðarhúsnæði rísa á svokölluðum Lýsisreit, sem afmarkast af Grandavegi, Eiðisgranda, Hringbraut og Framnesvegi. Búið er að kynna hagsmunaaðilum tillöguna og athugasemdir sem bærast eru nú til umfjöllunar en málið verður tekið fyrir í skipulagsráði í september.

Nágrannar lóðarinnar þar sem Lýsishúsið var áður hafa kvartað yfir því að grind hússins sem enn

stendur sé slysigldra fyrir börn og unglínga, en nú er búið að girða svæðið af og verið er að vinna á lóðinni.

Að sögn Helgu Bragadóttur skipulagsfulltrúa mun hjúkrunarheimilið hafa níutíu hjúkrunar-rými en Reykjavíkurborg og Sel-tjarnarnesbær koma að verkinu ásamt ríkinu. Í tillögu að deiliskipulagi er gert ráð fyrir fjölbýlishúsi með allt að hundrað íbúðum á sjö til tíu hæðum næst Eiðisgrandanum.

- rsg



STYRKUR AFHENTUR Knútur G. Hauksson, forstjóri Heklu, afhendir Óskari Emi Guð-brandsyni og dóttur hans styrkinn.

Hekla veitir styrk:

**Veita 500.000
króna fjárstyrk**

STYRKUR. Í tilefni opunar nýs sýningarsalar í húsnæði Heklu á Lauga-vegi 172 afhenti Knútur G. Hauksson, forstjóri Heklu, Styrktarfélagi krabbameinssjúkra barna styrk að upphæð 500 þúsund krónur.

Að auki var greint frá því að samtökin muni tryggja sér afnotarétt af Skoda bifreið frá Heklu í heilt ár, ef fulltrúa samtakanna og FÍB tekst að aka hringveginn á honum á aðeins einum olútanki. Lagt verður af stað í sparaksturinn frá aðalstöðvum Frumherja klukkan 11 á mánudagsmorgun og er áætlað að koma í bæinn aftur um hádegi á miðvikudag.

- vör

Ótrúlegt verð á skólavörum

1 kr/pk
aðeins 2 pk.
á mann

$1+1=2$

$\begin{array}{r} 1 \\ +0 \\ \hline 1 \end{array}$

1 kr/stk
aðeins 2 stk.
á mann

$2+2=4$

blý HB 0,5

reglustika glær



Vinsælu Extreme Zombie skólavörurnar



Flottar trölla skólavörur



Mikið úrval af pennaveskjum



Vandaðar skólatöskur í úrvali

Gildir 20. ágúst eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

10.192

SIGURVEGARAR!






Metþátttaka var í Reykjavíkurmaraþoni Glitnis á laugardaginn þegar 10.192 hlupu um götur borgarinnar.



502 starfsmenn Glitnis hlupu til góðs og söfnuðu 21.663.350 kr. til styrktar góðum málefnum.



Frábær þátttaka var í Latabæjarmaraþoninu sem haldið var í fyrsta sinn. 4.416 krakkar hlupu 1,5 km eftir upphitun með Íþróttarálfnum og Söllu stírðu.



Glitnir þakkar öllum hlaupurum fyrir þátttökuna og óskar þeim til hamingju með sigurinn.



M A R A F O N

„ORÐRÉTT“

En ekki öfugt?

„Jónína er sterkari stjórn-
málamaður eftir glímuna
við mig.“GUÐNI ÁGÚSTSSON, VARAFOR-
MADUR FRAMSÓKNARFLOKKSINS,
Á FLOKKSÞINGI FRAMSÓKNAR-
FLOKKSINS UM HELGINA. FRÉTTA-
BLAÐIÐ, 20. ÁGÚST.Myndi endurtaka
leikinn„Ef ég ætti að velja efna-
hagsáhrifin af virkjuninni
eða halda þessu landi myndi
ég velja nákvæmlega það
sama og við gerðum á sínum
tíma.“GEIR H. HAARDE FORSÆTISRÁÐ-
HERRA FÓR Í SKOÐUNARFERÐ UM
VIRKJANASVÆÐI KÁRAHNÚKA
UM HELGINA. FRÉTTABLAÐIÐ, 20.
ÁGÚST.nær og fjær
tilveran

SJÓNARHÓLL

FLEIRI KONUR Í FRÍÐARGÆSLUNA Á SRÍ LANKA

Upplagt mál

„Það á að stuðla að jafnrétti kynjanna þarna eins og annars staðar og mér finnst því upplagt að senda fleiri konur til fríðargæslustarfa á Srí Lanka,“ segir Gísli Hrafn Atlason, sem fer fyrir karlahópi Feministafélags Íslands. „Ég er hrifinn af þessari hugmynd um að „mýkja“ ámynd fríðargæslunnar, því fríðargæslumenn eiga ekki að vera hermenn, heldur eru þetta, eins og nafnið gefur til kynna, gæslumenn fríðar. Starfið snýst ekki endilega um bein átök heldur um allar afleiðingar átakanna líka og það geta verið hlutir sem konur á átaka-svæðum treysta öðrum konum betur

GÍSLI HRAFN ATLASON,
FEMÍNISTI

með, til dæmis nauðganir, sem eru alltaf fylgifiskur stríðsreksturs. Mér finnst ótækt að senda einungis karla út og velja síðan verkefni eftir því. Ég veit varla hvað þetta kallast sem verið er að gera í Afganistan, hvort það eru réttnefndir fríðargæslumenn eða bara hermenn, en ég er ekki hrifinn af þeirri starfsemi. Margar konur hafa áhuga á fríðargæslustörfum, en ekki endilega sem hermenn. Því ætti að vikka starfsvettvanginn sem í boði er og gefa fleiri hjúkrunarfræðingum og félagsfræðingum færi á að fara út, frekar en að senda bara vélvirkja og hermenn.“

HVAÐ ER AÐ FRÉTTA? EDDA BJÖRGVINSDÓTTIR LEIKKONA

Sest á skólabeikk

„Ég er stödd núna í Háskólanum á Bifröst og er í fjarnámi í stjórnun svo ég er eiginlega að búa mig undir að setjast í vetur og takast á við hin ýmsu erfiðu verkefni til þess að ljúka mastersnámi hér eftir kannski eitt og hálf ár,“ segir Edda Björgvinsdóttir leikkona.

„Þetta leggst alveg ofboðslega vel í mig en ég er náttúrulega að drepast úr hræðslu við þetta, það er svo langt síðan ég var í skóla,“ segir Edda og hlær.

„Ég er bara hinn fullkomni sígauni, ég verð alltaf að vera að takast á við einhverja erfiða hluti, annaðhvort um allt land eða um allan heim. Mér finnst bara komið að mér að stjórna meira í heiminum, fyrir utan að ég get vel hugsað mér að stjórna þessum leikhúsum sem við eigum, að þá get ég líka hugsað mér að þjálfja stjórnend-

ur víða í heiminum og svo get ég líka bara hugsað mér að taka við einhverju stöndugu fyrirtæki og stjórna því, einhverju sem maður getur nýst vel, bara svona Eimskip, Samskip, FL Group, þú veist bara þessi fyrirtæki, og Íslandsbanki, Landsbankinn, ég get ekki séð að ég ætti ekki að geta gert það eins og hinir strákarnir,“ segir Edda og hlær.

„Ég er fyrst og fremst leikkona þannig að ég mun aldrei yfirgefa fagið en ég kem bara alveg tvífeld þegar ég kem til baka,“ segir



Edda en hún ætlar að taka sér frí frá leiklistinni í vetur. „Síðustu tvö ár hafa eiginlega farið í það að reka mitt eigið leikhús sem heitir Alveg brilljant skilnaður, ég hef bara rétt stungið inn nefinu í Borgarleikhúsið og Þjóðleikhúsið fyrir utan þetta,“ segir Edda en hún hélt á dögnum lokasýninguna á verkinu á Hellu. „Ég er landsbyggðinni svakalega þakklát fyrir að hafa tekið mér jafn vel og Reykvikingar tóku mér,“ segir Edda að lokum en hún hélt sýningar víða um landið.

Stöðvuðu ökumann fyrir að gleyma konunni í Staðarskála

Lögreglan á Blönduósi er svo ötul við umferðar-
eftirlitið að stundum er
hún nefnd stærsta hraða-
hindrun í heimi. Kristján
Þorbjörnsson yfirlög-
regluþjónn er stoltur af
orðsporinu. Stundum hefur
lögreglan þurft að hafa af-
skipti af ökumönnum fyrir
sakir sem mörgum þættu
spaugilegar.

„Við stöðvum svona um 40 til 50 ökumenn um venjulega helgi,“ segir Kristján Þorbjörnsson, yfirlögregluþjónn á Blönduósi. „En svo um stærri helgar eru




KRISTJÁN ÞORBJÖRNSSON Það reynist fjölmörgum dýrkeypt að fara þjóðveginn frá botni Hrutafjarðar til Vatnsskarðs með þungan bensínfót. Þeir sem ekki þekkja orðspor lögreglunnar á Blönduósi fá að kenna á því. Einnig lætur hún menn ekki komast upp með það að gleyma eigin konum sínum á leiðinni.

FRÉTTABLAÐIÐ/JÓN SIGURDUR

Rýmingarsala
á Hobby hjólhýsum.

Erum að selja sýnishornin með RISA afslætti
400.000-500.000 krónur. Fyrstur kemur fyrstur fær.

Aukahlutapakki að verðmæti 400.000
fylgir flestum húsum



Opnunartími
mán-föst 10.00-18.00
laugardag 13.00-17.00

HOBBYHÚSIÐ

Sími 517 7040 • Dugguvogi 12 • www.hobbyhusid.is NETSALAN EHF.

þeir mun fleiri. Til dæmis stöðvuðum við yfir 170 ökumenn um síðustu verslunarmannahelgi og í 99 prósent tilfella var um að ræða hraðakstur. Annars fer þetta mikið eftir því hversu mikið við getum sinnt þessum. Við gætum verið að taka miklu fleiri ef við hefðum mannskapinn til þess.“ Til samanburðar má geta þess að í næsta umdæmi, Borgarnesi, voru 60 ökumenn stöðvaðir en þar eru þó lögregluþilar færri og meiri áhersla var lögð á fikni-efnaeftirlit sem krefst tímafrekari aðgerða að sögn lögreglu þar.

Umdæmi lögreglunnar nær frá botni Hrutafjarðar til Vatnsskarðs sem er mitt á milli Húnavers og Varmahlíðar og segir Kristján að hann hafi heyrt sögu-sagnir um það að menn hægi á sér á þeim vegarkafli á leið sinni eftir þjóðvegnum af ötta við lögregluna á Blönduósi. En þó fæstir vilji lenda í klóm lögreglunnar fá þeir sjaldan bág fyrir afskipti sín af ökumönnum. „Það eru afar fáir sem taka þessum afskiptum okkar illa. Venjulega kveður fólk okkur og þakkar fyrir. En svo er þannig komið að stór hluti okkar viðskiptavina, ef við getum kallað þá svo, eru útlendingar. Ég myndi segja að þegar mest er sé um helmingur þeirra útlendingar.“ Kristján slær svo á létta strengi þegar hann er spurður að

hugsanlegum skýringum á þessu. „Það er kannski vegna þess að þeir eru þeir einu sem hafa farið varhluta af því orðspori sem fer af lögreglunni á Blönduósi,“ segir hann og brosir við.

En fleira kemur til kasta lögreglumanna á Blönduósi en umferðarlagabrot og stundum krefjast aðstæður þess að þeir geti unnið vel undir álagi. „Lögreglumenn lenda í því að þurfa að taka ákvörðun á einni sekúndu við kritískar aðstæður. Þessi ákvörðun getur verið afdrifarík og lögfræðingar og aðrir geta skoðað hana í bak og fyrir nærri til eilífðarnóns en ákvörðunin og afleiðingar hennar standa. Ég trúi því að þeir sem venjast því að vinna undir álagi vinni best þegar álagið er hvað mest. Svo eru það að sjálfsögðu aðrir sem geta aldrei vanist þessu en þeir leita þá á annan starfsvettvang.“

En einnig þarf lögreglan að aðhafast við aðstæður sem flestum þykja spaugilegar. „Einu sinni þurftum við til dæmis að stöðva ökumann sem hafði gleymt konu sinni í Staðarskála,“ segir hann og brosir við. „Hún hafði sofnað aftur í bílnum, hann stoppaði í Staðarskála og fékk sér hressingu en á meðan vaknaði hún og fór á snyrtunguna en karlinn fór þá af stað í millitíðinni án þess að taka eftir því að konan var ekki lengur aftur í.“

jse@frettabladid.is

MARKAÐURINN

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU ALLA MIÐVIKUDAGA

Sögurnar, tölurnar, fólkið.



AUGLÝSINGASÍMI
550 5000

Hetjurnar með í skólann!



Barbie fyrir pæjuna



Marvell Heroes fyrir gaura og grallara

Opið
til kl. 21.00



Prinsessulínan
fyrir alvöru prinsessur

Pegar þú kaupir skólavörur fyrir **3.000 kr.** eða meira færðu flottan sundpoka í kaupbæti!



SKRIFSTOFUVÖRUR

www.odd.is


Borgartúni 29 • Reykjavík
Opið virka daga kl. 8-18,
mánudag og þriðjudag til kl. 21.00

Höfðabakka 3 • Reykjavík
Opið virka daga kl. 8-18,
mánudag og þriðjudag til kl. 21.00

Glerárgötu 34 • Akureyri
Opið virka daga kl. 8-18,
mánudag og þriðjudag til kl. 21.00

Svona erum við

> Hlutfall stóriðju af raforkusölu



Heimild: Hagstofa Íslands.

baksvið

fréttir og fróðleikur

SPURT OG SVARAÐ

GÆÐI VEGA



ÓLAFUR GUÐMUNDSSON

Vantar vegrið

Niðurstöður úr evrópski gæða- og öryggiskönnun á íslenskum vegum, EuroRAP, voru kynntar í vikunni. Ólafur Guðmundsson er verkefnisstjóri EuroRAP á Íslandi.

Hvernig kom tvöföldun Reykjanessbrautar út? Þetta er fyrsti tvöföldi vegur á Íslandi og efni í hraðbraut eins og við sjáum erlendis, en við kláruðum ekki málið því það vantar vegrið. Ef það væri vegrið milli vegarhelminganna og meðfram veginum hefði vegurinn án efa fengið fjórar stjórnur eða fullt hús stiga.

Hvað var það sem dró vegina niður í einkunn? Fyrst og fremst hátt fall, til dæmis af klettum ef bílar fara út af, og fjandsamlegir hlutir með fram vegum, eins og skurðir. Ef við fylltum upp í skurði og jöfnuðum út grjót og hraunhóla við vegi myndi það strax breyta miklu. Einnig vantar víða vegrið og þar sem þau eru til staðar eru þau of stutt.

FBL-GREINING: PRÓUNARSJÓÐUR SAMEINUÐU ÞJÓÐANNA FYRIR KONUR, UNIFEM

Eykur þekkingu á málefnum kvenna

UNIFEM er þróunarsjóður Sameinuðu þjóðanna fyrir konur. Hann var stofnaður árið 1976 í kjölfar fyrstu heimsráðstefnu SP um málefni kvenna. Sjóðnum var upphaflega ætlað að starfa í þau tíu ár sem kvennaáratugur SP stóð yfir, eða frá 1975 til 1985. Undir lok þessa tímabils var ljóst að sjóðnum hafði með takmörkuðu fjármagni tekist að auka þekkingu og skilning á málefnum kvenna og stuðla að bættum lífskjörum og auknum réttindum þeirra.

Hvað gerir UNIFEM?

Markmið UNIFEM eru þrenn. Að efla efnahagslegt öryggi og réttindi kvenna og gera þeim kleift að tryggja sér öruggt lífsviðurværi. Að efla þátttöku kvenna í stjórnun, pólitískri stefnumótun og ákvarðanatökum, friðarumleitunum og uppbyggingu í kjölfar átaka og stuðla að því að mannréttindi kvenna séu virt og að hvers

konur ofbeldi gegn konum verði ekki liðið. Verkefni sjóðsins eru unnin í Afríku, Asíu og Kyrrahafinu, Suður-Ameríku og Karíbahafseyjum, Mið- og Austur-Evrópu og í fyrrverandi Sovétlýðveldum. Aðalstöðvar UNIFEM eru í New York en starfsfólk, sjálfboda-liðar og velunnar starfa um allan heim.

Hver eru helstu verkefni UNIFEM?

Meðal verkefna UNIFEM er undirbúningur að uppbyggingarstarfi með konum sem hófst strax að loknu falli talibana-stjórnarinnar í Afganistan árið 2002. Fyrsta skrefið var að kanna hverjar væru helstu þarfir og væntingar afganskra kvenna. Til þess að komast að því stóð UNIFEM fyrir tveimur ráðstefnum og stofnaði til

samstarfs við ráðuneyti um málefni kvenna í Afganistan. Einnig er sérstakur Ofbeldissjóður starfræktur á vegum UNIFEM, en markmið hans er að vekja athygli á og útrýma ofbeldi gegn konum í hvaða mynd sem það birtist.



Hver er starfsemi UNIFEM á Íslandi?

UNIFEM á Íslandi er eitt

af sextán landsamtökum UNIFEM. Íslandsdeildin var stofnuð 18. desember 1989, en sama dag árið 1979 var samþykktur alþjóðasamningur um afnám alls misréttis gegn konum. UNIFEM á Íslandi styður og styrkir starfsemi Sameinuðu þjóðanna í baráttunni fyrir jafnrétti og bættari stöðu kvenna víða um heim, sérstaklega á sviði þróunarsamvinnu.

Nágrannaerjur ágerast

Á milli Þýskalands og Póllands eru nán stjórnmalatengsl, löndin eiga í miklum viðskiptum sín á milli og ótal áætlanir eru í gangi sem stuðla að því að rækta vináttu og skilning þjóðanna í millum. En það er ekki að sjá af fyrirsögnum blaða í báðum löndum þessa dagana.

Háttsettir pólskir stjórnmalamenn hafa afbodað heimsóknir yfir landamærin og látið þung orð falla. Deiluefnið er hvernig fjallað er um atburði síðari heimsstyrjaldar, sem enn varpa skugga á samskipti grannþjóðanna. Til efni æsingsins nú er öðru fremur sýningin „Þvingaðar leiðir“ sem opnuð var í Berlín þann 10. ágúst, en að henni standa samtök brottflæmdra Þjóðverja.

En síðan þá hefur farið í kringum síðbúna viðurkenningu þýska Nóbelskaldsins Günters Grass á því að hann hefði í lok síðari heimsstyrjaldar, þá sauðán ára að aldri, þjónað í Waffen-SS-hersveit, bætt gráu ofan á svart. Lech Walesa, fyrrverandi Póllandsforseti og handhafi friðarverðlauna Nóbels, hefur hótad því að skila eigin heiðursborgaratitli

í Gdansk ef Grass skilar ekki sínum.

Grass fæddist í borginni árið 1927, en þá var hún þýsk og hét Danzig. Þekktasta skáldsaga Grass, Blikktromman, gerist að stórum hluta í borginni og höfundinum var veitt heiðursborgar nafnbót í Gdansk fyrir skrif sín og viðleitni til að græða söguleg sár á samskiptum Þjóðverja og Pólverja.

Erika Steinbach, forseti Samtaka brottflæmdra í Þýskalandi sem standa að sýningunni umdeildu í Berlín, blandaði sér í deiluna um Grass með því að leggja til að hann léti allan ágóða af sölu sjálfsvævisögu sinni, *Þegar laukurinn er flysjaður* (Beim Häuten der Zwiebel), renna til fórnarlamba nasista í Póllandi. Í bókinni, sem nú þegar er uppseld í fyrstu prentun þótt hún hafi opinberlega fyrst átt að koma í búið þann 1. september, lýsir Grass því hvernig það bar að að hann gegndi herþjónustu í 10. Waffen-SS skriðdrekahersveitinni „Frundsberg“ á tímabilinu febrúar til apríl 1945.

Viðkvæmni Pólverja fyrir sögu-túlkun

Á umræddri sýningu í Berlín er fjallað um nauðungarflutninga á þjóðum og þjóðarbrotum í Evrópu á tímabilinu 1915-1991, en aðalþókusinn er á brottflæmingu Þjóðverja frá heimkynnum þeirra í þáverandi austurhéruðum Þýskalands og fleiri svæðum í austanverðri álfunni í kjölfar ósigurs Þýskalands nasista árið 1945. Að minnsta kosti þrettán milljónir Þjóðverja þurftu að flýja heimkynni sín á þessum tíma, en meirihluti þeirra kom frá fyrrverandi austurhéruðum Þýskalands sem lentu innan landamæra Póllands eftir stríðið, þar sem landamæri þess voru færð alllangt til vesturs að ákvörðun sigurvefndanna. Margir tundu lífi á flóttanum.

Sumum Pólverjum þykir sem Þjóðverjar séu að reyna að endurskrifa söguna með því að beina



ERIKA STEINBACH Forseti Samtaka brottflæmdra í Þýskalandi við opnun sýningarinnar „Þvingaðar leiðir“ í Berlín fyrir skemmstu.



GÜNTER GRASS

LECH WALESA

sjónum að þjáningum Þjóðverja í stríðinu sem Hitler hóf. Um sex milljónir íbúa fyrirstríðs-Póllands týndu lífi í styrjöldinni, helmingur þeirra gyðingar.

„Ég tel að hér sé um að ræða mjög vandan, mjög sorglegan atburð sem veldur miklum áhyggjum,“ sagði pólski forsætisráðherrann Jaroslaw Kaczynski um sýninguna, án þess að hafa séð hana. Degi síðar aflýsti Kazimierz Marcinkiewicz, sem þar til fyrir skemmstu var forsætisráðherra en er nú starfandi borgarstjóri Varsjár, áformaðri heimsókn til Berlínar í mótmælaskyni við sýninguna, sem hann sagði „beint gegn Póllandi“ og afbaki söguna.

„Þjóðverjum og Pólverjum hefur síðustu daga reynst æ erfiðara að vinna saman í gegnum sameiginlega sögu sína, ef það er ekki orðið alveg ómögulegt til lengri tíma lítið,“ segir í nýlegum leiðara í þýska dagblaðinu Berliner Zeitung. Í leiðaranum er Kaczynski, sem er tvíburabróðir Lech Kaczynski Póllandsforseta, gagnrýndur fyrir að fordæma sýninguna án þess að hafa séð hana. Bent er á að Sögusafnið í Varsjár hafi nokkrum dögum eftir opnun sýningarinnar farið fram á að munum sem það hafði lánað á sýninguna í Berlín yrði skilað. „Þessi undirlægjuháttur við valdið er hneykslanlegur og hliðstæður ekki að finna nema í einræðisríkjum,“ skrifar Berliner Zeitung.

Þjóðernisíhald Kaczynski-bræðra

Stjórnmalaskýrendur í báðum löndum telja að Kaczynski-bræðurnir ali á þessari sundurþykkju, en þeir eru kabólskir og þjóðernissinnaðir íhaldsmenn, og gagnrýndur álíta stefnu þeirra einkennast af þröngsýni og forpokun.

„Póllandsstjórn er auglýsingalega

ad reyna að nota þetta mál til að ala á tortryggni í garð Þjóðverja,“ hefur AP eftir Angelicu Schwall-Düren, þingmanni jafnaðarmanna á þýska Sambandsþinginu sem er formaður þýsk-pólskra félagasamtaka sem vinna að eflingu tengsla milli grannþjóðanna tveggja. Hún segir viðbrögð íhaldsmannanna í pólsku stjórnarforystunni við sýningunni í Berlín vera alveg út úr korti. „Ég hef séð hvernig þessi sýning er uppbyggð, og það er ekkert út á hana að setja.“ Ekki sé reynt að gera fórnarlömb úr þeim sem áttu sök á stríðinu, né öfugt.

Pólitísk móðugargirni

Fyrr í sumar fundu þjóðernissinnuðu íhaldsmennirnir í Póllandsstjórn tilefni til að móðugast heiftarlega er þýska vinstriblaðið die Tageszeitung, sem gefið er út í Berlín, skopaðist með Þýskalandsóbei Kaczynskis Póllandsforseta með því að skrifa að hann hefði ítrekað sagt að það eina sem hann vissi um Þýskaland væri „veggjakrotið á klósettinu á Frankfurt-flugvelli“. Pólsk yfirvöld eru að kanna hvort grundvöllur sé fyrir því að höfða meiyrdamál gegn blaðinu.

Í leiðara í þýska blaðinu die Welt um helgina er lýst áhyggjum yfir því að hin „afturhaldssama Kaczynski-stjórn“ beiti því að vera „stöðugt móðug“ á árasargjarnan hátt ekki aðeins út á við gegn Þjóðverjum heldur einnig inn á við gegn Pólverjum sem sýna vilja til að bæta tengslin við grannþjóðina í vestri. „Hvað úrvinnslu sögunnar varðar standa Pólland og Þýskaland þar núna sem Frakkland og Þýskaland stóðu á sjötta áratugnum,“ slær leiðarahöfundur die Welt föstu, og bætir við: „Þá voru stjórnmalamenn í Bonn og París sem höfðu djörfung til að reyna nýjar leiðir. Nú er þörf á slíkum mönnum í Berlín og Varsjár.“



FRÉTTASKÝRING

AUDUNN ARNÓRSSON
audunn@frettabladid.is

TVÖFALT FYNDNARI! TVÖFALT BETRI!



9. HVER VINNURI!

SENDU SMS JA GBF
Á NÚMERIÐ 1900
ÞÚ GÆTIR UNNIÐ!
VINGINGAR ERU DVD SPILARI,
BÍÓMÍÐAR FYRIR TVÖ, DVD
MYNDIR, VARNINGUR TENGÐUR
MYNDINI OG MARGT FLEIRA




FRUMSÝND 25. ÁGÚST UM LAND ALLT MÆÐ ÍSLENSKU OG ENSKU TALI



JAROSLAW KACZYNSKI Forsætisráðherra Póllands valdi að lýsa vanþóknun sinni á þýsku brottflæmingar-sýningunni er hann heimsótti minniskerkið um dauðabúðir nasista í Stutthof við Eyrstrasaltið í Norður-Póllandi. Hann og tvíburabróðir hans, sem er forseti landsins, eru gagnrýndir fyrir að ala á óvild í garð Þýskalands. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Þetta er tanngarður



Hjá Námsmannapjónustu Sparisjóðsins gerir þú mikið úr litlu. Gott dæmi um það er vegleg námsmannamáltíð á Subway fyrir aðeins 500 kr. auk frábærra annarra tilboða. Fáðu góða aðstoð við fjármálin svo þú getir gert mikið úr litlu. Nánari upplýsingar á www.spar.is eða í næsta sparisjóði. Við hlökkum til að heyra frá þér.

Ef þig langar að koma fólki á óvart með nýju og skemmtilegu útliti er lítið mál að búa til mjög flottar gervitennur úr appelsínuhýði. Enga feimni, fáðu þér skínandi bros!

Gerðu **mikið** úr litlu!



 **SPARISJÓÐURINN**
Námsmannapjónusta

skoðun

SJÓNARMÍÐ
AUDUNN ARNÓRSSON

Íslendingar í friðargæzluverkefnum:

Spurningar vakna um stefnumótun

Í tveimur fjarlægum Asíulöndum, hinu landlukta Afganistan og eyríkinu Srí Lanka, eru að störfum Íslendingar í vandasömum verkefnum. Þeir taka þar þátt í viðleitni alþjóðasamfélagsins til að stuðla að því að græða þau djúpu sár sem langvinn borgarastríð hafa skilið eftir í báðum löndum.

En að slíku verki er ekki hlauðið. Hættur eru margar. Nær daglega berast fréttir af vopnuðum átökum í báðum löndum. Auk „borgaralegra“ fulltrúa sem vinna að þróunaraðstoð, flugumferðarstjórn og ýmsum öðrum verkefnum sem ekki krefjast vopnaburðar, er í Afganistan allfjölmennt herlið frá nokkrum aðildarríkjum Atlantshafsbandalagsins sem reynir að liðsinna þarlendum stjórnvöldum að byggja upp getu til að halda uppi lögum og reglu í landinu. En það er þrautin þyngri þar sem hér- aðahöfðingjar halda uppi eigin vopnuðu liði til að gæta hagsmuna þeirra, meðal annars gegn hinu nýja miðstjórnarvaldi í Kabúl sem nýtur verndar erlenda setuliðsins. Og í suðurhluta landsins halda fylgismenn talibana úti stöðugum skærum gegn afganska stjórnarhernum og NATO-herliðinu.

Friðargæzla er tiltölulega nýtilkominn þáttur í því alþjóðasamstarfi sem við komum nálægt og ræða þarf hvernig kraftar okkar herlausu þjóðar nýtast best.

Á Srí Lanka berast skæruliðar aðskilnaðarsinnaðra tamíla og stjórnarhermenn á banaspjót. Þegar norskum sáttasemjorum tókst að fá stríðandi fylkingar til að samþykka vopnahlé árið 2002 hafði það kostað yfir 65.000 manns lífið.

Á föstudag tilkynnti Valgerður Sverrisdóttir utanríkisráðherra að hún hefði ákveðið að íslenska friðargæslan yrði við beiðni um að fjölga íslenskum fulltrúum í norrænu vopnahlés-efirlitsnefndinni á Srí Lanka, SLMM, upp í allt að tíu manns á næstunni. Hlutverk þessa liðsauka verður að fylla að einhverju leyti í raðir Dana, Svía og Finna sem hafa ákveðið að hætta þátttöku í SLMM í bili eftir að Tamílatigrarnir, skæruliðahreyfing aðskilnaðarsinnaðra tamíla, var sett á lista Evrópusambandsins yfir hryðjuverkasamtök fyrr í sumar, en sú ákvörðun varð Tamílatígrum tilefni til að lýsa því yfir að þeir ábyrgðust ekki öryggi ríkisborgara Evrópusambandslanda í röðum norrænu eftirlitsnefndarinnar. Norðmenn og Íslendingar munu því einir standa vaktina næstu vikurnar, á viðkvæmum tímum þar sem átök milli stríðandi fylkinga hafa stöðugt verið að færast í vöxt. Þó hafa talsmenn beggja fylkinga sagt líta svo á að vopnahléssamkomulagið sé enn í gildi. Og verkefni eftirlitsnefndarinnar hefur aldrei verið eiginleg friðargæzla; hún takmarkast við að halda til haga upplýsingum um meint brot á vopnahléssamningnum af beggja hálfu.

Ákvörðunin um fjölgun Íslendinga í þessum vandasömu verkefnum á viðsjárverðum vettvangi vekur spurningar um það hvort henni liggi til grundvallar einhver ígrunduð stefna af hálfu stjórnvalda. Það er ódilegt að Ísland leggi sitt af mörkum til uppbyggilegs alþjóðasamstarfs af þessu tagi. En þetta er tiltölulega nýtilkominn þáttur í því alþjóðasamstarfi sem við komum nálægt og ræða þarf hvernig kraftar okkar herlausu þjóðar nýtast best í þessu samhengi.

Heitt TILBOÐ
39.900 kr.

Bókaðu strax á www.plusferdir.is

Portúgal
Tyrkland



Portúgal - Gisting á Alagoamar
Tyrkland - Gisting á Club Ilaida

plus
FERDIR

Innifalið: Flug, flugvallarskattar,
gisting í 7 nætur og íslensk fararstjórn.

Plúserdir - Lágmuła 4 - 105 Reykjavík - Sími 535 2100

www.plusferdir.is

FRÁ DEGI TIL DAGS

Allir sigra

Flokksþing Framsóknarflokksins hefur væntanlega ekki farið fram hjá neinum um helgina. Þar var Jón Sigurðsson kjörinn formaður, Guðni Ágústsson varaformaður og Sæunn Stefánsdóttir ritari. Í ræðu sinni sagði Jón Sigurðsson úrslitin á þá lund að enginn hefði tapað, allir hefðu sigrað. Það er kaldhæðni örlaganna að á nákvæmlega sama tíma og Jón sagði þessi orð fór



Reykjavíkumaraþon fram, en eitt einkunnarorða þess er „Allir sigra“. Ætli allir frambjóðendur á flokksþinginu hafi farið heim með skínandi verðlauna-peninga og viðurkenningu þar sem kemur fram að það

skipti ekki máli hver sigrar, aðalatriðið sé að vera með?

Gerir aðra betri

Kosningin um varaformann var jöfn, en að lokum hafði Guðni Ágústsson sigur í baráttunni við Jónínu Bjartmarz. Í ræðu sinni þakkaði hann Jónínu fyrir drengilega baráttu og nefndi að glíman við hann hefði gert hana að betri stjórnmálamanni. Athyglisvert þótti að setningin skyldi ekki vera öfug, það er að glíman við Jónínu hefði gert Guðna að betri stjórnmálamanni. Eða að þau hefðu gert hvort annað að betri stjórnmálamönnum. Það hefði í það minnsta hljómað betur, enda þótti sumum orðalag Guðna bera það með sér að hann væri að tala niður í móti. Kannski það sé bara ekkert pláss fyrir framfarir hjá Guðna?

Atkvæðið eina

Í huga flestra stóð valið um formanninn á milli tveggja, en þó voru þrír í framboði. Sá þriðji var Haukur Haraldsson, athafnamaður með meiru, sem tilkynnti óvænt á dögnum að hann ætlaði að taka þátt í baráttunni um formannsefnið. Kosningabaráttan virðist þó eitthvað hafa farið út um þúfur því þegar öll atkvæði höfðu verið talin var aðeins eitt merkt honum, og hann kaus sjálfur í kosningunum líkt og aðrir flokksmenn. Menn sem voru ekki einu sinni í framboði fengu fleiri atkvæði, en Guðni Ágústsson hlaut þrjú og Jón Kristjánsson tvö. Þó segir Haukur að ekkert hafi klikkað, hann hafi haft mest áhrif þrátt fyrir atkvæðið eina.

salvar@frettabladid.is

Skáldaskagi

Tröllaskagi heitir skaginn á milli Skagafjarðar og Eyjafjarðar. Ég var á róli þar í kring þegar það rann upp fyrir mér að þessi tígu- legi landshluti hefur fóstorað ótrú- lega mörg skáld. Og það engin smáskáld.

Í kjölfarið kom mér hug eilítil ferðatúr sem ferðabjónustumenn norðan heiða gætu komið á laggir: „Skáldaskagi—hringferð í ljóð- um.“ Á ensku: „The Pen-Insula—A Poetical Journey.“

Ferðin umhverfis Tröllaskaga er dagsferð og hefst að sjálfsögðu á Hrauni í Öxnadal, fæðingarstað Jónasar Hallgrímssonar. Hér stíga álfar út úr hölum og fara með frægir línur. „Smávinir fagrir, foldarskart...“ „Fífilbrekka, gróin grund...“ Neðar í dalnum eru Steinsstaðir, hvar Jónas bjó í bernsku. Þar birtist okkur dreng- hnokki innan úr bæ, klæddur í buxur, vesti, brók og skó.

Næst er að á Bægisá. „Tinda fjalla áður alla undir snjá,“ orti Jón á Bægisá til Bjarna Thorarens- sen, amtmanns á Möðruvöllum, kvæði sem Jónas orti reyndar upp síðar. Bjarni orti til Jóns: „Heill sértu mikli / Milton íslenskra!“ Jónas orti að Bjarna látnum: „Skjótt hefur sól brugðið sumri...“ Hér er skáldþing!

Við færum okkur niður í Hörg- árdal. Á Ásgerðarstöðum (nú í eyði) fæddist árið 1785, Rósa Guð- mundsdóttir, Vatnsenda-Rósa, sem orti frægustu hendingar Íslands- sögunnar, okkar fegurstu tjáningu á ástarsorg. Þar sem ferðagestir standa á yfirgrónu bæjarhlaði kemur leikari riðandi í hlutverki elskhugans frá Möðruvöllum og syngur hágrátandi vísurnar sem ortar voru um og til hans: „Augun mín og augun þín, / ó þá fögru steina. / Mitt er þitt og þitt er mitt. / Þú veist hvað ég meina.“ Síðan birtist roskín Rósa undan steini og fer með sníldina sem til varð er þau hittust löngu síðar: „Man ég okkar fyrri fund, / forn þó ástin

Í DAG

SKÁLD
TRÖLLASKAGA



HALLGRÍMUR
HELGASON

Ferðin umhverfis Tröllaskaga er dagsferð og hefst að sjálf- sögðu á Hrauni í Öxnadal, fæð- ingarstað Jónasar Hallgríms- sonar.

réni. / Nú er eins og hundur hund / hitti á töfugreni.“

Á Möðruvöllum sat Bjarni sem fyrr er getið. „Eldgamla Ísafold, / ástkæra fósturmold, / Fjallkonan frið!“ Hér fæddist líka hinn fyrr- um heimsfrægi Jón Sveinsson, Nonni. Sem og Hannes nokkur Hafstein, stórskáld og ráðherra; sá maður sem komist hefur næst því að yrkja eins og Jónas: „Þar sem háir hólar / hálfan dalinn fylla / lék í ljósi sólar / lærði hörpu að stilla / hann sem kveða kunni / kvæðin ljúfu, þýðu...“ Fyrstu tvær línurnar eru eftir JH.

Leiðin liggur út með Eyjafirði, að Fagraskógi. Hér kom í heiminn frægasta skáld tuttugustu aldar. Davíð Stefánsson sló snemma í gegn en varð jafn snemma hallær- islegur talinn og dæmdur úr leik af Reykjavíkurelitunni. Víst er Davíð alltaf ögn sveit á sinn sér- norðlenska hátt en hann er líka stór í sér og senn verður tímabært að endurreisa þetta skáld sem á margar af okkar liprustu línur. Hér þarf því mikla dagskrá. Tenór stendur úti á tröppum og tekur gestum fagnandi: „Þú komst í hlaðið á hvítum hesti.“ Inni í bæ situr „Konan sem kyndir ofninn minn“. Í lundinum stendur ljóska:

„Dinn líkami er fagur / sem laufg- uð björk / en sálin er ægileg / eyði- mörk.“ Og niðri fjöru heill karla- kór sem kyrjar út fjörönn: „Sjá dagar koma“ og „Brennið þið vitar“. Ekkert skáld er meira sungið en Davíð.

Og fá skáld eru vinsælli en það sem rekur ættir til Tjarnar í Svarf- aðardal. Í hlíðinni ofan við bæinn situr Þórarinn Eldjárn í haglega ortum bústað sínum og mælir af munni fram fyrir rímþyrsta far- þega: „Skyldi nú ekki vera vit / að vistast hér í bili / við hrossagauks- ins þýða þyt / og þennan bláa og græna lit / og róa á réttum kili.“

Þá er haldið í gegnum Dalvík og Ólafsfjardargöng, um kaup- staðinn og yfir Lágheiði. Lögun hennar veldur því að á korti er hringvegurinn um Tröllaskaga hjartalaga: Þar er plakatið fyrir túrinn komið. (Því verður Lág- heiðin áfram farin í þessum ferð- um, jafnvel eftir opnun Héðins- fjardarganga.)

Þegar komið er niður í Fljótn er farið hjá eyðibýlinu Lundi sem sagnamaskinan Guðrún er kennd við. Síðan ber fátt við skáldasögu þar til ekið er að bænum Gröf á Höfðaströnd. Úr henni skreidd sálmaskáld í heiminn. „Upp, upp, mín sál / og allt mitt geð.“ Það er ögn drungaleg stemning yfir elsta guðshúsi landsins sem hér stend- ur og kannski við hæfi. Skagfirski tónninn á skáldhörpunni er ögn dimmari en sá eyfirska. „Allt eins og blómstrið eina / upp vex á slétrri grund...“ Hér gefur að líta grund Hallgríms Péturssonar.

Nú liggur leiðin aftur inn á þjóðveg eitt. Dagsferðin endar innst í Blönduhlíð, við bæinn Bólu sem Hjálmar er kenndur við, þó fæddur sé annarstaðar. Hann slær botninn í Skáldaskaga: „Viða til þess vott ég fann, / þó venjist oftast hinu, / að guð á margan gimstein þann / sem glóir í mannsorpinu.“

Fáir landshlutar luma á fleiri gimsteinum en The Pen-Insula.

MARKAÐURINN

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU ALLA MIÐVIKUDAGA

Sögurnar, tölurnar, fólkið.



AUGLÝSINGASÍMI
550 5000

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGAUFÉLAG: 365 RITSTJÓRAR: Kári Jónsson og Þorsteinn Pálsson AÐSTODARRITSTJÓRAR: Jón Kaldal og Steinunn Stefánsdóttir FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Sigríður Björg Tómasdóttir og Trausti Hafliðason FULLTRÚI RITSTJÓRA: Björgvin Guðmundsson RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík AÐALSÍMI: 550 5000 SÍMBRÉF Á FRÉTTAÐEILD: 550 5006 NETFÖNG: ritstjorn@frettabladid.is og auglysingar@frettabladid.is VEFVANG: visir.is UMBROT: 365 PRENTVINNISLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. dreifing@posthusid.is Fréttablaðið er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

ALDIN OG ÚT- SPRUNGNAR RÓSIR

Suðræn stemning í gróðurhúsi í
Seljahverfi

HÚS 2



allt fasteignir

ER ÞÍN EIGN AUGLÝST HÉR? MEST LESNA FASTEIGNABLAÐ LANDSINS

FRÉTTABLAÐIÐ

FASTEIGNASÖLUR

101 Reykjavík	18
Ás	8-10
Árborgir	26
Draumahús	20
Eignastýring	23
Eignaumboðið	17
Fasteignafélag Austurl. 13	
Fast.miðlunin Mjódd	22
Fyrirtækjasala Íslands	30
Hof	15
Hvammur	22
Húseign	11
Íslenskir aðalverktakar	7
Lundur	24
Lyngvík	29
Lögmat	16
Múli	12
Nýtt heimili	13
Saga	27
S.L.I.	26
Stórborg	6

GÓÐAN DAG!

Í dag er mánudagurinn 21.
ágúst, 233. dagur ársins
2006.



Sólarupprás Hádegi Sólarlag

Reykjavík	5.36	13.31	21.23
Akureyri	5.12	13.16	21.17

Heimild: Almanak Háskólans



Smáauglýsingasími
550 5000

Auglýsingasími Allt
550 5880

Þú getur pantað
smáauglýsingar á visir.is



Fasteignasalan Nýtt heimili hefur þetta fallega hús í Skerjafirði til sölu.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Snyrtilegt hús í rólegri götu

Fasteignasalan Nýtt heimili hefur til sölu snyrtilegt
einbýli við rólega götu í Litla-Skerjafirði.

Húsið er snyrtilegt bárujárnsklætt timburhús á steiptum
grunni. Húsið er samtals 132,5 fermetrar og stendur á 449
fermetra lóð í góðri rækt. Stór skjólsæll pallur er fyrir utan
húsið og fallegur garður í suðurátt.

Þegar komið er inn í húsið er rúmgott anddyri með ljós-
um skápum og náttúruflísam á gólfi. Eldhúsið er smekklegt
með ljósri innréttingu, blágrýti á gólfi, eldhúsið er opið inn
í borðstofu þaðan sem útgengt er á pall í garði. Stofan er
notuð sem borðstofa og er gegnheill olúborinn hlynur á
gólfi auk þess sem kamína er í stofunni.

Frá aðalhæð er tréstiigi upp á risloft og niður í kjallara. Á
rishæð er rúmgott alrými og leikherbergi með glugga, olú-
borinn gegnheill hlynur er á gólfum. Hægt er að nýta ris-
loftið betur og innrétta skápa eða hillur undir súð. Í kjallara
eru 3 svefnherbergi, fataherbergi, þvottahús og baðher-
bergi. Sér inngangur er í kjallara og einnig útgengt úr
hjónaherbergi út í garð. Í kjallara er trégólf, steinn og
dúkur á gólfum. Mikið hefur verið endurnýjað í húsinu svo
sem rafmagnslagnir, einangrun, gluggar og klæðning. Þetta
fallega og snyrtilega hús er staðsett í rólegum botlanga í
sjamerandi umhverfi.

Söluverð er 44 milljónir og 900 þúsund krónur.

Þingeyrarflugvöllur tekinn í notkun

Þingeyrarflugvöllur
var tekinn í notkun
síðastiðinn laugardag,
eftir að endurbótum á
honum lauk. Endurbætur
flugvallarins hófust í júní
árið 2005 og var áætlað
að þeim lyki 1. nóvember
á síðasta ár. Þeim
seinkaði hins vegar vegna
óhagstæðra veðurskilyrða
og lauk því nýverið.

Ein forsenda
endurbótanna var að
auka flugöryggi en við
breytingarnar stækkar
flugbrautin úr 950 m
lengd upp í 1.084 m að
lengd og er 30 m að
breidd. Hliðaröryggissvæði
nær nú 40 m út frá miðju
flugbrautar til beggja
hliða. Veðurathugunarkerfi
er í möstrum við
hvorn brautarenda og
brautarhitamælum hefur
verið komið fyrir en þeir
mæla hita á yfirborði brautarinnar.

Þingeyrarflugvöllur mun einnig nýstast sem önnur flugbraut fyrir
Ísafjarðarflugvöll, þar sem flugvélar af gerðinni Fokker koma til
með að geta lent þar og tekið á loft bæði með farþega og frakt.
Verktaki er KNH verktakar en Hönnun hf. á heiðurinn að hönnun
hennar. Þetta kemur fram á vef Vestfirskra fréttu www.bb.is -rve



Þingeyrarflugvöllur fyrir breytingar.



Hér er nýja flugbrautin komin.

MYNDIR/HÖNNUN

Nýtt í mublu



nýbýlavegi 18 | s. 517 2100

Mubla færir þér...
Heim þægindanna
- World of Comfort

Þýski húsgagnaframleiðandinn
W.Schillig hennar og framleiðir
einstaklega falleg og sterk
húsgögn sem uppfylla hæstu
gæðakröfur og svara um leið
þörfum og óskum viðskiptavina.

Um leið og húsgögnin okkar
flytja inn til þín fyllist heimilið af
þægindum og fær nýjan blæ.
Heimur þægindanna færir þér
hamingju.

Framleiðsla fyrirtækisins er
virt um allan heim - og á alls
staðar heima.

Rétt meðferð færir þér fimm
ára ábyrgð.

mubla

Það er yndislegt að sitja úti á fallegu ágústkvöldi. Til þess að koma í veg fyrir kvief og skjálfta er þó gott að hafa gashitara eða þykk teppi með út á svalir eða verönd.



Gæða hús handa þér



Bjálkahús ehf

Hefur skapað sér orð fyrir vönduð hús.

Hús okkar eru byggð til að endast.

Á fjórðahundarð hús hafa verið byggð.

einingahús-bjálkahús-sumarhús

www.husogheimili.is

Komdu við á skrifstofu okkar til að fá nánari upplýsingar
HÚSogheimili - BJÁLKAHÚS EHF / Krókháls 5A, 110 R, s: 511-1818

Stigar & Handrið
eftir þínum óskum
Tré, stál, gler



**INNIHURÐIR
sléttar og fullninga**

Vandaðar hurðir með þéttillustum
Margar viðartegundir og lítalakkað

Sérstærðir eru ekkert vandamál

Fagmenska og ábyrgð eru fyrirrími hjá okkur

Mex - byggingavörur

Sími 567 1300 og 848 3215

www.byggingavorur.com



GLÓFAXI HF

ÁRMÚLA 42 - SÍMI 553 4236

BÍLSKÚRS OG IÐNAÐARHURÐIR

- Hurðir til á lager • Smíðað eftir máli
- Eldvarnarhurðir • Öryggishurðir



Flísar á 50% afslætti.
Mikið úrval af gólfplásum,
tilboð á sturtuklefum.



Lækjargötu 34c • 220 Hafnarfjörð • S:553 4488

NÝTT OG BETRA GRAS!



EKKERT GERVIGRAS!

WWW.GRAS.IS



Sigríður og Gísli una sér vel í gróðurhúsinu ásamt tíkinni Dimmu.

FRÉTTABLAÐIÐ/HRÖNN

Aldin og útsprungnar rósir

Það er suðræn stemning í gróðurhúsinu hjá þeim Gísli Vigfússyni og Sigríði Nielsdóttur í Seljahverfinu því innan um eðalrósir svigna greinar undan ávöxtum og berjum.

„Ræktunin er nú aðallega áhugamál Gísla en ég nýt þess að sitja hér með honum og auðvitað vökva ég stundum og hreinsa til,“ segir Sigríður þegar þau hjón eru heimsott í huggulegt gróðurhúsið. Gísli er ekkert nema hógværðin. „Þetta er nú bara til að hafa gaman af. Við komum þessu húsi upp fyrir þremur árum eða fjórum og settum niður nokkrar plöntur. Síðan sprettur allt af sjálfu sér. Við erum í mestu vandræðum með hindberin þau vaxa svo hratt að við verðum alltaf að vera að tína.“ En hvaðan skyldi áhuginn á ræktuninni sprottinn? „Ætli hann eigi ekki rætur að rekja til þess að við bjuggum um árabíl í Stuttgart í Þýskalandi? Þar tíndum við vínber, epli og þerur af trjámi í garðinum okkar. Hér á landi er auðvelt að rækta vínber í gróðurhúsum. líka kirsuber og hindber. Það er



Vínberjasklasarnir voru tveir í fyrra en sex í ár.



Perutréð skilar uppskeru í fyrsta sinn í ár. Gísli þakkar það býflugunum sem hann varð sér úti um í vor.

aðeins meira haft fyrir perum og eplin láta á sér standa hjá okkur. Sennilega verðum við að hafa karl- og kvenkynstré, þó geta víst sum trén verið tvíkynja og borið ávöxt. Perutré þurfa að vera minnst tvö og af gagnstæðu kyni.

Við erum búin að vera með þau frá upphafi en erum nú að fá uppskeru í fyrsta skipti. Þau þurfa nokkur ár til að róta sig. Síðan varð ég mér úti um hungangsflugur í vor sem eflaust hafa hjálpað til við frjóvgunina – já, Þetta er allt mjög vísindalegt!“ En hvar skyldi Gísli hafa fengið ávaxtrén. Var hann kannski svo forsjáll að taka með sér afleggjara frá Stuttgart? „Nei,“ svarar hann kímunn. „Ég keypti plönturnar bara í gróðrarstöðvum hér á landi.“

Gróðurhúsið stendur norðan í móti og þar nýtur sólar á morgnana og síðdegis. Það er um 10 fermetrar að stærð og plássíð skiptist nokkuð jafnt milli gróðurs og fólks. Þótt það sé ekki tengt íbúðarhúsinu segjast þau hjón oft nota það sem setustofu. „Við njótum þess að vera hér alveg frá því í mars fram í nóvember enda kyndum við smávegis bæði vor og haust. Þannig að glerhúsið lengir sumarið hjá okkur.“

Ekki segjast þau hafa hug á vínframleiðslu þó vel gangi að rækta þrúgurnar. „Þetta er nú svo smátt í sniðum,“ segir Gísli brosandí. „Við fengum tvo klasa í fyrra og sex núna. En ef uppskeran heldur áfram að þrefaldast fáum við átján næst og svo framvegis!“

gun@frettabladid.is



Hindberjaplantan gefur ríkulega af sér.



Að hanna garð án teikningar er eins og að elda flókinn rétt án uppskriftar. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Garðurinn skipulagður frá grunni

Kostnaður við garðhönnun er fljótur að skila sér.

Á vefsíðu Félags skrudgarðyrkjumeistarafélags Íslands er að finna góð ráð sem lúta að umhirdu garða og gróðurs, lista yfir féлага og margs konar fróðleik, til dæmis um mikilvægi lóðahönnunar.

Mikill sparnaður er fölginn í hönnun lóðar áður en lagt er af stað í framkvæmdir. Fjölmargir skrudgarðyrkjumeistarar taka að sér hönnun lóða og hafa til þess reynslu og þekkingu. Hins vegar eru það fyrst og fremst landslagsarkitektar sem hanna lóðir. Kostn-

aður við hönnun skilar sér yfirleitt fljótt í útboðsvinnu og/eða í sparnaði í að vita hvert skal stefnt áður en lagt er af stað.

Að hanna garð án skipulagðrar teikningar er svipað og að elda flókinn rétt án uppskriftar. Ekkert er til að styðjast við nema eigin tilfinning og reynsla. Vissulega getur útkoman orðið mjög góð en því fylgir nokkur óvissa. Til að forðast óhöpp er mönnum ráðlagt að fylgja uppskriftinni, eða teikningunni, nokkuð nákvæmlega þó að persónuleg notkun á kryddi geti reyndar verið af hinu góða.

Útsala á völdum vörum



Mínasta reyrstól með stóru kr. 11.200 nú kr. 8.400
Mínasta reyrstóll með stóru kr. 25.900 nú kr. 25.900



30% afsláttur

Audland sófasett 3+2, Litr, Hvít - Brútt
veit stó kr. 146.900 nú kr. 99.900



30% afsláttur

Audland bogasófi, Litr Hvít - Brútt veit stó kr. 192.500 nú kr. 129.900



15% afsláttur

Reverence dyna Full XL (135x203) veit stó kr. 91.000 nú kr. 89.900



30% afsláttur

Croco reyrstóll veit stó kr. 24.000 nú kr. 17.400

LÍNAN

HÚSGÖGN

SUBURLANDSBRÁUT 22 • SÍMI 553 7100 • www.linan.is

TEMPUR HEILSUVÖRUR



TILBOÐ
9.926,-
7.700,-



ORIGINAL HEILSUKODDI 61CM
-15% VERÐ KR. 8.075,-



MILLENIUM HEILSUKODDI 64CM
-15% VERÐ KR. 7.990,-



CLASSIC HEILSUKODDI 55CM
-15% VERÐ KR. 7.565,-



COMFORT HEILSUKODDI 70CM
-15% VERÐ KR. 7.820,-

www.linan.is ©2006



Faxafeni 5 • Reykjavík • Sími 588 8477 • betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is
Opíð virka daga frá kl. 10-18
Lokað á laugardögum í júní og júlí



GLUGGI TIL FRAMTÍÐAR ...

ENGIN MÁLNINGAVINNA

HVORKI FÚÍ NÉ RYÐ

FRÁBÆR HITA OG HLIÐEINANGRUN

FALLEGT ÚTLIT

MARGIR OPNUNARMÖGULEIKAR

ÖRUGG VIND- OG VATNSPÉTTING

PGV ehf. sérhæfir sig í smíði glugga, hurða, sólstofa og svalalokanna úr PVC-u

Öllum framleiðsluvörum PGV fylgir 10 ára ábyrgð

Gluggarnir eru viðhaldsfrír og á sambærilegum verðum og gluggar sem stöðugt þarfnast viðhalds

PGV ehf. | Bæjarhrauni 6 | 220 Hafnafjörður | Sími: 564 6080 | Fax: 564 6081 | www.pgv.is

Húsbyggjendur * Verktakar * Hönnuðir



Efni rannsakað hjá Rannsóknarstofnun byggingariðnaðarins rannsókn nr H85/216 Type A og Type B

Fæst hjá byggingavöruslunum um land allt.

KISÍLL Smiðjuvegur 4a • Sími 551 5960

SMÁAUGLÝSINGAR FRÉTTABLAÐSINS

Stórmarkaður í stofunni heima

PÖNTUNARSÍMI 550 5000 EÐA Á VISIR.IS



Guðmundur Óli Scheving
SKRIFAR UM MEINDÝR OG MEINDÝRAVARNIR

Maðurinn er hýsill fyrir... lýs, flær og maura - seinni hluti

Ein þekktasta flóin sem er á ferðinni í dag á Íslandi er staraflóin (ceratophyllus gallinae) sem fer á stjá þegar fuglar eru farnir úr hreiðrinu og stundum geta liðið allt að tvö ár þangað til hún fer af stað. (Fjallað var um starann og flóna í pistli í Fréttablaðinu mánudaginn 1. maí 2006).

Maríuerla, skógarþröstur og fleiri fuglar bera með sér flær.

Mítlar sem lifa á fuglum, eins og t.d. lundalús og aðrar fuglaflær, hafa fundist á hundum og köttum og geta dýrin geta borið þessa óværu inn í híbýli manna. Á vorin og fram eftir sumri eru kettir og hundar iðnir við að bera nagdýra- og fuglaflær inn í hús, en flærnar berast auðveldlega með dýrunum. Þar fara flærnar á flakk og finnast oft í rúmum, gardinum og fatnaði. Nagdýra- og fuglaflær lifa á blóði manna og gæludýra og geta lifað vikum saman innanhúss.

Bókalús (atropis pulsatoria), skæðalús (lepinotus inquilinus) og ryklús (troctes divinatorius) Bókalús (corrodentia) teljast til ryklúsa (psocoptera). Þetta er ættbálkur mjög lítilla skordýra og eru með minnstu skordýrum sem lifa hér á landi. Þær hafa bitmunn og langa fálmara og eru vængjalausar eða með óþroskaða vængi. Þær þrífast vel í miklum raka.

Bókalús skiptast í: Bókalús, skæðalús, og ryklús eða svokallaða parketlús. Þær eru mjög ólíkar í útliti og ætti fólk að taka sýni þegar þessi dýr koma í heimsókn og fara með á Náttúrufræðistofnun til greiningar. Oftast er raki vandamálið og hafa til dæmis komið upp tilfelli í nýjum húsum þegar gólfefni er lagt áður en plata og veggir hafa þornað nægjanlega. Hægt er að losna við þessi dýr með góðri loftræstingu. Fáíð ykkur rakamæli og komið jafnvægi á raka-stig í íbúðum, þá hverfa þessi dýr.

Hryggleysingjar Það eru líka til hryggleysingar sem erta, bita eða stinga fólk. Í þessum hópi má nefna lírfu fuglablódagaða sem þroskast í vatni og eru ýmsir andfuglar hýslar hennar en hún ruglast oft á fuglsskinni og manns-hörundi. Bit hennar veldur kláðabólum hjá fólk. Erlendis er þetta þekkt fyrirbæri og er kallað sundmanna-kláði. Fólk ætti að varast aðstæður eins og t.d. náttúrulegar útilaugar og sundstaði þar sem ekki er reglulega hreinsað og klórað. Ýmsar mítlategundir sem tilheyrja hópi hryggleysingja erta, stinga og bita fólk.

Gæludýr Í gæludýrabúðum er hægt að fá sérstakar sápur til að þrifa gæludýr. Muna þarf eftir því að sama lyf hentar ekki öllum dýrategundum. Rottumaur eða svokallaður hitabeltis-rottumaur getur borist til okkar með

ýmsum gæludýrum og eru stökkmýs gott dæmi um það. Ungur eigandi stökkmúsar á Íslandi varð fyrir þeirri óskemmtilegu lífsreynslu fyrir nokkrum árum að fá á sig rottumaur af stökkmús en maurinn kom sér fyrir í rúmi hans, fjölgaði sér snarlega og saug úr honum blóð. Ef skipt er reglulega um efni í botni búra og hreiðurgerðarefni má minnka líkur á að óværa komist á dýr í búrum. Það þarf að hafa vakandi auga með gæludýrunum okkar því þeim líður illa ef flær og maurar og lýs herja á þau.

Viðvörðunarröð Þegar fólk þarf að fá til sín meindýraeyði eða garðúðara þá skal alltaf óska eftir að fá að sjá starfskírteini útgefið af Umhverfisstofnun og eiturefnaleysi gefið út af lögreglustjóra/sýslumanni og það mikilvægasta er að viðkomandi hafi starfsleyfi frá viðkomandi sveitarfélagi. Athugaðu hvort öll skirteini séu í gildi. Félagar í Félagi meindýraeyða eru með félagskírteini á sér. Fáðu alltaf nótu vegna viðskiptanna.

Réttindi meindýraeyða og garðúðara frá erlendum ríkjum og félagsamtökum gilda ekki á Íslandi.

Heimildir: Upplýsingar og fróðleikur um meindýr og varnir 2004
Þóddur, Rít Landverndar nr. 9 1989
Stóra skordýrabók fjölva 1974
Meindýr í húsum og gróðri 1944

Lesendum Fréttablaðsins er velkomið að senda fyrirspurn á netfangið guðmunduroli@simnet.is.

Sleði undir vínið

GAMLIR HLUTIR GETA GENGIÐ Í ENDURNYJUN LÍFDAGA

Allir unnendur góðra vína ættu að eiga vínrekka á heimilinu. Vínið geymast betur enda þómar tappinn ekki ef flöskurnar liggja á hlið. Útlit vínrekka getur verið æði fjölbreytt og hönnun þeirra allt frá einföldum vidarrekum frá Ikea til nýstárlegra ál og plastrekka frá heimsfrægum hönnuðum.

Á veitingastaðnum Pottinum og pönnunni hangir æði fallegur og óvenjulegur vínrekki á vegg. Sá er búinn til úr gömlum sleða sem fengið hefur nýtt hlutverk eins og sjá má á myndinni.

Vínrekki úr gömlum sleða sem hangir á veitingastaðnum Pottinum og pönnunni.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



Málningarbakka haldið hreinum

Á VEF HÚSASMÍÐJUNNAR ERU RÁÐ SEM GOTT ER AÐ HAFA Í HUGA VIÐ MÁLUN.

Byrjið að setja álpappír í málningabakkann eða sambærilegt ílát og gangið vel frá honum svo hann hreyfist ekki til þegar verið er að mála. Stundum er gott að nota tvö lög af pappír svo málningin smjúgi ekki í gegn. Þegar bakkinn hefur verið notaður er auðvelt verk að losa pappírinn af bakkannum, brjóta hann saman og henda. Hafi málning komist í bakkann borgar sig að skola hann með heitu vatni eða nota á hann þess til gerðan hreinsivökva til að ná málningunni burt. Nánar á www.husasmidjan.is



BYLTING Í SVEFNLAUSNUM

BETRI HVÍLD, DÝPRI SVEFN OG MEIRI VELLÍÐAN.

Rúmgott er leiðandi í þróun og framleiðslu á heilsudýnum og rúmbotnum undir vörumerkinu EZ-sleep á Íslandi. Við höfum yfir að ráða fullkomnum tækjabúnaði til að mæla þrýstijöfnun á líkama hvers einstaklings sem gerir okkur kleift að framleiða svæðaskiptar heilsudýnur sniðnar að viðkomandi.



20-65%
AFSLÁTTUR

FRÍ LEGUGREINING
OG FAGLEG RÁÐGJÖF



55
ÁRA



Verslunin Rúmgott · Smiðjuvegi 2 · Kópavogi · Sími 544 2121
Opið virka daga frá kl. 10-18 - laugardaga kl. 11-16

Húsgagnavinnustofa RH

www.rumgott.is

Viltu sofa í rúmi Parisar Hilton?

Hvern hefur ekki dreymt um að eiga stól úr Leiðarljósi, nú eða míkrafón úr American Idol, svo ekki sé minnst á rúmið hennar Parisar Hilton? Þessir eitt sinn fjarlægðu draumar eru nú innan seilingar á aðgengilegasta stað veraldar, internetinu.



Hægt verður að nálgast myndir af öllum húsgögnum á www.starstyle.com innan tíðar.

Óskar eftir starfsfólki í sal, í kvöld og helgarvinnu. Einnig virka daga frá 10-15. Uppl. á staðnum eða í s. 696 8397. Brynja.

Grillhúsið Tryggvagötu
Óskar eftir aðstoðarmanni í eldhús í kvöld og helgarvinnu, og einnig í fullt starf. Unnið er á vöktum. Uppl. á staðnum og í s. 697 8888 Örn.

Óskum eftir röskum, áreiðanlegum starfsmanni til afgreiðslu & lagerstarfa í verkfæraverslun. Uppl. í síma 897 5080.

Ísl hjón á Englandi óska e barngóðri stúlku, eldri en 18, t a gæta 8 man drengs. Uppl. lapsurg@blueyonder.co.uk

Góður og duglegur starfskraftur óskast í skólalötuneyti að afgreiðslu nemendur. Vinnutími 8-16, góð laun í boði. Uppl. í s. 691 5976.

Blómastofan Eidiðstorgi
starfsfólk óskast. Uppl. í s. 561 1222.

Starfsmaður óskast í bilasmiðu, fjölbreytt og skemmtilegt starf. Allar nánari upplýsingar gefur Kalli í síma 698 7270.

Kr. 5.000 - 12.000 í laun pr. kvöld.

Rótgrófið markaðsfyrirtæki óskar eftir fólk á aldrinum 20 - 60+ til að vinna við úthringingar 2-5 kvöld vikunnar. Fyrirtækið þjónustar mörg af stærstu félagsamtökum í landinu og fer starfið fram frá skrifstofu okkar sem staðsett er í Reykjavík. Engin reynsla áskilin. Upplýsingar eru veittar í síma 699 0005 milli kl. 14-21 daglega.

Kokk vantar á veitingarstaðinn Hafíð Bláa. Frekari uppl. í s. 892 0367.

Starfsmenn óskast!! Helst vanir pappalögnum. Uppl. í síma 8964947

Árbæjarbakari.
Starfskraftur óskast í afgreiðslu virka daga 13-18.30. Einnig vantar helgarfólk. Uppl. í síma 869 0414.

Verslunin Tiger
Starfskraftur óskast í verslun okkar í Smáralind. Framtíðarstarf á skemmtilegum vinnustað. Upplýsingar í síma 660 8211.

Nornabúðin. Dugleg kona eða karl óskast í afgreiðslu, þrif og snúninga. Áhugafólk, sendið tölvupóst á nornabudin@nornabudin.is

Aðstoðamanneskja óskast á hársnyrtstofu. Aldur eða menntun engin fyrirstaða. Áhugasamir hringi í síma 697 3512.

Óskum eftir mönnum í hellulagnir og lóðafrágang. Uppl. í síma 863 0208 eða Hellur@visir.is

Grillhúsið Tryggvagötu óskar eftir aðstoðarmanni í eldhús í kvöld og helgarvinnu. Einnig í fullt starf. Unnið er á vöktum. Uppl. á staðnum og í s. 697 8888 Örn.

Grillhúsið Tryggvagötu
Óskar eftir starfsfólki í sal, í kvöld og helgarvinnu. Einnig virka daga frá 10-15. Uppl. á staðnum eða í s. 696 8397. Brynja.

Ræstingar
Vantar starfsfólk í 100% starf við ræstingar. Á daginn og aðra hvora helgi. Ráðið verður strax í störf. Upplýsingar í síma 824 1450 milli 9-18 á daginn.

Bakarið Kornid
Afgreiðslufólk óskast. Vinnutími frá 13-18. Hentar fólk á öllum aldri. Góð laun í boði. Upplýsingar í síma 864 1585, Dagbjartur eða á kornid.is

Húsasmiðir óskast strax. Upplýsingar í síma 892 2221.

Meðferðarheimilið í Krýsvík. Meðferðarheimilið í Krýsvík óskar eftir að ráða áfengis og vímuefnaráðgjafa til starfa. Áhugasamir hafi samband á netfanginu: lovisa1@simnet.is

Smiðir óskast. Vegna mikillar vinnu framundan óskast smiðir til framtíðarstarfa. Upplýsingar gefur Hilmar í síma 898 2091.

Starfskraftur óskast við heimilisþrif einu sinni í viku, almenn þrif s.s. skúra, strauja, skipta á rúmunum o.fl., verður að hafa meðmæli. Uppl. í s. 845 1300.

Útkeyrslustarf!
Framleiðslufyrirtæki í Kópavogi óskar eftir starfsmanni til útkeyrslustarfa. Vinnutími 8-12. Uppl. í s. 588 4455.

Kaffi Hafnarborg
auglýsir eftir vönum pizzabakara og fólk í sal. Áhugasamir hafi samband við Guðfinnu í s. 534 2100.

Lagerstarf
TB Heildsala óskar eftir starfsmanni á lager og í útkeyrslu. Uppl. og ferilskrá sendist á tb@leikbaer.is eða í s. 865 8289 milli kl. 9-16 virka daga.

Mötuneyti
Starfskraft vantar í mötuneyti Menntaskólans í Kópavogi í 50% starf. Uppl. í s. 896 3851.

Barngóð amma óskast til að líta eftir eins árs syni okkar virka daga milli kl. 8-14. Búum í 101. Uppl. í síma 6643045 og 6643125.

JC Mokstur
Óskum eftir mönnum með vinnuvélaréttindi. Góð laun í boði, næg vinna. Uppl. í s. 693 2607.

Húsasmiðir óskast í fjölbreytta smíðavinnu. Uppl. í síma 861-1811.

Vantar múrara eða menn vana múrverki Uppl. í síma 698 8370.

Gistiheimilið Sunna, Þórsgrata 26, Rvk. óskar eftir þernu frá 1.sept. Við leitum að samvirkusamri og duglegri konu sem getur unnið sjálfstætt. Ekki vaktavinna. Íslensku kunnáttu er ekki skilyrði. Góð laun í boði. Upplýsingar í síma 846 4930 og lovisa@sunna.is

Meiraprófsbílstjórar
Vantar góða farþegaflutningamenn. Upplýsingar í s. 822 9944, Gullí.

Vantar starfsfólk í ræstingar, á kvöldin og um helgar, sveigjanlegur vinnutími. Uppl. í s. 899 6016.

Atvinna óskast



Af hverju að auglýsa þegar að við getum fundið rétta fólkíð fyrir þig ?

Traust fyrirtæki með reyndum, færum og áreiðanlegum steyppumönnum, smíðum, járnbindingarmönnum, kranamönnum, rafvirkjum, færir verkamenn og fleira. frá Bretlandi. Tekur aðeins 2 vikur að fá þá til landsins. Hringið í s. 897 8978. Upplýsingar í síma 533 3777. Meðmæli frá viðskiptavinum fánæg.

Íspólska ráðningarpjónustan, núna í vinnuferð í Póllandi, býður pólska starfsmenn. Uppl. s. 0048 669587238 og ispolska@simnet.is

Útvegum starfsfólk frá Póllandi í flestar starfsgreinar. Uppl. í síma 864 7887.

Vanur háseti óskar eftir góðu skipsplássi. Uppl. í s. 849 4528.

Kona óskar eftir vinnu. Uppl. í s. 865 1925.

Viðskiptataækifæri

Splunkunýtt viðskiptatækifæri
www.splunkunytt.com Kíktu á mig!

TILKYNNINGAR

Ýmislegt

Engar skuldir - Hæri tekjur
Skoðuðu Magnad.com og lærðu að skapa þér þær tekjur sem þú vilt - heima hjá þér!

Einkamál

Spennandi þjónustur í símanum þínum!

Bókasafnið
905-2333
515-8888
515-8800

Stefnumót
905-2323

Topp 10 kvöldþögur
905-2266

G-línan
905-5656

905-2580

SPYLA ÁP GÖMU SAMRÁÐIÐ

TANTRA

ERÓTISK VERSLUN

LANDSINS MESTA ÚRVAL AF VHS, DVD OG LEIKFÓNGUM FYRIR FULLORÐNA

OPÍD MÁN - FÓS 12.00 - 20.00

OG LAUGARD, 12.00 - 18.00

FÁKAFENI 11

HLÉDASMÁRA 13

SÍMI 588 6969 / 587 6969

WWW.TANTRA.IS

Símaspjall 908 2444.
Símaspjall 908 2444. Eg er spennandi, ég er Klara. Ásamt fleiri stelpum sem langar að vera vinkona þín í kvöld. Opíð allan sólahringinn.

908 2444 eða 908 2000
Hæ ég er Eva. Eg vil vera vinkona þín í kvöld og nótt. Komdu og leiktu við mig í ljúfu símaspjalli.

Ert þú karlaður? Viltu láta dekra við þig? Hafðu samband í síma 869 6914.

Til sölu er Skoda Octavia turbo árg. '02 ekinn 69.000 km, mjög vel með farinn og lítið keyrður. 15" álfelgur sumardeck vetrardekk án felgna, spoiler, cd, a/c, rafmagn í rúðum, samlæsing á lykli. Tilboð óskast. Sími 869 9394.

908 2444 eða 908 2000
Hæ ég er Eva. Eg vil vera vinkona þín í kvöld og nótt. Komdu og leiktu við mig í ljúfu símaspjalli.

Atvinna óskast

Smáauglýsing óskar eftir tímabundnu starfi við auglýsingar. Mikil reynsla og góð meðmæli. Uppl. í síma. 550 5000

FRÉTTABLAÐIÐ

- smáauglýsingar sem allir sjá

Til hvers að vera í sumarfrí þegar það er miklu meira gaman í vinnunni...

Zúper mætir aftur mánudaginn 21. ágúst kl. 07.00.

FM957

www.minnirkus.is

TILKYNNINGAR

Langar þig í kvennakór?

Kvennakór Reykjavíkur og Senjorítur
geta bætt við sig félögum í allar raddir. Senjorítur er sérstakur kór fyrir eldri konur.

Kórskóli er starfræktur innan Kvennakórs Reykjavíkur.

Vetrarstarfið hefst í september.

Skemmtilegur félagsskapur fyrir söngelskar konur.

Nánari upplýsingar veittar í síma 896-6468.

Kvennakór Reykjavíkur

Vinna með námi hjá **Hive**

Hive vantar gott fólk í úthringiver sitt.

Við erum að hringja milli kl. 18:00 og 22:00 og starfsmenn vinna að meðaltali 2-4 daga í viku. Þetta er tilvalin vinna með námi og frábærir tekjumöguleikar í boði.

Áhugasamir sendi póst með helstu upplýsingum um sig á soluver@hive.is.

Hive



BM ráðgjöf
www.bm.is
Kvöldvinna
Akureyri, Reykjavík og Reykjanesbær.
Vantar starfsfólk 16 ára og eldra til starfa milli kl. 17-22 við fjölbreytt verkefni á sviði inn og úthringiþjónustu.
Góð laun í boði.
Sendið okkur umsókn á bm@bm.is, petur@bm.is eða upplýsingar í síma 590-8000/822-5057

Neglur & List

Naglaskóli La Fame
Námskeið hefjast 4. Sept. Kennt 1x í viku, í 10 vikur. Verð 149.000.- Skráning á:
negluroglist.is eða í S. 553 4420

A. Þ. Þríf

Framsækið fyrirtæki sem sérhæfir sig í þrífum á nýbyggingum óskar eftir starfsmönnum í fullt starf vegna mikilla umsvifa. Góð laun í boði fyrir réttan aðila. Umsækjendur þurfa að vera 20 ára eða eldri.
Upplýsingar gefur Steini í síma 821-9908.

allt tíska

Alla fimmtudaga



Kópavogsbær

Auglýsing um afgreiðslu bæjarráðs og bæjarstjórnar Kópavogs á auglýstum tillögum að deiliskipulagi.

Í samræmi við 1. mgr. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, er hér með auglýst afgreiðsla bæjarráðs og bæjarstjórnar Kópavogs á eftirfarandi deiliskipulagstillögum:

Dalsmári 7. Kópavogsvöllur. Deiliskipulag.
Bæjarráð Kópavogs samþykkti þann 18. maí 2006 tillögu að breyttu deiliskipulagi Dalsmára 7. Í tillögunni felst að gert er ráð fyrir 12-1500 manna áhorfendastúku vesta Kópavogsvallar. Hámarkshæð (miðað við kjallarahæð) er áætluð 15 metrar, breidd allt að 20 metrar og lengd allt að 90 metrar. Í kjallara er gert ráð fyrir búningaklefum og á 2. hæð veitingasal. Tillagan var auglýst í samræmi við skipulags- og byggingarlög frá 28. mars til 2. maí 2006 með athugasemdafresti til 16. maí 2006. Engar athugasemdir og ábendingar bárust. Tillagan var lögð fram að nýju og samþykkt í skipulagsnefnd 16. maí 2006 og í bæjarráði 18. maí 2006. Skipulagsstofnun hefur yfirfarið málgögnin og gerði ekki athugasemd við að birt yrði auglýsing um samþykkt deiliskipulagsins sbr. ofangreind lög. Auglýsing um gildistöku deiliskipulagsins birtist í B-deild Stjórnartíðinda 21. ágúst 2006.

Vallakór 2-6. Verslunar- og þjónustumiðstöð. Breytt deiliskipulag.
Bæjarstjórn Kópavogs samþykkti þann 27. júní 2006 tillögu að breyttu deiliskipulagi fyrir lóðirnar Vallakór 2-6. Í breytingunni felst að lóðunum nr. 2, 4 og 6 er breytt í tvær lóðir, Vallakór 2 og 4. Á lóð nr. 2 (suður hluti deiliskipulagsvæðisins) er deiliskipulagi frestað

en á lóð nr. 4 er gert ráð fyrir einu verslunar- og þjónustuhúsi á 1-5 hæðum. Flatarmál fyrirhugaðs verslunar- og þjónustuhúss er áætlað allt að 9.000 m² og miðað er við 1 stæði á hverja 35 m² í húsnæði. Á lóðinni er gert ráð fyrir bílgeymslu að mestu neðanjarðar. Lóð undir spennistöð (við Þingmannaleið) er færð til. Enn fremur er svæði fyrir hverfisgáma fært til innan lóðar. Tillagan var auglýst í samræmi skipulags- og byggingarlög frá 10. apríl til 15. maí 2006 með athugasemdafresti til 29. maí 2006. Athugasemd barst. Tillagan var lögð fram að nýju í skipulagsnefnd 20. júní 2006 ásamt framkominni athugasemd og umsögn bæjarskipulags. Er umsögnin dags. 13. júní 2006. Skipulagsnefnd samþykkti framlagða tillögu óbreytta og vísaði tillögunni til afgreiðslu bæjarráðs og bæjarstjórnar. Tillagan var lögð fram að nýju í bæjarstjórn og samþykkt 27. júní 2006 eins og að ofan greinir. Skipulagsstofnun hefur yfirfarið málgögnin og gerði ekki athugasemd við að birt yrði auglýsing um samþykkt deiliskipulagsins sbr. ofangreind lög. Auglýsing um gildistöku deiliskipulagsins birtist í B-deild Stjórnartíðinda 21. ágúst 2006.

Nánari upplýsingar eða gögn um ofangreindar deiliskipulagsáætlanir og afgreiðslur þeirra er hægt að nálgast á Bæjarskipulagi Kópavogs, Fannborg 6, 200 Kópavogi, milli kl. 8:00 og 16:00 mánudaga til fimmtudaga og á föstudögum frá 8:00 til 14:00.

Skipulagsstjóri Kópavogs.



Innritun í fimleika fyrir veturinn 2006/7

FIMLEIKADEILD GRÓTTU verður með innritun fyrir veturinn 2006/7 í Íþróttahúsi Gróttu dagana 22., 23. og 24. ágúst milli klukkan 14:00-18:00, einnig er hægt að innrita á netinu www.grottasport.is og senda innritunarblaðið á netfangið grotta@grottasport.is. Við viljum minna eldri nemendur á að staðfesta innritun sína sem fyrst. Grótta býður upp á stúlkna- og drengjafimleika, byrjenda-, framhaldshópa í tromp og áhaldafimleikum.

Fimleikadeild Gróttu

GRINDAVÍKURBÆR

ÚTBOÐ

Grindavíkurbær óskar hér með eftir tilboðum í verkið: „**Norðurhóp – Hópsbraut. Gatnagerð og lagnir**“.

Verkið felst í jarðvegsskiptum og lagningu fráveitulagna og niðurfalla í götum og bílastæðum, neysluvatnslagna, hitaveitulagna, símalagna rafstregja, ídráttarröra, uppsetningu ljósastaura og yfirborðrágang.

Helstu magntölur og stærðir eru eftirfarandi:

Uppúrtekt	6300 m ³
Fyllingar	33700 m ³
Malbikun	16160 m ²
Hitaveitulagnir	1525 m
Raflagnir	6180 m
Símalagnir	10800 m
Fráveitulagnir	1339 m
Vatnslagnir	3210 m

1. áfanga skal vera lokið **15. nóember 2006**
2. áfanga skal vera lokið **15. febrúar 2007**
3. áfanga skal vera lokið **1. júlí 2007**

Útboðsgögn verða afhent á Verkfræðistofu Suðurnesja að Víkurbraut 13 í Reykjanesbæ og á Bæjar- skrifstofum Grindavíkur að Víkurbraut 62 í Grindavík frá og með mánudeginum 21. ágúst n.k.

Tilboð skulu hafa borist til skrifstofu Grindavíkur- bæjar, Víkurbraut 62, Grindavík, eigi síðar en þriðjudaginn 5. september 2006 kl. 11:00 og verða þau þá opnuð þar í viðurvist þeirra bjóðenda sem viðstaddir verða.

Bæjarverkfræðingur Grindavíkurbæjar

Hugmyndaríkar konur ...
... athugið!

Impra – nýsköpunarmiðstöð heldur námskeiðið

Brautargengi

fyrir konur sem vilja hrinda viðskiptahugmynd í framkvæmd og hefja eigin atvinnurekstur.

Markmið námskeiðsins er að þátttakendur:

- skrifi viðskiptaáætlun
- kynnist grundvallaratriðum stofnunar fyrirtækis
- öðlist hagnýta þekkingu á þeim þáttum sem koma að fyrirtækjarekstri, s.s. stefnumótun, markaðsmálum, fjármálum og stjórnun.

Námskeiðið byggist upp á fyrirlestrum, verkefnavinnu og persónulegri handleiðslu.

Námskeiðið verður haldið á eftirfarandi stöðum: Reykjavík, Akureyri, Vík og Hólmavík.

Tímabil: **Kennt er einu sinni í viku, frá september fram í desember 2006.**

Nánari upplýsingar og skráning eru á vefsíðu Impra, www.impra.is, eða í síma **570 7267** og **460 7974** (landsbyggðin).

Skráningu lýkur **31. ágúst** n.k. Takmarkaður fjöldi.

Brautargengi er styrkt af sveitarfélögum



BRAUTARGENGI



impra nýsköpunarmiðstöð
Iðntæknistofnun



MEINTASKÓLINN Í REYKJAVÍK

Elsta hús og jafnframt aðalbygging Menntaskólans í Reykjavík var vígð árið 1846 og á því 160 ára afmæli á þessu ári en arkitektinn var danskur eins og reyndin var með flestallar byggingar á Íslandi á þessum tíma. Á þeim tíma var byggingin stærsta hús landsins en húsið er 1524 fermetrar. Ráðist var í byggingu hússins þegar ákveðið var að flytja Bessastaðaskóla til Reykjavíkur af því að húsnæðið þar hélt hvorki vatni né vindi. Fram til 1904 nefndist skólinn Reykjavíkur lærdi skóli en var oftast nefndur Reykjavíkur-skóli, Lærði skólinn eða Latínuskólinn. Skólinn hefur heitið Menntaskólinn í Reykjavík frá árinu 1937 en þessi elsta bygging skólans er yfirleitt kölluð gamli skóli í daglegu tali nemenda. (Heimild: Wikipedia)



DRAUMAHÚSIÐ MITT HERMANN GUNNARSSON DAGSKRÁRGERÐARMAÐUR

Verð að vera í tengslum við náttúruna


„Ég væri til í að eiga hús eins og systir mín á í Danmörku. Það er virkilegt draumahús,“ segir Hermann eða Hemmi Gunn eins og við þekkjum hann flest. „Húsið er í gróðursælu og notalegu einbýlishúsahverfi og er 220 fermetrar á tveimur hnæðum. Það finnst mér vera mátuleg stærð. Það er allur munaður í húsinu, svo sem gufubað, heitur pottur og svokallað „hobbyherbergi“. Það sem heillar mig þó mest við húsið er frumskógurinn inni í stofu. Það er sem sagt herbergi með glerveggjum sem er eiginlega inni í stofunni þar sem er þvillkur frumskógargróður, páfagaukar og apar. Þannig að maður er kominn út í villta náttúru þegar maður situr í stofunni og horfir í gegnum glerið. Þetta hús nær því að sameina náttúrulegt eðli mitt við nautnasegginn í mér.“

Hemmi nýtur þess að hafa það gott í náttúrunni og ef hann ætti að flytja húsið til Íslands er hann ekki í nokkrum vafa hvar hann myndi staðsetja það. „Á fallegasta stað á Íslandi, Haukadal í Dýrafirði. Ef ég neyddist með það suður myndi ég koma því fyrir efst í Árbæjarhverfinu, þar sem ég bý núna, til þess að hafa Rauðavatn og Heiðmörk í næsta nágrenni. Ég bara verð að hafa náttúruna í kringum mig. Til dæmis þegar ég fer í sund þá fer ég helst í sundlaugina í Hveragerði því þar er maður staddur í náttúrunni, með tréin hangandi yfir sér og fjöllin í baksýn.“

Hemmi Gunn segir hús systur sinnar vera draumahúsið sitt.



SELDAR EIGNIR Á AKUREYRI*



*Þinglýstir kaupsamningar, heimild Fasteignamat ríkisins.



Loftmynd af Álfanesi.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Keppni um deiliskipulag

Sveitarfélagið Álfanes hefur ákveðið að standa fyrir arkitektasamkeppni.

Keppnin er haldin í samstarfi við Arkitektafélag Íslands um deiliskipulag fyrir blandaða íbúabyggð og verslunarhverfi.

Á svæðinu er til dæmis áformað að byggja allt að 40 þjónustuíbúðir sem munu tengjast þjónustumiðstöðvum fyrir félags- og heimaþjónustu.

Af því tilefni óskar atvinnu-málanefnd og stýrihópur um arkitektasamkeppni eftir samstarfsaðilum um uppbyggingu eða rekstur slíkra búsetuúrræða. Einnig auglýsir sveitarfélagið eftir aðilum til verslunarreksturs, þjónustu- og skrifstofureksturs, svo fátt eitt sé nefnt. Áhugasömum er bent á að senda upplýsingar á skrifstofu Sveitarfélagsins Álfanes.

Upplýsingar,
viðburðir,
afþreying og fréttir

REYKJAVÍK.COM
REYKJAVÍK.MAG



Til hvers að vera í sumarfríi þegar það er miklu meira gaman í vinnunni...

Zúper mætir aftur mánudaginn 21. ágúst kl. 07.00.

FM957



www.minnsirkus.is

Ráð sem duga og fólk sem þorir

UMRÆÐAN
BYGGÐAMÁL



GÍSLI ADALSTEINSSON
FORMAÐUR SJÁLFTÆÐISFÉLAGSINS
SLEIPNIS Á AKUREYRI

Ég tók mig til fyrir nokkrum vikum og las Byggðaaætlun fyrir árið 2002 til 2005. Eftir þann yfirllestur sannfærðist ég um, að þær aðgerðir sem þar er lagt til að ráðist verði í duga ekki til þess að hafa raunveruleg áhrif á aðstæður okkar sem búum á landsbyggðinni. Ég held að flestir íbúar landsbyggðarinnar upplifi byggðastefnu, sem eitthvað sem stjórnmalamenn og fjölmiðlamenn í Reykjavík rífast um en hefur harla lítil áhrif á líf okkar. Til hvers er pólitík sem ekki hefur raunveruleg áhrif á líf okkar?

En hvað er þá til ráða? Ég ætla í þessum pistli að lýsa nokkrum aðgerðum sem ég held að dugi til þess að efla Eyjafjarðarsvæðið og gera það að öflugum mótvægi við höfuðborgarsvæðið.

Sameining allra sveitarfélaga á Eyjafjarðarsvæðinu. Sumar þeirra aðgerða sem ég legg til ganga ekki upp nema sveitarfélögin samein-

ist. Ég tel að sjái íbúar á svæðinu einhvern tilgang í sameiningu þá muni þeir verða fúsari til þess að samþykkja hana en þeir reyndust vera síðastliðið vor.

Eyjafjörður verði gerður að tollfrjálsu svæði. Tollhlið verði sett upp á nokkrum stöðum þar sem komið er inn í hið sameinaða sveitarfélag og kostnaður við rekstur þeirra verður greiddur af sveitarfélaginu. Tekjutap ríkisins verður óverulegt vegna þess að það mun taka meira til sín í kjölfar aukinna umsvifa á svæðinu.

Evra verði tekin upp sem opinber gjaldmiðill á Eyjafjarðarsvæðinu. Ríkið þyrfti að veita fjárframlög til opinberra aðila í evrum en tæki skatta á móti í evrum. Fyrirtæki þyrftu að greiða starfsmönnum laun í evrum. Peningamálafestna landsins tekur fyrst og fremst mið af þörfum höfuðborgarsvæðisins og þetta þýðir að við, hér á þessu svæði, búum við of hátt vaxtastig miðað við atvinnustig. Í nýlegum leiðara Morgunblaðsins var spurt hvort fólk héldi að það væri meira viðeigandi að hafa hér á landi í þeirri þenslu sem nú er 2,5% vexti eins og eru á evrusvæðinu eða 13,5% vexti eins og eru nú á Íslandi. Fyrir mitt leyti þá held ég að 2,5% væru nær lagi fyrir okkur hér á Eyjafjarðarsvæðinu, frekar held-

ur en þau 13,5% sem ekki virðast duga til að hægja á þenslunni sem er á höfuðborgarsvæðinu.

Setja þarf lög sem skylda ráðuneyti og Alþingi til þess að bjóða út öll verkefni sem eru fjármögnuð með skattfé. Það væri þá meginreglan, eingöngu ef ráðuneytin geta sýnt fram á nauðsyn þess að verkefni séu unnin af opinberum starfsmönnum megi þau sjálf annast reksturinn. Í beinu framhaldi af þessu er nauðsynlegt að opinber fyrirtæki fái endurgreiddan virðisaukaskatt, þó án þess að fjárframlög til þeirra aukist. Þetta þarf til þess að opinber fyrirtæki sjái sér hag í því að úthýsa einstaka verkefnum. Þessar aðgerðir koma í veg fyrir að opinber starfsemi vaxi nánast sjálfkrafa á höfuðborgarsvæðinu. Þessi lausn er ekki aðeins til þess fallin að gefa öllum landsvæðum sömu möguleika á að verða sér úti um verkefni sem kostuð eru af hinu opinbera heldur er hún einnig hagkvæm. Þessi lausn er því sanngjörn og hagkvæm. Núverandi fyrirkomulag, þar sem stærstur hluti opinberrar þjónustu er veittur af ríkisfyrirtækjum, þar sem stjórnála- og embættismenn ákveða staðsetningu fyrirtækjanna, er bæði óhagkvæmt og ósannjarnt.

Háskólinn á Akureyri marki sér

sérstöðu sem frumkvöðlaháskóli. Skólinn setji sér það aðalmarkmið að útskrifa frumkvöðla af námsbrautum sínum. Sveitarfélagið veiti 130 milljónum árlega í sjóð sem notaður verði til þess að fjárfesta í frumkvöðlaverkefnum nemenda (þetta er nokkurn veginn árlegur rekstrarkostnaður við tilvonandi menningarhús á Akureyri).

Valfrelsi í skólamállum verði aukið með ávísanakerfi á öllum skólastigum. Það er mín skoðun, að sameinað sveitarfélag á Eyjafjarðarsvæðinu eigi að hafa forystu á þessu sviði. Að sjálfsögðu þarf að tryggja að slíkt kerfi mismuni ekki nemendum. Skólar reknir af opinberum aðilum hafa gott af því að keppa við sjálfstæða skóla sem reknir eru af einkaaðilum eða félagasamtökum.

Þessar aðgerðir sem ég legg til eru vissulega róttækar, sérstaklega ef þær eru bornar saman við ládeyðna og hugmyndaleysið sem almennt einkennir umræðu um málefni landsbyggðarinnar. En kannski er kominn tími til þess að við horfumst í augu við það að til þess að við náum fram einhverjum breytingum, þá þurfum við að grípa til nýrra ráða og sýna meiri áráðni og kjark en önnur sveitarfélög. Það sem þessar aðgerðir eiga sammerkt er að það er í raun ekki verið að fara fram á

einhverja ölmusu frá öðrum skattgreiðendum heldur er verið að leggja til aðgerðir sem eru miðaðar við hagsmuni fólks sem býr á Eyjafjarðarsvæðinu. Ég tel að það sé kominn tími til þess að fólk hér fari að ræða um það af fullri alvöru hvað henti okkar svæði og að við mörkum okkur stefnu út frá okkar forsendum. Mér dettur ekki í hug að halda því fram að þetta sé eina rétta fullkomna leiðin til þess að ná umræddum markmiðum. Við vitum öll að það er alltaf fleiri en ein leið til að settu marki en ég tel að þessi ráð dugi. Það sem stjórnmalamenn hafa boðið okkur uppá síðustu áratugi hefur dugað skammt. Er ekki öllum orðið það ljóst. Það sem okkur Eyfirðinga vantar núna fyrir næstu alþingiskosningar eru ráð sem duga og fólk sem þorir.

SENDIÐ OKKUR LÍNU

Við hvetjum lesendur til að senda okkur línu og leggja orð í belg um málefni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnrörð. Eingöngu er tekið á móti efni sem sent er frá Skoðanasiðunni á visir.is. Þar eru nánari leiðbeiningar. Ritstjórn ákveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða Vísí eða í báðum miðlum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.

NIKE HETTUPEYSUR
NIKE BAKPOKAR
NIKE DERHÚFUR
NIKE BUXUR
NIKE SKÓR

Í skólann á ný

ÚTILÍF

KENNY ROGERS FÆDDIST Á ÞESSUM DEGI
ÁRIÐ 1938.



„Það er ekkert mál að eldast en það er hins vegar hræðilegt þegar að öðrum finnast maður vera gamall.“

Kenny Rogers er bandarískur kántrísöngvari.

tímamót

timamot@frettabladid.is

AFMÆLI



Theodór Júlíusson leikari er 57 ára.

Séra **Pálmi Matthíasson** er 55 ára.



Dröfn Þórisdóttir markaðsstjóri er 41 árs.

ÚTFARIR

13.00 **Bjarki Magnússon**, læknir, Laugarnesvegi 87, verður jarðsönginn frá Hallgrímskirkju.

13.00 **Logi Jónsson**, bókbindari, verður jarðsönginn frá Fossvogskirkju.

13.30 **Kristófer Vilhjálmsson**, Sniðgötu 3, Akureyri, verður jarðsönginn frá Möðruvallakirkju í Hörgárdal.

15.00 **Jón Gunnar Ívarsson**, fyrrverandi verslunarstjóri og fulltrúi skattstjóra, Skarphéðingsgötu 4, Reykjavík, verður jarðsönginn frá Fossvogskirkju.



Þegar andlát ber að

Síðastliðin 15 ár höfum við feðgar aðstoðað við undirbúning útfara. Alhliða útfararþjónusta Símar: 567 9110, 893 8638 og 897 3020

Útfararþjónustan ehf. Stofnað 1990

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir í smáletursdálkinn hér til hliðar má senda á netfangið timamot@frettabladid.is.

Auglýsingar á að senda á auglýsingar@frettabladid.is eða hringja í síma 550 5000.

PETTA GERÐIST 21. ÁGÚST 1991

Lettland lýsir yfir sjálfstæði

Lettland er í norðaustur Evrópu og liggur að Balkanshafinu. Lettland er eitt af hinum svokölluðu Eyrastaltslöndum ásamt Litháen og Eistlandi en landið á landamæri að Rússlandi, Eistlandi og Litháen.

Á tólfu öld byggðu baltneskir og finnskir þjóðflokkar landið en á þeirri þrettándu komu þýskar riddarareglur og kristnuðu landið. Lettland varð hluti af Póllandi á sextándu öld en Gustav II Sviakonungur lagði norðurhluta landsins undir sig árið 1621. Pétur I Rússakeisari náði Riga af Svíum árið 1710 og síðar öllum norðurhluta landsins.

Eftir rússnesku byltinguna árið 1917 fóru Lettar fram á að fá sjálfstjórn yfir landinu en stuttu síðar tók þýski herinn Riga á sitt vald. Við uppreisn bolsévika í Rússlandi breyttist hins vegar landslagið og árið 1918 fengu Lettar sjálfstæði og Rússar og Þjóðverjar



yfirgáfu landið. Karlis Ulmanis varð forsætisráðherra en tillögum hans að umbótum árið 1934 var illa tekið af öðrum flokkum í landinu og endaði þetta með valdaráni og einræðis Ulmanis.

Lettland varð lýðveldi innan Sovétríkja árið 1940 og var hersetið af Þjóðverjum í seinni heimsstyrjöldinni á árunum 1941 til 1944 en varð aftur hluti af Sovétríkjunum í stríðslok. Lettland lýsti síðan yfir sjálfstæði árið 1991 og um tveimur vikum síðar viðurkenndu Sovétríkin fullveldi landsins.

Lettar eru aðeins um helmingur landsmanna en fjöldi Rússa fluttist til landsins eftir að Sovétríkin liðu undir lok. Lettland er bæði í Atlantshafsbandalaginu (NATO) og Evrópusambandinu en hagur landsins hefur vænkast mikið eftir að það varð hluti af innri markaði Evrópu.

MERKISATBURÐIR

- 1011 Njáll Þorgeirsson brennur inni ásamt fjölskyldu sinni á Bergþórshvoli í Landeyjum.
- 1911 Einhverju frægasta málverki í heimi, Mónu Lísu, er stolið frá Louvre-safninu í París.
- 1983 Leiðtogi stjórnarandstöðunnar á Filippseyjum, Benigno Aquino, er myrtur.
- 1986 Yfir 1.700 manns deyja í Kamerún vegna eiturgufa frá eldgosi.
- 1991 Litháen lýsir yfir sjálfstæði frá Sovétríkjunum.
- 1994 Benny Hinn, bandarískur predikari, heldur fjölmennu samkomu í Kaplakrika í Hafnarfirði.
- 1998 Bandaríkin eyðleggja lyfjaverksmiðju í Súdan en verksmiðjan var talin framleiða efnavopn.



BIRNA ÞÓRARINSDÓTTIR Segist vera femínisti af einlægri hugsjón. Hún fer utan til Washington í dag til að hefja nám í Öryggisfræði við Georgetown-háskólann.

BIRNA ÞÓRARINSDÓTTIR: HEFUR NÁM Í ÖRYGGISFRÆÐI

Lærir mannréttindi á fullum skólastyrk í Bandaríkjunum

Alþjóðaöryggissamtök kvenna, Women in International Security, hafa tilnefnt Birnu Þórarinsdóttir, fyrrverandi framkvæmdastýru UNIFEM á Íslandi, sem sérstakan styrkþega samtakanna. Birna hefur nám í öryggisfræðum við Georgetown-háskóla í Washington í haust. Þetta er í fyrsta skiptið sem íslensk kona fær þennan styrk.

„Háskólinn veitti mér fullan skólagjaldstyrk sem var síðan tengdur við samtökin, sem eru helstu tengslaneta-samtök kvenna í alþjóðaöryggismálum í heiminum í dag,“ segir Birna.

„Ég verð styrkþegi í nafni þessara samtaka og mun vinna með þeim á meðan ég er í námi í Georgetown. Þessi samtök standa fyrir fjölda viðburða og halda marga málundi og ráðstefnur í Washington og víða um heim.“

Meðal félaga í samtökunum eru

Alyson Bailes, yfirmaður Friðarrannsóknarstofnunar Svíþjóðar, og Madeleine Albright, fyrrverandi utanríkisráðherra Bandaríkjanna.

En hvers konar nám er öryggisfræði? „Þetta er í rauninni angi af alþjóðastjórnarmálum sem hefur mjög skýra sérhæfingu, þarna er eingöngu verið að læra það sem við köllum öryggismál,“ segir Birna.

„Þeir sem útskrifast úr þessu námi geta til dæmis orðið sérfræðingar í hernaðarmálum eða svæðisbundnum öryggismálum. Námið er mjög hernaðarlega tengt en ég ætla að fara aðra leið í mínu námi, ég ætla að læra um mannréttindi og öryggi einstaklinga og hvernig við förum að hugsa í meiri mæli um öryggi fólks heldur en öryggi ríkisins.“ Hún segist ekki vita til þess að Íslendingur hafi farið í þetta nám við Georgetown.

„Við erum tvö að fara í þetta nám frá Íslandi í ár. Þó að það sé mjög erfitt að komast inn þá komst skólabróðir minn Ólafur Ragnar Ólafsson einnig inn. Það eru áttatíu til níutíu nemendur í hverjum árgangi þannig að það er hlutfallslega mjög merkilegt að af þeim séu tveir Íslendingar. Ég held að það sé bara einn Kínverji,“ segir hún og hlær.

Birna hefur lengi starfað að mál-efnum kvenna en ásamt því að hafa verið framkvæmdastýra UNIFEM á Íslandi vann hún áður hjá utanríkisráðuneytinu og Rannsóknarstofnu í kvenna- og kynjafræðum við Háskóla Íslands. Hún sat einnig í fyrsta ráði Femínistafélags Íslands og var meðal stofnenda Iceland Model UN árið 2003. „Ég er femínisti af einlægri hugsjón,“ segir Birna.

salvar@frettabladid.is

Fallegir legsteinar á góðu verði

Englasteinar

Helluhrauni 10 Hafnarfirði Sími: 565-2566

www.englasteinar.is

Fróðleikur af gardur.is

Prentari, forseti ASÍ, leiðtogi Alþjóða-flokksins og bankastjóri:

Jón Baldvinsson

Jón Baldvinsson var f. á Strandseljum, N-Ís., 20. des. 1882, for.: Baldvin Jónss. b. þar o.v. og k.h. Halldóra Sigurðard. Kyntist ungur stórfum alþjóðu og naut trausts hennar. Með sáralitla skólagöngu, þó vel menntaður m. tilsoðn og ástundan; nam dönsku og ensku af sjálfssáðum. Prentnám í Prentsm. Þjóðviljans á Ísaf. 1897 hjá Skúla Thoroddsen, fluttist m. honum til Bessastaða 1901, prentari þar. Hluthafi & prentari í Gutenberg 1905–18. Form. Hins ísl. prentarafél. 1913–14. Fulltrúi HÍP v/stofnun ASÍ 1916; fyrsti ritari ASÍ. Forseti ASÍ og form. Alþjóðuflokks 1916–38. Forstj. Alþjóðubrauðgerðarinnar 1918–30. Bæjarfr. í Rvík 1918–24, varabfr. 1930–4. Alþm. Rvíkinga 1921–6, eini þm. Alþjóðuf., landskjörinn 1926–38, fors. samein. Alþ. 1933–8. Hafði frumkvæði um vökulög um hvíldartíma á togurum 1921, almennatr. o.fl. réttinda- og framfaramál. Snjall málaflýgju- & samningam., ráðhollur, hygginn, framsýnn. Barðist gegn sameiningu við Kommúnistaflokkinn. Stórbröttinn stjórnámal. Þótt ekki gegndi hann ráðherraembætti. Í dansk-ísl. ráðgj. nefnd, nefnd um kjörd. skipun o.fl. Bankastj. Útvegsb. 1930–8. Lézt 55 ára 17. marz 1938. Sæmdur heiðursmerki Alþ. hátiðar 1930. Rit: Nokkrar stjórnámalræður, 1931. Landið eitt kjördæmi, 1932. Íslands Alting, í Nordens Kalender 1936. K.h. 1908: Júlíana Guðmundsd. (1889–1978). S.þ.: Baldvin (1911–1996) lögr.

Meira um hann á gardur.is

Hægt er að setja inn ævildög látinna Íslendinga með því að hringja í síma 585 2700 eða á gardur.is

gardur.is



DANSKENNSLA Japönsk börn líkja eftir hreyfingu vélmennnis á vélmennnasýningu í Tókyó.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Þingeyrarflugvöllur vígður

Á laugardaginn var Þingeyrarflugvöllur vígður af Sturlu Böðvarssyni samgönguráðherra en endurbætur hafa staðið yfir á vellinum sem hefur verið lítið notaður síðustu ár.

Ætlanarflug til Þingeyrar lagðist niður fyrir tíu árum, en völluminn hefur verið varaflygavöllur fyrir Ísafjarðarflugvöll þegar veðurskilyrði eru slæm þar. Með endurbótunum má ætla að flug til Ísafjarðar gangi betur en árlega þarf að fresta um sjötíu til áttatíu ferðum þangað.



FRÁ ÞINGEYRI Ætlanarflug til Þingeyrar var lagt niður árið 1996. FRÉTTABLAÐIÐ/GUNNAR

Flugbrautin er nú tólf hundruð metra löng og því eiga stærrí flugvélar auðveldara með að lenda á vellinum. Allur ljósabúnaður

og önnur aðstaða er til fyrirmyndar á hinum endurbætta flugvelli sem er nú orönn einn sá besti á landinu.

TILBOÐ ACE CORE 2 DUO

GLÆSILEG NÝ KYNSLÓÐ AF ACE TÖLVUM Í ÁL TURNI

INTEL CORE 2 DUO

Core 2 Duo tæknin sem er nýjasta þróun Intel skilar sér í allt að 40% meiri afköstum en áður hefur þekkt



7600GT ZERO NOISE

MSI GeForce 7 7600GT er ótrúlega öflugt skjákort með ofur hraðvirkri 256MB DDR2 1400MHz minni



SATA II - 16MB

Ný kynslóð harðiska frá Western Digital sem eru enn hljóðlátari og allt að 100% hraðvirkari



CRYSTALBRITE

17" LCD Gamers Edition skjár með 8ms viðbragðstíma og ótrúlega líti með CrystalBrite



5.1 HLJÓÐKERFI

Altec Lansing 151i glæsilegt og kraftmikild 5.1 hljóðkerfi með 5 hátölurum og öflugum bassaboxi



ALLT ÞRÁDLAUST

Logitech þráðlaus mús og íslenskt lykklaborð hláðið flýtiþnóppum sem auðveldar stjórn á hljóði og vöfrun



Örgjörvi	Intel E6400 Core 2 Duo 2.13GHz 2MB flytíminni, 2000FSB
Móðurborð	MSI 965P NEO-F - SATA2 PCI-E 16x, 8xUSB2, 4xDDR2 800MHz
Minni	1GB DUAL DDR2 667MHz Corsair Corsair minni með lífstíðarábyrgð
Harðdiskur	320GB WD SE 16MB - SATA 2 SATA2 300, 7200RPM og 16MB buffer
Skjákort	256MB GeForce7 NX7600GT MSI PCI-E 16x, DDR3, Zero Noise
Skjár	17" LCD Acer AL1751As Gamers CrystalBrite og 8ms viðbragðstími
Skrifari	16x DVD ± 8x DL skrifari Skrifari og les DVD og CD diska
Hljóðkort	7.1 Dolby Digital DTS - EAX2 Frábært í leiki og bímyndir
Hátalarar	5.1 Altec Lansing hljóðkerfi 5 öflugir hátalarar og bassabox
Netkort	Gigabit 10/100/1000 Gigabit netkort
Stýrikerfi	Windows XP Home - SP2 A íslensku eða ensku

ACE SPECIAL EDITION Zero Noise

VL18
• Samtals kr. 186.223

9.994

VERÐ 179.900

19" GAMERS LCD

acer

- 19" Acer 1951As Gamers Edition LCD skjár
- 1280x1024 upplausn, 700:1 skerpa og 8ms viðbragðstími
- CrystalBrite tæknin skilar hámarks skerpu og litadýpt
- Acer Gamers er sérhannaður fyrir leiki og myndvinnslu

VERÐ 39.990

250GB HARDDISKUR

250GB

SPECIAL EDITION
Special Edition harðiskur frá Western Digital sem eru 7200RPM og með 8MB buffer

FLUID BEARING
Fluid Dynamic Bearing tæknin skilar mun hljóðlátari og endingarbetri harðiskum

WESTERN DIGITAL
Betri, hljóðlátari, hraðvirkari og mest seldu harðiskarnir í dag á enn betra verði en áður

WD Western Digital

VERÐ 8.990

SÚPERTILBOÐ 7

3000+

- 3500+ AMD Athlon64 AM2 - HT
- 1GB DDR2 Corsair minni
- Netkort, 8xUSB2 og FireWire
- SATA2 Raid og 7.1 hljóðkort

VERÐ 36.900

MSI MÓÐURBORÐ

MSI P965 Neo-F socket 775 móðurborð með 4xDDR2 667 minnisraufum, 4x SATA2 Raid, stíður Core 2 Duo örgjörva

VERÐ 16.900

INTEL CORE 2 DUO

Intel E6300 1.86GHz Core 2 Duo örgjörvi 1066FSB, 2MB flytíminni, 40% meiri afköst, 40% minni orkuþörf, Retail

VERÐ 26.900

ICYBOX HÝSING

Raidsonic USB 2.0 utanliggjandi harðiskahýsing úr áli fyrir hámarks kælingu, hægt er að stalla saman

VERÐ 4.990

17" Acer AL1716AS LCD, 1280x1024, 500:1, 8ms

VERÐ 24.900

Logitech MX518 gaming grade optical leikjámús

VERÐ 5.990

MSI P200 1GB MP3 spilarí, FM útvarp og upptaka

VERÐ 9.990

Sennheiser HD 201 létt og þægileg lokað heyrmatöl

VERÐ 2.690

Svartur Samsung W162C DVD-R/RW 16x/8x

VERÐ 5.990

1GB Corsair USB2 lykll með 10 ára ábyrgð

VERÐ 6.990

512MB Corsair 400MHz minni með lífstíðarábyrgð

VERÐ 6.990

Svartur Chieftec Dragon4 Giga Tower með hurð, USB

VERÐ 11.990

Vaxtalaust tilboð er miðað við 18 mánaða jafnar greiðslur á Visa eða Mastercard skuldabréf. 3.5% stimpil og lántökugjald bætist við heildarupphæðina sem verður þá samtals kr. 186.223. og dreifist jafnt yfir samningstímann.

TÖLVULISTINN
SÉRVERSLUN MEÐ TÖLVUBÚNAÐ Í 12 ÁR

REYKJAVÍK
Nóatúni 17
Sími 562 6730

AKUREYRI
Glerárgötu 36
Sími 464 7400

KEFLAVÍK
Hafnargötu 90
Sími 534 7400

EGILSSTÖÐUM
Miðvangi 2-4
Sími 471 2400

NÚ ER KOMIÐ NÝTT OG STÆRRA HÉR & NÚ



Eyrún Huld Haraldsdóttir

Segir frá heimsókninni til Magna síns í LA

GLÆSILEGRA TÍMARIT MEÐ SPENNANDI
VIÐTÖL OG FRÉTTIR AF FÓLKI SEM ÞÚ
MÁTT ALLS EKKI MISSA AF!

KEMUR ÚT ALLA FIMMTUDAGA

STUÐ MILLI STRÍÐA Hið akademíska korter, eða hálf tími, eða klukkustund

ÞÓRGUNNUR ODDSDÓTTIR LÆTUR ÓSTUNDVÍSI FARA Í TAUGARNAR Á SÉR



Á Íslandi er það viðtekin venja að allir mæti of seint á allt. Það virðist vera þegjandi samkomulag um að þannig eigi það að vera. Fólki er meira að segja ráðlagt að auglýsa að skemmtanir byrji klukkan átta þótt þær byrji í raun ekki fyrr en klukkan níu. „Bara svo það mæti einhver á réttum tíma,“ segja menn eins og það sé sjálf-sagðasti hlutur í heiminum að allir mæti alltaf of seint.

Kannski er þetta svona alla staðar í heiminum en ég læt þetta samt fara í taugarnar á mér. Einvörtra hluta vegna hef ég nefni-

lega vanið mig á einhverja bévítans stundvísi og frá því ég man eftir mér hefur mér leiðst að bíða eftir fólki sem mæti of seint.

Ég hef beðið eftir fólki á veitingastað og verið farin að narta í munnþurrkuna meðan þjónninn lítur mig hornauga og telur mig einmana sál sem enginn vill fara út að borða með. Ég hef líka hlaupið í stresskasti á viðburði – hrædd um að missa af fjörinu – og lent svo í því að bíða eftir öllum hinum í klukkutíma af því þeir ákváðu allir að vera ekkert að stressa sig. Það er líka þannig að það er alltaf sama fólkið sem er of seint og þar af leiðandi líka sama fólkið sem þarf að bíða.

Stundum er mér nákvæmlega

sama um óstundvísi annarra. Til dæmis er mér alveg sama þótt samstarfsfélagarnir mæti of seint í vinnuna eða strætó komi tveimur mínútum of seint. Mér finnst hins vegar leiðinlegt þegar einhverjir laumast inn í leikhúsalinn þegar sýningin er byrjuð eða þegar tannlæknatímanum mínum seinkar um hálf tíma vegna þess að sá sem átti tímann á undan mér gleymdi sér í búðinni. Það bregst heldur ekki að þegar seina fólkið mæti er það glóru-laust um að beðið hafi verið eftir því. Mér hefur til dæmis verið bent á að fyrst þetta fari í taugarnar á mér eigi ég bara að hætta að vera svona stundvís. Líklega er það hið eina rétta – ef allir eru jafn óstundvísir kvartar enginn.

myndasögur

■ Pondus

Eftir Frode Øverli



■ Geljan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



■ Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



■ Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell



■ Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



Kynlíflýsingarnar fara ekki fyrir dóm

Allt útlit er fyrir að deila Jennifer Lopez við fyrrverandi eiginmann sinn, Ojani Noa, fari ekki fyrir dómstóla, en Lopez er ósátt við að Noa hennar ætli að gefa út bók þar sem hann greinir frá innstu leyndarmálum sambands þeirra.

Í apríl tókst Lopez að fá tíma-bundnið lögbann á bókina sem inniheldur meðal annars viðkvæmar lýsingar á kynlífi hennar. Átti að hefja efnismeðferð málsins fyrir dómi á dögnum en þá komu lögfræðingar þeirra sér saman um að æskilegra væri að semja um lyktir málsins, frekar en að fá úrskurð dómara.

Þetta er ekki í fyrsta sinn sem slær í brýnu milli Lopez og Noa. Fyrir ári fékk Noa nokkra summu fyrir að hætta við málsókn á hendur Lopez, þar sem hann sakaði Lopez um að hafa átt hlut að máli þegar hann var rekinn úr starfi framkvæmdastjóra veitingastaðar í Los Angeles. Ef marka má bréf sem hann sendi listakonunni snemma á árinu má ætla að Noa sé enn á höttunum eftir peningum hennar, því þar hótar hann að gefa út bókina ef Lopez greiðir honum ekki fimm milljónir bandaríkjadala.



ÓTTAST ÚTGÁFU LEYNDARMÁLA SINNA
Jennifer Lopez ætlar að sættast við fyrrverandi eiginmann sinn en þau deila um útgáfu bókar hans sem greinir frá ýmsum leyndarmálum sambands þeirra.



Með hníf og gaffli

> Práinn Bertelsson



Matur fyrir maharaja!

Ef indverskur maharaja spyrði hvort hægt væri að fá góða indverska máltíð í Reykjavík myndi ég ekki hika við að vísa honum á Austur Indía fjelagið: Þar er indversk matargerðarlist í háum gæðaflokki – og meira að segja á skaplegu verði sem gæti komið sér vel fyrir maharajann því að flestar þeirra ætta sem eitt sinn réðu Indlandi mega muna fífil sinn fegri og draga fram lífið á því sem íslenskum bankafurstum þættu vera smánarlaun.

Einföld indversk máltíð er gjarna þannig samsett að kolvetni fær maður úr braudi eða hrísgrjónum, eggjahvítu úr kjöt- eða fiskrétti, þessu til stuðnings borðar maður einn eða tvo grænmetisrétti svo sem raitha (gúrka í jógúrt) og eða linsubaunarétt. Hrisgrjón, braud og raitha hreinsa bragðlaukana sem í sælvúmu gæla við ótal kryddtegundir, sumar mildar, aðrar sterkar.

Þeir sem halda að indverskt krydd sviði munn og meltingarfæri geta sagst vera búddatrúar en matargerð handa þeim söfnuði einkennist af einstaklega mildlegri notkun

kryddtegunda.

Við borðuðum á vestræna vísu – ekki með guðsgöflunum eins og kurteislegast hefði verið – og létum færa okkur sérstaka forétti áður en aðalmáltíðin hófst. Borðaman drakk Tuborg (650 kr. flaskan) og ég drakk Chateau de Gvendo (0 kr.). Engir dúkar eru á borðum, og munnþurrkur úr pappír – en þykkar vel.

Forréttirnir voru malai tikka lax (1.395 kr.) og kjúklinga tikka salat (1.395 kr.). „Tikka“ er rauður blettur sem sumir Indverjar bera á enninu og í matargerð er orðið notað um rauðan kryddlög sem búinn er til úr jógúrt.

Síðan komu aðalréttirnir moileerisarækjur (2.995 kr.) og banarasi saag, grænmetisréttur í spínatsósu (2.195 kr.), með þessu fengum við naan-braud steikt að hætti Kasmírþúva (sætt og fyllt með þurrkuðum ávöxtum), mangómauk, raitha og soðin hrísgrjón.

Það þyrfti skáld á borð við Tagore til að lýsa unaðssemdu þessara rétta. Hráefnið var gott, réttirnir mátulega eldaðir, og krydd-



aðir af listrænu innsæi. Þegar maður fór að sjá fyrir endann á máltíðinni komu í hug hin frægu orð Íslendinga á þorablóti sem sagði: Það vildi ég að guð gæfi að ég væri kominn heim, háttaður, sofnaður, vaknaður aftur og byrjaður að eta!

Austur Indía fjelagið er óformlegur staður, skemmtilega laus við að vera „yfirþyrmandi“ indverskur; myndin sem hangir á karlasalerninu er gott dæmi um hófsama snilld í innanhússkreytingum. Ekki orð um það meir. Sjón er sögu ríkar.

Austur Indía fjelagið Hverfisgötu 56

Máltíð fyrir tvö kostaði 12.630 kr. Plúsarnir eru eka indversk eldamenska í hæsta gæðaflokki fyrir skikkanlegt verð. Minusarnir eru fremur óaðlaðandi húsnaði – sem þó hefur verið reynt að gera notalegt af smekkvísi og hugkvæmni.



HEATHER MILLS Er að skilja við Paul McCartney og tekst á við sársaukann með því að versla grímt. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTYIMAGES

Verstrar til að gleyma

Heather Mills verstrar til að gleyma sársaukanum sem fylgir skilnaðinum við Paul McCartney. Fyrirsætan fyrrverandi er í Los Angeles og eyddi fúlgum fjár í flottustu verslunum í Beverly Hills, svo sem Ralph Lauren og Giorgio Armani. Auk þess lét hún dekra við sig á snyrtistofum og á hárgreiðslustofu. Það virðist ekki hafa komið sér mjög illa fyrir Heather að McCartney lét loka sameiginlegum bankareikningi þeirra fyrir skemmstu. Sjálfur er McCartney í afslöppun í Bandaríkjunum, en heldur sig á austurströndinni.



KÆRUSTUPAR Jennifer Aniston kveður niður allar sögusagnir um að hún og Vaughn séu trúlofuð. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTYIMAGES

Ekki trúlofuð

Leikaraparið Jennifer Aniston og Vince Vaughn vísa öllum sögusögnum um að þau séu trúlofuð á bug. „Ég er ekki trúlofuð, ekki með neinn hring og enginn hefur beðið mín,“ segir Aniston og er ekki ánægð með umfjöllun slúðurblaðanna um samband hennar og Vaughn. Hún segir að fjölskyldan sé búin að fá nóg af þessu slúðri og að frænka hennar í Grikklandi hafi verið sökuð um lygar af einu blaðanna þegar hún neitaði að Aniston væri trúlofuð. Þetta fór fyrir brjóstið á fjölskyldu leikkonunnar og því ákvað Aniston að kæfa þessar sögusagnir í eitt skipti fyrir öll. „Við Vince erum hamingjusöm núna en erum hvorugt í giftingarhugleiðingum.“

Veldu HYUNDAI gæði, veldu TUCSON


TUCSON

2.0L bsk. 142. hö

Kr 2.690.000 eða

Kr. 28.912 á mánuði*.

- ESP stöðugleikastýring
- ABS með EBD og TCS spólvörn
- 4x4 aldrif með læsingu
- 6 loftpúðar
- Hiti í framsætum
- Hiti í framrúðu við þurrkublöð
- 16" álfelgur
- Aftengjanlegur öryggisþúði farþegamegin
- Verðlaunabíll í sínum flokki



Bíll á mynd: Tucson Sport á 17" álfelgum.

*Bílasamningur til 84 mánaða með 30% útborgun. Mánaðarlegar greiðslur eru háðar vaxta- og gengisþróun.

HYUNDAI hefur gæðin

B.L. • Grjóthálsi 1 • 110 Reykjavík • 575 1200 • www.bl.is

Keflavík 421 4444

Selfoss 575 1460

Akranes 431 2622

Akureyri 461 2533

Egilsstaðir 471 2524

Allt um Dylan á einum stað



Kl. 20.00

Kammersveitin Ísafold leikur verk eftir Schönberg, Webern og Takemitsu í Listasafni Íslands við Frikirkjuveg. Einnig verður frumflutt nýtt verk eftir Hauk Tómasson sem hann samdi sérstaklega fyrir sveitina.

menning

menning@frettabladid.is

Breski rithöfundurinn og blaðamaðurinn Michael Grey er einn þekktasti „Dylan-sérfræðingur“ í heimi en hann hefur nú gefið út fráfræðirit um goðið. The Bob Dylan Encyclopedia er með yfirlýsingum af sínu tagi, á ríflega átta hundruð síðum fræðir Grey lesendur sína um allt mögulegt og ómögulegt sem tengist Bob Dylan – allt frá fjölskylduhögum hans, áhrifavöldum og pólitík til upplýsinga um hljóðfæraskipan, textagerð og mataræði.

Gray er frumkvöðull á sviði Dylan-fræðanna en hann gaf út bókina Song & Dance Man árið 1972 sem síðan hefur verið endurútgefin tvisvar með tilheyrandi viðaukum og viðbótum. Gray var einnig meðritstjóri að fræðiriti um Elvis Presley en hann hefur sérhæft sig í sögu rokksins og blústónlistarinnar, einkum þróun hennar fyrir stríð.

Alfræðiritið er sannarlega hilluprófi en þess má einnig að geta að með bókinni fylgir geisladiskur með öllum texta hennar svo lesendur geta auðveldlega leitað að sérstökum upplýsingum og kortlagt sín Dylan-fræði á persónulegan hátt.



ALFRÆÐI BOBS DYLAN Átta hundruð síðna rit um einstaka goðsögn.

> Ekki missa af...

sumarsýningu Minjasafns Akureyrar. „Ef þú giftist“ geymir muni og myndir um **giftingasiði** fyrr og nú og er opin alla daga frá 10-17.

myndlistarsýningu **Tedda í Perlunni**. Teddi sýnir áttatíu verk unnin í **lúinn** og lifaðan við viðsvegar að úr heiminum.

ráðstefnu um **galdur og samfélag** að **Laugarhóli í Bjarnarfirði á Ströndum** í byrjun september. Fjölbreytt fræðslu- og skemmtidagskrá á dulúðugum stað.

BORGARLEIKHÚSIÐ			
RONJA RÆNINGJADÓTTIR		FOOTLOOSE	
Sun 10/9 kl. 14	Sun 17/9 kl. 14	Fim 24/8 kl. 20	Fös 25/8 kl. 20 UPPS.
Sun 24/9 kl. 14	Lau 30/9 kl. 14	Fim 31/8 kl. 20	Lau 9/9 kl. 20
VILTU FINNA MILLJÓN?		EYFI STÓRTÓNLEIKAR	
Lau 2/9 kl. 20	Sun 3/9 kl. 20 UPPS.	Fös 1/9 kl. 20	Fös 1/9 kl. 22
Fim 7/9 kl. 20	Sun 10/9 kl. 20	HÖRÐUR TORFA - AFMÆLISTÓNLEIKAR	
		Fös 8/9 kl. 19:30	Fös 8/9 kl. 22:00

Miðasala í síma 568 8000 - www.borgarleikhus.is

Af fegurðinni í ruslinu

Sígarettustubbar, strokleðursafgangar og táneglur eru fánýtt dót sem flestir fleygja í ruslið. Halldór Sturluson er myndlistarnemi sem sér lengra og hefur getið sér gott orð fyrir að mála „drasl“.

Halldór sýnir nú verk sín í Þjóðmenningarhúsinu en þar hanga uppi myndir hans af sigarettustubbum. Þrátt fyrir forhugmyndir og forðoma sumra gagnvart reykingum verður að segjast að formið og framsetningin á þessum mannvistarleifum er býsna heillandi. „Ég byrjaði að teikna allskyns strokleðursafganga og drasl með pennum á hvít blöð og það vakti ágætis lukku og þær myndir voru sýnar úti í Milánó,“ segir Halldór, en hann stundar nú myndlistarnám þar í borg en lærði áður í Myndlistarskóla Reykjavíkur. „Síðan fór ég að þróa þetta lengra á síðasta ári og ákvað þá að halda mig við sigarettustubbanana en ég hef líka verið að mála ryk og táneglur og alls konar hluti sem eiga heima í ruslinu. Ég reyni að setja þá upp á áhugaverðan hátt því mér finnst þeir geta verið verðug viðfangsefni.“ Á sýningunni eru



FÁNYTT DRASL EDA VERÐUGT VIÐFANG Stubbassýning Halldórs Sturlusonar í Þjóðmenningarhúsinu.

fimm olíuverk og tvær þrykkmyndir af stubbum.

Þar sem Halldór er enn í námi hefur hann ekki sýnt mikið af verkum sínum en hann hefur þó tekið þátt í samsýningum bæði hérlendis og erlendis. Hann útskýrir að hann hafi mestmegnis fengið við að mála en hann hefur líka unnið með vídeó og talsvert með ljósmyndir líka. Halldór á eitt ár eftir af náminu á Ítalíu og segist ekki vera búinn að ákveða framhaldið en segist vel geta hugsað sér að stefna á kennaranám í Listaháskóla Íslands og síðan á frekara nám. „Ég veit ekki hvort ég mun vinna meira með þessi viðfangs-

efni, ég vinn kannski eitthvað meira í líkingu við þetta en ekki endilega sigarettur,“ segir Halldór og útskýrir að einfaldleikinn sé það sem heilli hann mest.

En reykir hann þá? „Já reyndar geri ég það,“ segir listamaðurinn og hlær innilega. „Ég var spurður að því um daginn hvort ég væri fylgjandi reykingum en útskýrði að myndirnar hafa ekkert með það að gera. Þetta er bara ruslið,“ segir hann og áréttar að listaverkin séu síst gerð í áróðursskyni.

Myndirnar eru til sýnis í veitingastofu Þjóðmenningarhúsið en þar er opið milli kl. 11-17 alla daga. -khh

Aðsóknarmesta sýning síðasta leikars!

Drepfyndinn gamanleikur í Reykjavík!

Miðasala er þegar hafin!

Næstu sýningar:

Föstudaginn	18. ágúst	kl. 20:00
Laugardaginn	26. ágúst	kl. 19:00
Laugardaginn	26. ágúst	kl. 22:00

Á ÞAKINU LEIKFÉLAG AKUREYRAR

Miðasala í síma 551 4700 // opið 13:00-17:00 // www.midi.is // Austurbæjarbíó - Snorrabraut 37

FRUMSÝND 18. ÁGÚST

5 CHILDREN & IT

9. HVER VINNUR!

SENDU SMS SKEYTID JA CAF Á NÚMERID 1900 OG ÞÚ GÆTIR UNNID MIDA FYRIR TVÖ. VNINGAR ERU BÍOMIDAR FYRIR 2 DVD MYNDIR VARNINGUR TENGÐUR MYNDINI OG MARGT FLEIRA!

Vinningar verða afhendir hjá BT Smáralind. Kópavogi. Með því að taka þátt ertu kominn í SMS klúbb. 99 kr/skeytið.

LEIKSTJÓRINN OLIVER STONE Hampað fyrir sýn á hetjudáðir Ameríku.



HALLDÓR STURLUSON Finnst „draslið“ verðugt viðfangsefni og leitast við að setja það upp á áhugaverðan hátt.

Hugrekkið á heimavelli

Blendnar viðtökur nýjust myndar Olivers Stone, World Trade Center, eru viðfangsefni greinar í nýjasta hefti The New Yorker þar sem höfundurinn David Denby setur myndina í sambengi við fyrri verk Stone.

Hann heldur því fram að leikstjórinn Stone, sem þekktur er fyrir myndir á borð við Natural Born Killers, JFK og Nixon, þröngvi sér inn á tilfinningasvið áhorfenda eins og oft áður en með meira innsæi og skerpu en áður. Denby tekur einnig fram að framsetning Stones á ofbeldi sé sífellt áhrifameiri og að hann fangi dauðleikann betur en nokkur annar leikstjóri.

Viðfangsefni myndarinnar eru hetjudáðir björgunarmanna sem festust í öðrum Tvíburaturnanna þegar flugvélin var flogið á World Trade Center. Hugrekkið og staðfestan er sem fyrr eitt aðalþema í mynd Stone en Denby setur World Trade Center í sambengi við stríðs-



LEIKSTJÓRINN OLIVER STONE Hampað fyrir sýn á hetjudáðir Ameríku.

myndir hans og segir vettvang stríðsins nú vera föðurlandið sjálft. Stone þykir afgreiða þetta viðkvæma efni á smekkleigan hátt og bendir Denby til dæmis á að mynd Stone sé tillitssamari og tilfinningaríkari en mynd Pauls Green-

grass, United 93, sem frumsýnd var í vor en hún fjallar um fólkíð sem var um borð í flugvélinni sem flogið var á annan turninn.

Myndinni hefur verið hampað af hægrímönnum í Bandaríkjunum sem annars eru lítt hrifnir af umdeildum verkum Stones en pistlahöfundur The New Yorker vitnar til dæmis til ummæla Cals Thomas, dálkahöfundar og álitsgjafa á fréttastöðinni Fox News, sem kallaði myndina eina mestu stuðningsyfirlýsingu við Ameríku og þau amerísku gildi sem tengjast fjölskyldu, trúrækni og hollustunni við fánann. Þau ummæli voru þó ekki nóg til þess að fá Denby ofan af því að sjá myndina og heillast af henni en hann segir í lok greinar sinnar að þrátt fyrir að heimurinn sé allur á skjön standi stríðsmaðurinn Oliver Stone fyrir sínu, hampandi þolgæði og hugrekki á sinn einstaka hátt og skili því í eftirminnilegri og kraftmikilli mynd. -khh

AUGLÝSINGASÍMI


550 5000

FRÉTTABLAÐIÐ

Námskeið um óperu Mozarts

Íslenska óperan frumsýnir „Brottnámið úr kvennabúrinu“ eftir Mozart í lok september og í tengslum við sýninguna verður efnt til námskeiðs um verkið og störf tónskáldsins á vegum Vínafélags Íslensku óperunnar og Endurmenntunar Háskóla Íslands. Þetta er í fyrsta sinn sem þessi ópera er sett upp hérlandis en í ár eru 250 ár liðin frá fæðingu tónskáldsins.

Í tilkynningu frá óperunni er þess getið að „Brottnámið úr kvennabúrinu“ hafi verið fyrsta óperan sem Mozart samdi fyrir óperuhús Vínarborgar eftir að hann fluttist þangað í óþökk fjölskyldu sinnar vorið 1781 en með henni sýndi hinn 25 ára gamli Mozart að hann hafði þegar náð fullkomnum



ÁRNI HEIMIR INGÓLFSSON Kennir námskeið um „Brottnámið úr kvennabúrinu“.

tökum á óperuforminu og væri fær í flestan sjó.

Á námskeiðinu verður óperan og efni hennar kynnt, helstu einkenni tónlistarinnar rædd og skoðuð með tóndæmum. Auk þess verður fjallað um „tyrknesk“ áhrif í tónlist Mozarts í óperunni og víðar, en óperan gerist í Tyrklandi á 17. öld.

Námskeiðið hefst í byrjun október og endar með ferð á sýningu Íslensku óperunnar þar sem þátttakendum gefst einnig kostur á að spjalla við aðstandendur sýningarinnar. Kennari á námskeiðinu er Árni Heimir Ingólfsson, tónlistarfræðingur en nánari upplýsingar má finna á www.opera.is. En skráning er hjá Endurmenntun Háskóla Íslands.

Myrkur í borginni

Götuljós Reykjavíkurborgar verða slökkt í tilefni af opnun Alþjóðlegu kvikmyndahátíðarinnar í Reykjavík sem hefst þann 28. september. Fram kemur í fréttatilkynningu frá hátíðinni að borgin verði myrkvuð frá 22 til 22.30 og að þetta sé í fyrsta sinn sem slík myrkvun sé skipulögð nokkurs staðar í heiminum. Sérlegur hugmyndasmiður þessa er rithöfundurinn Andri Snær Magnason en sýningartjald himinsins verður án ef það stærsta sem kvikmyndahátíðin býður upp á í haust.

Ennfremur hvetja aðstandendur hátíðarinnar til þess að borgarbúar og fyrirtæki slökki ljós sín til þess að leyfa feður himinsins að njóta sín.



ANDRI SNÆR MAGNASON Rithöfundur og talsmaður myrkursins. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

ÁGÚST

18 19 20 21 22 23 24

Mánudagur

TÓNLEIKAR

- 20.00 Kammersveitin Ísafold heldur tónleika í Listasafni Íslands. Stjórnandi er **Daníel Bjarnason**.

LEIKLIST

- 20.30 Íslenska Ferðaleikhúsið sýnir **Best of Light Nights** í lóni. Höfundur og leikstjóri er **Kristín G. Magnús**. Sýnt er á ensku.

SÝNINGAR

- 10.00 Sýningar **Listasafns Reykjavíkur** í Hafnarhúsi og á **Kjarvalsstöðum** eru opnar frá kl. 10-17 alla daga. Ókeypis á mánudögum

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á hvar@frettabladid.is ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.

24. ágúst - kl.20:00 - Örfá sæti
25. ágúst - kl.20:00 - Uppselt
31. ágúst - kl.20:00 - laust sæti

Máttalaan er í síma 566 8000
www.borgarleikhus.is
www.minnakust.is/footloose

Sýnt í Landnámssetri í Borgarnesi

Föstudag	25. ágúst kl. 20	Uppselt
Laugardag	26. ágúst kl. 20	Laus sæti
Laugardag	2. september kl. 20	Uppselt
Sunnudag	3. september kl. 15	
Sunnudag	3. september kl. 20	
Fimmtudag	7. september kl. 20	
Föstudag	8. september kl. 20	
Laugardag	9. september kl. 20	
Sunnudagur	10. september kl. 16	
Föstudagur	15. september kl. 20	
Laugardagur	16. september kl. 20	

LEIKHÚSTILBOÐ
Tvíréttaður matur, miði og frítt í göngin til baka í boði Landnámsseturs
Frá kr. 4000 - 4800
MIDPANTANIR Í SÍMA 437 1600

„NÚTÍMAFÓLK NOTAR TÖLVUR, FORNGRIKKIR NOTUÐU ALLSBERA SENDIBOÐA.“

TÖLVUKAUPALÁN ALLT AÐ 300.000 KR.

WWW.KBNAMSMENN.IS



Ekki bara náttúran

Leikstjórinn Spike Lee notaði tækifærið við frumsýningu heimildarmyndar sinnar um fellibylinn Katrínu til að gagnrýna aðgerðir stjórnvalda eftir að fellibylurinn gekk yfir. „Eyðileggingin hér í New Orleans er ekki einungis af völdum móður náttúru. Fólkíð sem stjórnaði björgunaraðgerðum vann bara ekki vinnuna sína,“ sagði Spike Lee á kynningarfundinum sem haldinn var áður en myndin var frumsýnd í New Orleans.

SPIKE LEE Leikstjóri nýrri heimildarmynd um fellibylinn Katrínu.



Þeir sem telja að leikstjórinn hafi einblínt um of á þeldökka íbúa New Orleans og lítið framhjá þeim sem eru ljósir á höfund og íbúum við strönd Mississippi-flóans hafa gagnrýnt leikstjórann. Lee svaraði gagnrýninni á þá leið að hann hefði sjálfur ákveðið að einbeita sér að New Orleans vegna „sögulegs mikilvægis“ atburðarins.

Kvikmyndin verður sýnd í bandarísku sjónvarpi þann 29. þessa mánaðar þegar eitt ár er liðið frá hamförnunum.



UMMERKI EFTIR FELLIBYLIÐ Leikarinn Spike Lee gagnrýndi yfirvöld fyrir sinnuleysi í kjölfar fellibylsins Katrínu.

Depp leikur Sweeney Todd

Leikarinn Johnny Depp og leikstjórinn Tim Burton sameina að öllum líkindum krafta sína á ný í kvikmyndaútgáfu söngleiksins sívinsæla, Sweeney Todd. Áformað er að Depp fari með hlutverk rakarans sem söngleikurinn heitir eftir, en rakarinn sá er viðsjárverður og sker viðskiptavini sína á háls þar sem þeir sitja í makinum í rakarastólum.

Samstarf Depps og leikstjórans Burtons hefur verið farsælt, meðal annars í kvikmyndunum Edward Scissorhands, Sleepy Hollow, Ed Wood og nú síðast í Kalla og sælgætisgerðinni. Tökur á kvikmyndinni um Sweeney Todd hefjast að líkindum snemma á næsta ári og myndin kemur því fyrir augu áhorfenda síðla næsta ár.

Aðdáendur Johnnys Depp geta líka glaðst yfir því að leikarinn kemur til með að syngja sjálfur löggin í kvikmyndinni.



JOHNNY DEPP Leikur Sweeney Todd í kvikmyndaútgáfu Tims Burtons. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES



STRÍPALINGAR Ragnar Kjartansson og félagar í Trabant tóku Danmörku með sannköluluðu trompi. Óhætt er að fullyrða að dönskum áhorfendum brá svoltið þegar Íslendingar tóku að tína af sér spjarirnar. FRÉTTABLAÐIÐ/KS

Á brókinni í Köben

Greyið Danir myndi einhver segja. Ekki nóg með að við Íslendingar séum að verða búinir að kaupa allt sem til sölu er í landinu og höfum hleypt af stað dagblaðastríði þá þurfum við líka að einoka tónleikasali Kaupmannahafnar. Þannig var það alla vega í fyrrakvöld þegar hljómsveitirnar Apparat,

Trabant og Unsound áttu sviðið á tónlistarhátíðinni Public Service Festival sem Danska ríkisútvarpið stendur að. Danskir áhugamenn um rafræna músík virtust þó taka þessari nýjustu frekju Íslendingar vel og var góð stemning á svæðinu þegar okkar menn stigu á svið.



LOKAHNYKKURINN Þegar líða fer að lokum tónleika Trabant fara þeir að fækka fötum.



HRESSIR ORGELLEIKARAR Sigtryggur og Úlfur nutu sín vel með dönskum tónlistaráhugamönnum.



UNSOUND Kristinn Gunnar Blöndal kynnti sólóverkefni sitt, Unsound, fyrir Dönum.



HEIMILISLEG STEMNING Orgelkvartettinn Apparat hitaði upp með tónleikum í verslun 12 Tóna í Kaupmannahöfn. Stemningin var heimilisleg eins og á flestum samkomum í versluninni, hvort sem það er hér heima eða í Kaupmannahöfn.

LYFJA
- Lífið heil



15% afsláttur af eftirtöldum pakkningastærðum til 31. ágúst



Innsogslyf
18 stk.

Dagplástur
15 mg. 7 stk.

Nefúðalyf

Tungurótartöflur
30 stk.

Nikótintyggiðummi
30 stk.

LYFJA
- Lífið heil

Garðatorgi • Grindavík • Keflavík • Lágmúla
Laugavegi • Smáratorgi • Setbergi • Smáralind
Spönginni • Höfn • Fáskrúðsfirði • Egilsstaðir
Seyðisfirði • Neskaupstað • Eskifirði • Reyðarfirði
Ísafirði • Bolungarvík • Patreksfirði • Borgarnesi
Grundarfirði • Stykkishólmi • Búðardal • Húsavík
Kópasker • Raufarhöfn • Þórshöfn • Sauðárkrúki
Blönduósi • Hvammstanga • Skagastönd
Selfossi • Laugarási



PARIS HILTON Sigráði með yfirburðum í kosningu um ofmetnustu stjórnuna og komst því í heimsmetabók Guinness.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTYIMAGES

Ofmetin Hilton

Hótelarfinginn Paris Hilton hefur nú komist í heimsmetabók Guinness fyrir að vera ofmetnasti frægi einstaklingur í heimi. Talsmaður bókarinnar segir heimildirnar hafi verið teknar úr skoðanakönnunum í tímaritum úti um allan heim þar sem kosið var um ofmetnustu stjórnuna og Paris sigráði með yfirburðum.

Fleiri frægir einstaklingar hafa ratað inn á síður heimsmetabókarinnar svo sem Madonna sem er hæst launaða söngkonan í heimi.



JUSTIN Getur bara gert einn hlut í einu.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTYIMAGES

Engin tónlist í rúminu

Söngvarinn og kyntáknið Justin Timberlake segist ekki geta notið ásta með unnustu sinni ef tónlist er spiluð á sama tíma. Justin, sem er kærasti Cameron Diaz, finnst hann ekki standa sig nægilega vel því tónlistin sé of truflandi. „Ef ég heyri tónlist á meðan ég er í rúminu fer ég alltaf að pæla of mikið í tónlistinni,“ segir hjartaknúsarinn sem gefur út nýja plötu innan tíðar. Fyrsta lagið af plötunni heitir Sexyback og er þegar farið að heyrast á öldum ljósvakans.



EVA LONGORIA Kom kærastanum á óvart um daginn. Hann hafði ekki hugmynd um að hún væri jafn mikill skófkíll og hún er.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTYIMAGES

Eva er algjör skófkíll

Leikkonan Eva Longoria kom kærastanum á óvart þegar þau voru að skipuleggja nýja húsið sitt á dögnum. Í ljós kom að kærastinn, körfuboltamaðurinn Tony Parker, hafði ekki hugmynd um að Longoria væri algjör skófkíll. „Ég held að ég hafi fæðst á hælum,“ sagði Eva eitt sinn og það lýsir skófkíln hennar ágætlega. „Þegar við vorum að hanna skápana okkar spurði Tony mig hvað ég þyrfti mikið pláss undir skóna. Hann hélt að ég ætti 20 pör alls. Ég spurði hvort hann væri virkilega að grínast, ég á alla vega tuttugu pör bara af sandölum!“

Supernova í slæmum málum

Rokkbandið Supernova hefur ákveðið að fara í mál við nafna sína í sjónvarpsþættinum Rock Star: Supernova sem sýndur er á Skjá einum en þættirnir hafa notið mikilla vinsælda hér á landi enda Magni „okkar“ Ásgeirsson að gera góða hluti þar vestra. Fyrirnefnda hljómsveitin er ef til vill ekki mörgum kunn en hún átti þó lagið Chewbacca í kvikmyndinni Clerks. Langar og strangar samningaviðræður hafa staðið yfir bak við tjöldin en í júní slitnaði upp úr þeim og því ákvað Supernova að fara með málið fyrir dómstóla í San Diego. Hljómsveitin vill koma í veg fyrir að Supernova-sjónvarpsbandið noti nafnið í markaðs-skyndi enda myndi það skaða leið hennar á toppinn, en frá þessu greinir fréttavefur CNN.

Lögfræðingur sveitarinnar, John Mizhir Jr., sagði að sveitin sæi enga aðra leið en að fara með málið í þennan farveg þar sem hún vildi tryggja að nafnið yrði hennar því hljómsveitarmeðlimir hefðu unnið að því hörðum höndum að festa það í sessi. „Við reyndum að



SUPERNOVA Nafnið gæti verið stolið frá hljómsveit sem þegar hefur gefið út þrjár breiðskífur og átti lagið Chewbacca í kvikmyndinni Clerks.

fara mjúku leiðina með samningum en töluðum fyrir daufum eyrum,“ sagði Mizhir.

Upprunalega Supernova-hljóm-

sveitin var stofnuð árið 1989 af þeim Jodey Lawrence, Art Mitchell og David Collins en sveitin hefur þegar gefið út þrjár breiðskífur.

Sveitin hefur verið á tónleikaferðalagi um Kaliforníu, Arizona og Nevada en samkvæmt talsmanni hennar er ný plata í undirbúningi.

Margverðlaunað

fyrir hollustu og bragðgæði

Léttreykta kjúklingaáleggið frá Holtakjúklingi er margverðlaunað fyrir hollustu og bragðgæði.

Þú finnur vart fituminna álegg.



Holta
Kjúklingur

ADEINS
0,7% FITA

SAMBÍÓNÍ

ÁLFBAKKA

LADY IN THE WATER	KL. 5:30-8-10:20	B.I. 12
LADY IN THE WATER VIP	KL. 5:30-8-10:20	
5 CHILDREN & IT	KL. 4-6	LEYFD
PIRATES OF THE CARIBBEAN 2	KL. 5-7-8-10	B.I. 12
THE LONG WEEKEND	KL. 8-10-10	B.I. 14
OVER THE HEDGE <i>isl. tal</i>	KL. 4-6	LEYFD
OVER THE HEDGE <i>enskt. tal</i>	KL. 11	LEYFD
SUPERMAN RETURNS	KL. 8	B.I. 10
BÍLAR <i>isl. tal</i>	KL. 4	LEYFD

KRINGLUNNI

*LADY IN THE WATER	KL. 5:40-8-10-10:30	B.I. 12
5 CHILDREN & IT	KL. 4-6	LEYFD
MIAMI VICE	KL. 8-10:45	B.I. 16
*PIRATES OF THE CARIBBEAN 2	KL. 8-11	B.I. 12
*OVER THE HEDGE <i>isl. tal</i>	KL. 4	LEYFD
*OVER THE HEDGE <i>enskt. tal</i>	KL. 4-6	LEYFD
*SÝNDAR Í STAFRÆNNI ÚTGÁFU. MYND OG HLJÓÐ		

KEFLAVÍK

STORMBREAKER	KL. 8	LEYFD
SILENT HILL	KL. 10	B.I. 16
PIRATES OF THE CARIBBEAN 2	KL. 8	B.I. 12

AKUREYRI

5 CHILDREN & IT	KL. 6	LEYFD
HALF LIGHT	KL. 8-10:20	B.I. 16
OVER THE HEDGE <i>isl. tal</i>	KL. 6	LEYFD
PIRATES OF THE CARIBBEAN 2	KL. 8	B.I. 12
THE LONG WEEKEND	KL. 10:40	B.I. 14

HÁSKÓLABÍÓ S: 530-1919



LEONARDO DI CAPRIO Er í skáldsögu um ungan óþekktan leikara sem er hommi.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTYIMAGES

Di Caprio í skáldsögu

Fjallað er um leikarann Leonardo Di Caprio í nýrri skáldsögu eftir rithöfundinn Andy Zeffer sem ber nafnið „Going down in La-La Land“ og fjallar um ungan óþekktan leikara sem er í hommaklámmyndabransanum. Í bókinni fær hann það hlutverk að leika á móti Di Caprio í Woody

Allen mynd þar sem hann á að grípa í klofið á DiCaprio og verður söguhetjan ástfangin af stórstjörnunni.

Hommastimpillinn hefur lengi loðað við DiCaprio síðan hann skaut upp á stjörnuhimininn og þykir þessi saga hnykkja enn frekar á þeim stimpli.

Ágætis hommapopp

[TÓNLIST]

UMFIJÖLLUN

Þeir klæða sig eins og Scissor Sisters, eru með lög sem minna stundum á Jack Johnson en vilja samt hljóma örlítið eins og Interpol á köflum. Þeir fara svipaða leið og svo margar bandarískar sveitir sem er stefnt inn á markað samkynhneigðra. Að sigra fyrst Bretlandsmarkað, áður en þær fá viðurkenningu í heimalandinu.

Það virðist líka alveg vera að virka, enda er þetta alveg ágætis hommapopp. Mjög stílhreint og dauðhreinsað en ekki mikið klístur eftir sykurlöðu. Svo er passað mjög vel upp á að öll lögin hafi að minnsta kosti einn grípandi, epískan kafla sem allir geta sungið með. Bjagaði gítarinn er á sínum stað, en hann er þó alltaf mjög snyrtilegur til fara. Þetta er sem sagt ekkert endilega fyrir stelpustráka, þó það sé hannað sérstaklega fyrir tilfinningaríka karlmenn og unglingsstúlkur.

Þetta er grípandi og klisjuskotið popprokk fyrir augnablikið. Tónlist sem á án efa eftir að hljóma í vinsælum unglingsljónvarpsþáttum á borð við The O.C. Ég get samt ekki ímyndað mér að þetta hreyfi það djúpt við einhverjum að fólk eigi eftir að muna eftir þessari plötu eftir fimm ár. Þetta er blygðunarlaus tilraun til þess að gera grípandi og tímalausa popprokkplötu. Hér eru líka nokkur fáránlega grípandi lög eins og No Tomorrow og So Ahead of Me sem breskar unglingsstúlkur eru þegar byrjaðar að raula valhoppandi í skólabúningunum sínum á leið í skólann.

Sem popplata er hún þannig alveg að virka, en þegar kemur að galdrinum sem gerir plötur tímalausar þá er þessi of vandlega staðsett á miðju vegarins til þess að verða á vegi nokkurs leitandi manns sem er bókað að beini athygli sinni á hliðarlínurnar. Þessi tónlist skilur sama sem ekkert eftir sig og fyrir vikið verður



ORSON

BRIGHT IDEA

Niðurstaða: Orson er popprokk fyrir augnablikið. Menn eiga þó ekkert eftir að þurfa leggja mikið á sig til þess að gleyma þessari sveit.

hún alveg sérstaklega leiðingjörn og pirrandi við ítrekaða hlustun. Orson, hér í dag, glæsilegir og fínþússaðir í jakkafötunum sínum, en horfnir á morgun. Svo, gleymdir í þynnu næstu viku eftir að plötufyrirtækið þeirra slítur samningnum við þá. Og þá fara næstu gínur á svið, takk.

Birgir Örn Steinarrson

LJÓSA SALA

RÝMUM FYRIR NÝJUM VÖRUM 21-28 ÁGÚST
NÚ ER TÆKIFÆRI TIL AÐ KAUPA ÞAÐ SEM ÞÉR HEFUR ALLTAF LANGAÐ Í

LUMEX

Lumex
Skiptiholti 37
Sími 568 8388
www.lumex.is



Sjálfsmark eða ekki?

Heiðar Helguson skoraði í gær eina mark Fulham, sem mátti þola 5-1 tap gegn Manchester United. Erlendir fjölmiðlar eru þó ekki sammála um hvort markíð sé í eigu Heiðars en boltinn hafði viðkomu hjá Rio Ferdinand og vilja því flestir skrá markíð sem sjálfsmark á hann.

sport
sport@frettabladid.is

HJÁLMAR ÞÓRARINSSON: HEFUR FÁ TÆKIFÆRI FENGIÐ HJÁ SKOSKA LIÐINU HEARTS

Hugleiddi það að snúa aftur heim

Hjálmar Þórarinsson, U21 landsliðsmaður Íslands, hefur fengið fá tækifæri með skoska úrvalsdeildarliðinu Hearts á þessu tímabili. Hjálmar er tvítugur og var hann í síðustu viku orðaður við 1. deildarliðið Hamilton í Skotlandi og var talað um það að félagið vildi fá hann að láni út þetta tímabil. „Ég veit eiginlega lítið um þetta mál, þetta kom vel til greina á tímabili og ég held að þetta sé enn inn í myndinni. Það á bara eftir að

koma í ljós hvað gerist í þeim málum. Félagaskiptaglugginn lokar núna í lok ágúst og því ætti þetta að fara að koma í ljós,“ sagði Hjálmar Þórarinsson við Fréttablaðið í gær en hann er samningsbundinn Hearts út þetta tímabil og einnig það næsta. „Mér líður mjög vel hérna úti og er ekkert mikið að stressa mig þótt maður vilji náttúrulega fá sín mál á hreint,“ sagði Hjálmar sem viðurkennir að honum finnist hann ekki hafa fengið nægilega mörg tækifæri. „Tækifærin ættu samt að koma ef maður heldur

áfram að leggja sig fram og þá verður maður að ná að grípa tækifærið þegar það kemur.“

Hjálmar er sóknarmaður og hefur hann farið út til reynslu hjá liðum í Skandinavíu að undanfögnu, norska 1. deildarliðinu Álasundi og sænska úrvalsdeildarfélaginu AIK Solna. „Ég hef mikinn áhuga á því að fara í lið á Norðurlöndunum ef rétta tækifærið gefst,“ sagði Hjálmar sem er uppallinn hjá Þrótti og keypti Hearts hann frá félaginu í marsmánuði í fyrra. Hann viðurkennir að hafa íhugað að snúa aftur heim þar sem honum hefur gengið illa að vinna sér inn sæti í liði Hearts. „Ég hugleiddi það á tímabili en eins og staðan er núna held ég að ég verði hérna áfram í einhvern tíma.“

> Töpuðu öllum leikjunum

Íslenska drengjalandsliðið í körfubolta, skipað leikmönnum 16 ára og yngri, reið ekki feitum hesti frá keppni í A-deild Evrópumeistaramótsins sem hefur farið fram á Spáni undanfarna daga. Íslenska liðið tapaði öllum sínum leikjum, síðast gegn Þjóðverjum í gær, og lenti því í 16. og neðsta sæti. Liðið féll sömuleiðis niður í B-deild keppinnar. Lokatölur leiksins í gær voru 63-47 en stigahæstur í íslenska liðinu var Sigmar Logi Björnsson með 21 stig. Alfreð Elíasson skoraði 20 stig.



RIISE ÞJÁÐUR Fór meiddur af velli í fyrradag. NORDIC PHOTOS/GETTY

Riise og Carragher:

Verða frá í tvær vikur

FÓTBOLTI Varnarmennirnir John Arne Riise og Jamie Carragher verða báðir fjarverandi í tvær vikur vegna meiðslanna sem þeir urðu fyrir í leik Liverpool og Sheffield United í fyrradag. Báðir fóru þeir af velli í fyrri hálfleik en leiknum lyktaði með 1-1 jafntefli.

Norðmaðurinn Riise meiddist á vinstri ökkla og virtist mjög þjáður en Carragher haltraði af velli eftir að hafa tognað á liðböndum, einnig á ökkla. Báðir missa þeir því af viðureign Liverpool gegn Maccabi Haifa í Kænugarði á morgun. - esá

Teitur Þórðarson:

Gagnrýnir Gardar í pistli

FÓTBOLTI Teitur Þórðarson þjálfari KR gagnrýnir í sínum nýjasta pistli sem birtist á stuðningsmannasíðu KR-inga, krreykjavik.is, Gardar Jóhannsson sem fyrir skömmu var seldur frá KR til Vals. Gardar sló í gegn hjá Valsmönnum og skoraði fjögur mörk í sínum fyrstu tveimur leikjum hjá félaginu.

Teitur segir ástæðuna fyrir sölu Gardars vera sú að Valur hafi gert gott tilboð í leikmanninn sem hefði hvort eð er yfirgefið félagið að tímabilinu loknu. „Gardar er góður leikmaður, en ein af ástæðunum fyrir því að hann náði aldrei að festa sig í sessi í KR liðinu er án efa blanda af þó nokkrum meiðslum og einnig það að hann kannski var ekki tilbúinn að leggja það á sig sem þurfti og var krafist,“ segir í pistli Teits. - esá

Fyrsti leikur Ara Freys:

Ari fór beint í byrjunarliðið

FÓTBOLTI Valsmaðurinn Ari Freyr Skúlason var í byrjunarliði BK Häcken er liðið mætti Malmö FF í sænsku úrvalsdeildinni í gær. Ari gekk til liðs við félagið fyrir aðeins fáeinum vikum síðan og má því segja að hann hafi farið beint í byrjunarlið félagsins.

Ari stóð sig vel í gær en var skipt af velli á 59. mínútu. Häcken vann leikinn, 3-1, og kom Emil Hallfredsson inn á sem varamaður fyrir Malmö þegar um átján mínútur voru til leiksloka. - esá

United og Chelsea byrja með stæl

Manchester United og Englandsmeistarar Chelsea hófu í gær leik í ensku úrvalsdeildinni er liðin unnu auðveldlega sigra á Fulham og Manchester City. Heiðar Helguson var í byrjunarliði Fulham og átti ágætán dag.

FÓTBOLTI Manchester United hóf tímabilið með látum í fyrri leik dagsins í gær og skoraði fjögur mörk gegn lánlausum leikmönnum Fulham á fyrstu átján mínútum leiksins. Heiðar Helguson klóraði í bakkann fyrir Fulham skömmu síðar en United bætti við fimmta markinu í síðari hálfleik og þar við sat. Chelsea hóf einnig leik í gær og byrjaði með sterkum 3-0 sigri á Manchester City.

Wayne Rooney skoraði tvívegis fyrir United og Cristiano Ronaldo gerði eitt mark í leiknum. Fögnuðu þeir hvor öðrum mjög en þeir voru í sviðsljósinu eftir HM í sumar þegar þeir áttust við í leik og Rooney fékk að líta rauða spjaldið. Alex Ferguson, stjóri United, lofaði báða leikmenn eftir leik. „Þeir náðu vel saman í leiknum. Það er augljóst að þeir eru góðir vinir,“ sagði Ferguson. „Fólk er alltaf að leita að sökudólgum en jafnvel stuðningsmenn Fulham hættu að baula á Ronaldo undir lok leiksins. Ég held að þeir hafi séð að drengurinn er frábær knattspyrnumaður.“

Chris Coleman er þegar orðinn valtur í starfi eftir fyrsta leik tímabilsins en þakkaði fyrir að þurfa ekki að mæta Manchester United í hverri viku. „Þeir völuðu yfir okkur. Við gátum ekki náð boltanum og þegar við fengum hann létum við hann frá okkur allt of auðveldlega,“ sagði Coleman eftir leik. „Við eigum leik gegn Bolton á miðvikudag og verðum að spýta í lófana fyrir þann leik. Ég er viss um að við getum átt farsælt tímabil.“



BESTU VINIR Wayne Rooney og Cristiano Ronaldo fagna einu marka Manchester United í gær ásamt félögum sínum. NORDIC PHOTOS/GETTY

tímabil.“

Chelsea hóf titilvörn sína í gær með sigri á Manchester United, 3-0, og komu mörkin frá þeim John Terry, Frank Lampard og Didier Drogba. Jose Mourinho stillti upp í 4-4-2 leikkerfi með þá Drogba og Andryi Shevchenko í framlínunni.

Fyrir leikinn hafði Mourinho lýst yfir áhyggjum sínum um hversu margir af hans mönnum hafi verið fráverandi vegna landsleikja í síðustu viku en það virtist ekki koma að sök í gær, en hann stillti tíu landsliðsmönnum í byrjunarlið sitt. „Við spiluðum mjög vel í dag,“

sagði Mourinho. „Frammistaða liðsins fór fram úr mínum björtustu vonum.“

Þetta var ekki dagur Manchester City í gær en til að bæta gráu ofan á svart þá fékk Bernardo Corradi að líta rauða spjaldið.

eirikur.asgeirsson@frettabladid.is

Umboðsmaður Wayne Rooney sendi bréf til enska knattspyrnusambandsins:

Wayne Rooney alls ekki sáttur

FÓTBOLTI Sóknarmaðurinn Wayne Rooney hefur hótað að hætta allri sjálfbodaðavinnu fyrir enska knattspyrnusambandið í mótmælaskyni vegna þriggja leikja bannansins sem hann þarf að afplána. Paul Stretford, umboðsmaður hans, sendi bréf til enska sambandsins þar sem hann lýsti yfir undrun sinni á því að leikbannið hafi ekki verið afturkallað af sambandinu.

Þá hótar Rooney að draga sig út úr öllum auglýsingum og góðgerðarstarfsemi fyrir sambandið. Leikbannið tekur gildi á miðvikudaginn og verður hann því ekki með í leikjum gegn Charlton, Watford og Tottenham. „Rooney mun halda áfram að spila fyrir landsliðið ef hann verður valinn í það verkefni. Hann er hins vegar mótfallinn því að nafn hans eða andlit sé notað í kynningarskyni fyrir FA,“ sagði meðal annars í bréfinu.

Hann fer í bann vegna mjög umdeildrar brottvísunar sem hann fékk í æfingaleik gegn Porto á hinu svokallaða Amsterdam-móti. Hann lenti í skallaeinvígi og slæmdi hendinni í leikmann Porto með þeim afleiðingum að hann féll í jörðina.

Dómari leiksins sýndi Rooney



WAYNE ROONEY Var rekinn af velli í leik gegn Porto. NORDICPHOTOS/GETTY

samstundis rauða spjaldið en í endursýningum sást það greinilega að þetta var ekki viljaverk og hefði í allra mesta lagi verðskuld að gult spjald. Dómariinn sendi þó skýrslu til FA, enska knattspyrnusambandsins, og þó að Manchester United hafi áfrýjað dómnum var hann látinn standa.

Steve McClaren, landsliðsþjálfari Englands, er meðal þeirra sem hafa lýst yfir undrun sinni á að leikbann Rooney hafi ekki verið afturkallað. „Þetta mál á ekki eftir að bæta samskipti milli mín og félaganna,“ sagði McClaren.

- egm



SIR BOBBY ROBSON Er orðinn 73 ára gamall. NORDIC PHOTOS/GETTY

Sir Bobby Robson:

Fer í heilaskurðaðgerð

FÓTBOLTI Knattspyrnuþjálfari Sir Bobby Robson þarf að gangast fljótlega undir heilaskurðaðgerð. Hann veiktist illa þann 5. ágúst síðastliðinn er hann fylgdist með leik Ipswich á heimavelli liðsins, en hann er forseti félagsins. Hann var eitt sinn þjálfari liðsins sem og landsliðsþjálfari Englands.

Robson segir að hann sé með heilaeðli sem þurfi að fjarlægja. „Aðgerðin verður gerð á miðvikudaginn. Læknar segja mér að ég sé annars heill heilsu og ætti því að geta náð mér að fullu.“ - esá



MIROSLAV KLOSE Gæti verið á leiðinni til Bayern München. NORDIC PHOTOS/GETTY

Miroslav Klose heitur: Bayern eltist við Klose

FÓTBOLTI Bayern München hefur nú bæst í kapphlaupið um að tryggja sér þjónustu þýska landsliðsmannsins Miroslav Klose en leikmaðurinn er nú samningsbundinn Werder Bremen. Klose var nýlega valinn leikmaður ársins í Þýskalandi og sló þar að auki í gegn með Þýskalandi á HM í sumar.

„Það er draumur minn að leika erlendis en Bayern er stórt félag,“ sagði Klose sem er samningsbundinn Bremen til 2008. „Ég er mjög ánægður hjá Bremen en býst ekki við að það muni standa í vegi fyrir mér ef stórt tilboð kemur á næsta ári.“ - esá

Þjálfari Lilleström: Var kallaður nasisti

FÓTBOLTI Uwe Rösler, þjálfari Lilleström, hlaut heldur óblíðar móttökur áður en leikur Start og Lilleström hófst í fjórðungsúrslitum norsku bikarkeppinnar á laugardaginn. Rösler kemur frá Þýskalandi en hefur starfað í Noregi lengi vel, bæði sem leikmaður og þjálfari. „Þetta er skandall og mér finnst ótrúlegt að heyra slíka hluti í Noregi, landi sem mér líkar svo vel við,“ sagði Rösler um atvikið en ásakaði þó ekki félagið. „Mér líkar vel við Start, bæði þjálfara og leikmenn liðsins. En í dag fengu nokkrir hálfvitar að vaða uppi.“ Start vann leikinn, 3-2. - esá

Peter Ridsdale: Fékk lífstíðar-bann frá Leeds

FÓTBOLTI Peter Ridsdale fékk heldur óblíðar móttökur á laugardaginn er Leeds mætti Cardiff City á Elland Road. Síðarnefnda liðið vann leikinn, 1-0, og segir Ridsdale að hann hafi verið rekinn úr stjórnarherbergi Leeds eftir leikinn, en Ridsdale er varaformaður Cardiff.

Ridsdale var áður stjórnarformaður Leeds og sagður vera sá maður sem keyrði félagið í þrot á árunum 2000-2003 er klúbburinn safnaði upp 100 milljón punda skuld. Núverandi eigandi félagsins, Ken Bates, neitaði ásökunum Ridsdale. „Þetta er haugalygi en ég er viss um að hann vill fá athyglina.“ - esá

Newcastle United: Yfirtökutilboð í vændum

FÓTBOLTI Allt útlit er fyrir að fyrir-tæki að nafni Belgravia Group hafi sett sig í samband við Newcastle með það fyrir augum að gera yfirtökutilboð í félagið. Newcastle, sem leikur í ensku úrvalsdeildinni, er metið í ensku kauphöllinni á 81 milljón punda en talsmaður Belgravia sagði í samtali við Sunday Times að það væri „spennandi tækifæri“ sem fælist í því að kaupa Newcastle.

Stjórnarmaður félagsins, Freddy Shepherd, á 28% í félaginu og hefur áður varist því að selja hlut sinn í félaginu.

Í síðustu viku gerði bandaríski auðkýfingurinn Randy Lerner yfirtökutilboð í Aston Villa sem var samþykkt af stjórn félagsins.

- esá

Umferðarlagabrot sem framið var á bíl Johns Terry hafði lengri eftirmála en búist var við:

Loksins lending í sektarmáli Terrys

FÓTBOLTI Loks er komin laus í umferðarlagabroti sem snertir John Terry, fyrirlíða enska landsliðsins, en málið hefur staðið í heila átján mánuði og er vegna 60 punda sektargreiðslu sem eru rétt rúmar átta þúsund íslenskar krónur. Bentley-bifreið Terrys náðist á hraðamyndavél og neitaði Terry að segja lögreglunni hver var undir stýri.

Það var í febrúar 2005 sem vegamyndavél náði mynd af bifreið hans sem metin er á rúmar þrettán milljónir íslenskra króna. Nokkrum dögum eftir að myndin náðist sendi lögreglan bréf til Terrys og bað hann að gefa upp

hver það var sem keyrði bílinn. Atvikið átti sér stað rétt hjá æfingarsvæði Chelsea og heimili leikmannsins. Terry svaraði þó ekki bréfinu og neitaði að gefa upp hver ók.

„Þetta er mál sem hefði átt að taka örfáa daga en hefur heldur betur regist á langinn. Hann sýnir ekki góða fyrirmynd með því að neita fyrir lítið umferðarlagabrot,“ sagði talsmaður lögreglunnar. Að lokum ákvað Terry að fara fram á að vera sjálfur sektaður vegna brotsins og var fundinn sekur um að neita að gefa upplýsingar. Hann var sektaður um samtals 300 pund eða rúmar 40



þúsund íslenskar krónur. Sú upphæð ætti ekki að vera mikill hausverkur fyrir Terry enda græðir hann meira en 13 milljónir í hverri viku.

Þess má geta að Terry spilaði að sjálfsögðu með liði sínu, Chelsea, gegn Manchester City í ensku úrvalsdeildinni í gær og náði hann að skora mark í sigurleik sinna manna.

- egm

TERRY FAGNAR

Hér fagnar John Terry ásamt félaganum sínum Didier Drogba eftir að hafa skorað í gær.

NORDICPHOTOS/GETTY

lenovo

Tölva sem kveikir í þér!

Ekki þó bókstaflega, enda með fullkomnu kælikerfi

Lenovo 3000

INNBYGGD VEFMYNDAVÉL
INNBYGGÐUR MINNISKORTALESARI
FINGRAFARALESARI
VIBRANTVIEW LCD SKJÁR
AFAR EINFALT AÐ TENGJAST NETKERFUM

Taktu þátt í
Lenovo-leiknum
á www.lenovo.is!
Þú gætir unnið glæsilega
Lenovo-fartölvu eða aðra
verðmæta vinninga.
Dregið í beinni á Bylgjunni
næstu daga.



Lenovo 3000 N100

Intel Celeron M 1,46GHz
512MB minni (stækkanlegt í 2GB)
80GB 5400sn SATA harður diskur
14,1" skjár / 1280x800 upplausn
Intel GMA 950 allt að 128MB
DVD-RW / WiFi / Bluetooth /
FireWire / 4x USB 2.0
Fingrafaralesari & vefmyndavél
Kortalesari fyrir minniskort
Þyngd frá 2.5 kg
Windows® XP Home*** stýrikerfi

Mánaðarlegar greiðslur*: **3.780 kr.**
Verð: **109.900 kr.**

Lenovo 3000 N100

Intel Core Duo T2300 1,66GHz
512MB minni (stækkanlegt í 2GB)
80GB 5400sn SATA harður diskur
15,4" skjár / 1280x800 upplausn
Intel GMA 950 allt að 128MB
DVD-RW / WiFi / Bluetooth /
FireWire / 4x USB 2.0
Fingrafaralesari & vefmyndavél
Kortalesari fyrir minniskort
Þyngd frá 2.8 kg
Windows® XP Pro stýrikerfi

Mánaðarlegar greiðslur*: **4.812 kr.**
Verð: **139.900 kr.**

Lenovo 3000 V100

Intel Core Duo T2300 1,66GHz
512MB minni (stækkanlegt í 2GB)
80GB 5400sn SATA harður diskur
12,1" skjár / 1280x800 upplausn
Intel GMA 950 allt að 128MB
DVD-RW / WiFi / Bluetooth /
FireWire / 3x USB 2.0
Fingrafaralesari & vefmyndavél
Kortalesari fyrir minniskort
Þyngd frá 1.8 kg
Windows® XP Pro stýrikerfi

Mánaðarlegar greiðslur*: **5.156 kr.**
Verð: **149.900 kr.**

Lenovo 3000 N100

Intel Core Duo T2500 2,0GHz
1GB minni (stækkanlegt í 2GB)
100GB 5400sn SATA harður diskur
15,4" skjár / 1680x1050 upplausn
nVidia GeForce FX 128MB skjákort
DVD-RW / WiFi / Bluetooth /
FireWire / 4x USB 2.0
Fingrafaralesari & vefmyndavél
Kortalesari fyrir minniskort
Þyngd frá 2.8 kg
Windows® XP Home*** stýrikerfi

Mánaðarlegar greiðslur*: **6.188 kr.**
Verð: **179.900 kr.**



Plantronics Explorer 320

Bluetooth þráðlaust heyrnartól
Tengjanlegt við tölvusíma eða GSM
Ef þú kaupir Lenovo 3000 eða
ThinkPad fartölvu hjá Nýherja færðu
Plantronics heyrnartól fritt með.

Canon iP5200 bleksprautuprentari

Gæði, hraði og hagkvæmni
Single Ink - sér hylki fyrir hvern lit
Tilboðsverð*: **15.900 kr.**
Listaverð: **19.900 kr.**

Verið velkomin í verslun Nýherja, Borgartúni 37, þar sem við aðstoðum við val á réttu fartölvunni. **Sóluáðilar um land allt.**

www.lenovo.is

Nýherji hf. | Borgartúni 37 | 105 Reykjavík | Sími 569 7700 | www.nyherji.is

* Mánaðarlegar greiðslur miðast við tölvulán til 36 mánaða hjá Landsbankanum, miðað við upplýsingar af www.landsbanki.is 18. júlí 2006. / ** Tilboð gildir aðeins fyrir þá sem kaupa ThinkPad eða Lenovo 3000 fartölvu. / *** Nýherji mælir með Windows XP Pro.

	0-1	
Breiðablik		KR
Kópavogsvöllur, áhorf.: 1041 Erlendur Eiríksson (6)		

0-1 Björgólfur Takefusa (41.)

TÖLFRÆÐIN

Skot (á mark)	14-15 (5-6)
Varin skot	Hjörvar 4 - Kristján 5
Horn	6-5
Aukaspjrnur fengnar	16-10
Rangstöður	3-0

BREIÐABL. 4-4-2	KR 4-4-2
Hjörvar 7	Kristján 8
Árni K. 6	Sigbór 7
Guðmann 6	Gunnlaugur 7
Gasic 6	Pauletic 7
Haaland 5	Vígfus 6
(73. Arnór Sveinn -)	Cizmek 6
Olgeir 4	(82. Skúli Jón -)
(64. Steinþór 5)	Bjarnólfr 7
Podzemsky 7	Kristinn 4
Arnar 7	Sigmundur 5
Kristján Óli 4	Grétar 4
Svanovic 5	Björgólfur 8*
Ellert 3	(88. Tryggvi -)
(Viktor Unnar -)	*Maður leiksins

	3-3	
Fylkir		ÍA
Fylkisvöllur, áhorf.: 755 Ólafur Ragnarsson (7)		

0-1 Guðjón Heiðar Sveinsson (7.)

0-2 Bjarni Guðjónsson (32.)

1-2 Sævar Þór Gíslason (51.)

1-3 Heimir Einarsson (79.)

2-3 Haukur Ingi Guðnason (81.)

3-3 Sævar Þór Gíslason (82.)

TÖLFRÆÐIN

Skot (á mark)	10-12 (6-7)
Varin skot	Fjalar/Bjarni 4 - Bjarki 4
Horn	3-5
Aukaspjrnur fengnar	6-0
Rangstöður	12-12

FYLKIR 4-3-3	ÍA 4-3-3
Fjalar 5	Bjarki Freyr 7
(46. Bjarni Þ. 6)	Kári Steinn 5
Arnar Þór 7	Árni Thor 7
Ragnar 6	Heimir 7
Guðni Rúnar 6	Guðjón Heiðar 7
Þórir 5	Pálmi 6
Páll 4	Bjarni 8
(70. Jón B. 6)	Bjarki Gu. 8
Ólafur 6	(77. Jón Vilhelm -)
Eyjólfur 7	Þórður 6
Albert 6	(46. Ellert Jón 6)
Haukur Ingi 8*	Hafþór Ægir 7
Christiansen 3	(58. Dean Martin 5)
(33. Sævar Þór 8)	Arnar 6

	2-1	
Keflavík		FH
Keflavíkuvöllur, áhorf.: 2070 Einar Örn Danielsson (7)		

1-0 Baldur Sigurðsson (67.)

1-1 Atli Guðnason (68.)

2-1 Baldur Sigurðsson (90.)

TÖLFRÆÐIN

Skot (á mark)	16-8 (9-4)
Varin skot	Ómar 3 - Daði 7
Horn	6-6
Aukaspjrnur fengnar	14-11
Rangstöður	5-2

KEFLAVÍK 4-3-3	FH 4-3-3
Ómar 6	Daði 8
Guðjón Árni 7	Ásgeir Gu. 6
Gustafsson 7	Nielsen 7
Guðm. Mete 7	Ármann 7
Milicevic 6	Heimir Snaer 6
Jónas Guðni 7	(77. Madzen -)
Baldur 8*	Siim 4
Hólmar Örn 8	Sigurvin 6
Simun 7	Matthias 5
Guðm. St. 7	(68. Atli 7)
Magnús 7	Tryggvi 4
(73. Þórarinn -)	Ólafur Páll 3
	Lindbaek 4
	(82. Dyring -)

Æfingamót í Þýskalandi:

Gummersbach fagnaði sigri

HANDBOLTI Alfreð Gíslason og lærisveinar hans í Gummersbach fögnuðu um helgina sigri á átta liða æfingamóti sem nefndist Bundesliga-cup. Gummersbach vann alla leiki sína í mótnu og landslið Egypta í úrslitaleik, 39-31, þar sem Guðjón Valur Sigurðsson skoraði sjö mörk.

Mývetningurinn Baldur Sigurðsson tryggði Keflavík öll stigin gegn Íslandsmeisturum FH:

Baldur sá um Íslandsmeistarana fyrir Keflavík

FÓTBOLTI Fyrri hálfleikur fór mjög fjórlega af stað en það voru heimamenn í Keflavík sem tóku völdin strax í byrjun. Keflavíkustrákrarnir voru gríðarlega vel stemmdir, spiluðu boltanum hratt á milli sín, notuðu fáar snertingar og voru það hreyfanlegir að staðir FH-ingar voru alltaf skrefi á eftir.

Keflavíkingar fengu tvö fín færi á fyrstu tíu mínútum leiksins en Daði Lárusson var á tánum og bjargaði vel í bæði skiptin fyrir Íslandsmeistarana. Eftir tuttugu mínútna leik vaknaði FH aðeins til lífsins og Andre Linbaek fékk þröngt færi en Ómar varði vel.

Eftir það dó leikurinn í bókstaflegri merkingu og síðustu 25 mínútur hálfleiksins voru álfka fjórugar og veðurfréttirnar á Rúv.

Sama ládeyðan var upp á teningnum í upphafi síðari hálfleiks en þegar rúmur klukkutími var búinn af leiknum byrjuðu liðin að spyrja bolta á nýjan leik. Færin komu hvert á fætur öðru og Guðmundur Steinarsson fékk besta færi ársins á 63. mínútu þegar

hann stóð inn í markinu en á einhvern ótrulegan hátt kom hann boltanum yfir markið.

Aðeins fjórum mínútum síðar komust heimamenn yfir þegar Samuelsen gaf fastan bolta á fjærstóng og þar var mættur Mývetningurinn Baldur Sigurðsson og hann ýtti boltanum yfir línuna.

Keflavík var enn að fagna markinu þegar FH brunaði upp vinstri kantinn, boltinn var sendur í teiginn og þar stóð varamaðurinn Atli Guðnason, nýkominn inn á, einn á auðum sjó og hann var ekki í vandræðum með að koma boltanum yfir línuna. 1-1 og mikið líf í leiknum.

Bæði lið gerðu hvað þau gátu til að skora sigurmörkið en Keflavík var alltaf líklegri. Úr varð að þeir tóku öll stigin þrjú þegar Baldur kórónaði góðan leik og skoraði sitt annað mark þegar tveir mínútur voru komnar fram yfir venjulegan leiktíma eftir góðan undirbúning Hólmar.

Sigur Keflavíkinga var sanngjarn en þeir réðu ferðinni lengst-



HETJAN HYLTL Baldur Sigurðsson skoraði bæði mörk Keflavíkinga í gær. Hér er honum innilega fagnað.

VÍKURFRÉTTIR/ÞORGILS

um og hefðu getað skorað fleiri mörk en Daði varði oft vel. Baldur, Hólmar og Jónas voru góðir á miðjunni og mun sterkari en andstæðingarnir. Framherjarnir - Símun, Guðmundur og Magnús - voru mjög líflegir og gerðu meisturunum oft erfitt fyrir.

„Þetta var frábær frammistaða

og við vorum búnir að bíða lengi eftir sigri gegn FH. Við höfum oft verið nálægt og átt meira skilið og því var þetta sérstaklega sætt,“ sagði maður leiksins, Baldur Sigurðsson sem spilaði allan leikinn með spjald á bakinu en hann var spjaldaður á fyrstu mínútu leiksins.

henry@frettabladid.is

Fylkir bjargaði andlitinu eftir hlé

Fylkismenn sýndu mikinn dug eftir að hafa verið tvívegis tveimur mörkum undir í leiknum gegn Skagamönnum í gær og jöfnuðu metin undir lok leiks. Skagamenn þurftu sárlega á þremur stigum að halda.

FÓTBOLTI Það var boðið upp á prýðilega skemmtun á Fylkisvöllinum í gær þegar heimamenn gerðu 3-3 jafntefli gegn Skagamönnum. Gestirnir voru mun betri aðilinn í fyrri hálfleik en seint í leiknum skoraði Haukur Ingi Guðnason tvívegis með mínútu millibili og Fylkir náði því í stig.

Í fyrri hálfleiknum var ÍA með mikla yfirburði á vellinum og hafði algjörlega undirtökin. Fjalar Þorgeirsson varði vel skot frá Arnari Gunnlaugssyni snemma leiks en Arnar var kominn í ákjósanlegt færi. Örstuttu síðar kom fyrsta markið en það var bakvörðurinn Guðjón Heiðar Sveinsson sem komst upp vinstri vænginn eftir frábæra sendingu Arnars og skaut föstu skoti í fjærhornið.

Skagamenn voru algjörlega með leikinn í hendi sér í fyrri hálfleiknum og Hafþór Ægir Vilhjálmsson átti gott skot sem fór naumlega framhjá. Það var síðan eftir rúman hálf tíma sem þeir náðu að bæta við marki og var það Bjarni Guðjónsson sem skoraði stórglæsilega beint úr aukaspjrnun frá vinstri, spjrnur Bjarna voru hættulegar í leiknum. Fyrsta skot Fylkis kom ekki fyrr en tíu mínútur voru eftir af fyrri hálfleiknum og Skagamenn með tveggja marka forskot í hálfleik.

Bjarni Þórður Halldórsson kom inn í mark Fylkis í seinni hálfleik þar sem Fjalar Þorgeirsson lenti í harkalegu samstuði í þeim fyrri.



SVEKKTUR ÞJÁLFARI Arnar Gunnlaugsson má vel vera svekktur að hafa ekki fengið þrjú stig í leiknum í gær.

FRÉTTABLAÐID/VALLI

Fylkismenn komu mun ákveðnari til síðari hálfleiksins og á 51. mínútu renndi Albert Ingason boltanum Arnar Þór Úlfarsson sem átti góða fyrirgjöf, Boltinn rataði beint á Sævar Þór Gíslason en hann var einn og óvaldaður og skoraði. Sævar kom inn sem varamaður í fyrri hálfleiknum og átti mjög góðan leik. Hann átti hættulegt skot rétt yfir þegar tuttugu mínútur voru eftir og þá átti Haukur Ingi flottan sprett skömmu síðar

en Bjarki varði vel.

Það var svo á 79. mínútu sem varamaðurinn Heimir Einarsson kom ÍA í 3-1 þegar hann skoraði með hnakkanum eftir hornspjrnun og þá héldu margir að sigurinn væri tryggður. Fylkir gafst þó ekki upp, Haukur Ingi skoraði tveimur mínútum síðar en þá átti Arnar Þór hörkuskot sem Bjarki varði í slánna en Haukur fylgdi vel á eftir og skoraði. Mínútu eftir það mark kom síðan jöfn-

Eitt mark skildi á milli Breiðabliks og KR í mikilvægum leik í Kópavoginum í gær:

Björgólfur tryggði KR dýrmætan sigur í Kópavogi

FÓTBOLTI KR-ingar löguðu stöðu sína í Landsbankadeildinni verulega með 1-0 baráttusigri á Breiðablik í Kópavoginum í gær. Liðið er komið upp fyrir miðja deild en með tapinu féll Breiðablik niður um eitt sæti og er áfram með 17 stig, óþægilega nálægt fallsæti.

„Þetta var ofsalega dýrmætur sigur,“ sagði Kristján Finnbogason, fyrirlíði og markvörður KR, eftir leikin. „Það kom aldrei til greina að tapa þessum leik í dag. Bæði lið voru náttúrulega í erfiðri stöðu en á heildina fannst mér við eiga þetta skilið. Við spiluðum vel og héldum auk þess hreinu, það er ekki eins og það gerist oft,“ bætti Kristján við.

Blikar voru án stjórnuframherja síns Marel Baldvínssonar, sem á ennþá við meidli að stríða, og áttu þeir eftir að sakna hans sárt í leiknum. Leikurinn í gær var stórskemmtilegur á að horfa, bæði lið spiluðu ágæta knatt-

spjrnun og mörg fín færi litu dagsins ljós. Þegar uppi var staðið var það þó mark Björgólfs Takefusa á 40. mínútu sem skildi liðin af, en þá skallaði hann góða sendingu Sigbórs Júlíussonar í netið.

Heimamenn sóttu af krafti eftir mark Björgólfs og í upphafi síðari hálfleiks varði Kristján Finnbogason meistaralega í þriggung. KR-ingar fengu þó einnig sín færi í leiknum og hefðu vel getað náð að skora fleiri mörk.

Eftir því sem leið á síðari hálfleikinn minnkaði fjörið, KR-ingar settust aftur á völinn og vörðust en beittu hættulegum skyndisóknum þess á milli. Þegar tæpar 10 mínútur voru eftir fengu Viktor Unnar Illhugason og Grétar Ólafur Hjartarson báðir að líta rauða spjaldaði, Viktor fyrir ljóta tveggja fóta tæklingu á Grétari sem svaraði fyrir sig með því að slá til Viktors. Skömmu síðar fékk Sigmundur Kristjánsson sitt annað gula



HÁLOFTALEIKAR KR-ingarnir Dalibor Pauletic og Gunnlaugur Jónsson berjast um boltann við Hjörvar Hafliðason markvörð Blika.

FRÉTTABLAÐID/VALLI

spjald en níu KR-ingar héldu leikinn út án þess að fá á sig mark og tryggðu þrjú dýrmæt stig.

Ljóst er að Marel var sárt saknað hjá Blikum í gær og náði Ellert Hreinsson, tvítugur strákur sem var að spila sinn þriðja leik í efstu deild í gær, aldrei að ógna

miðvörðum KR-inga að neinu viti. Leikmenn liðsins spiluðu vel á milli sín á miðjuvæðinu, enda Arnar Grétarsson og Petr Podzemsky eitt allra öflugasta miðjupar deildarinnar, en slagkraftinn vantaði þegar á síðasta þriðjung vallarins var komið.

- vig



SVÍAR Spila í undankeppninni.

Undankeppni EM 2008: Dregið í riðla

HANDBOLTI Dregið var um helgina í undankeppni EM í handbolta sem fer fram í Noregi árið 2008. Dregið var í sjö 3-4 liða riðla þar sem eitt lið úr hverjum riðli kemst áfram í umspilsleiki um sæti í sjálfri úrslitakeppninni. Svíþjóð er áberandi sterkasta liðið í undankeppninni en Svíar töpuðu gegn Íslendingum í umspili um laust sæti á HM í Þýskalandi í vor. Svíþjóð var dregið í sjöunda riðli, ásamt liðum Bosníu og Belgíu.

- esá

1. deild karla:

Góður sigur Stjörnunnar

FÓTBOLTI Stjarnan vann í gær 3-1 sigur á KA í eina leik dagsins í 1. deild karla. Með sigri Stjörnunnar hafði liðið sætaskipti við KA og situr í fimmta sæti en KA í því sjötta. Bæði lið sigla lyngnan sjó og eiga hvorugt möguleika á að vinna sér sæti í Landsbankadeildinni né að falla í 2. deildina.

Daníel Laxdal, Dragoslav Stojanovic og Gunnar Ásgeirsson skoruðu mörk Stjörnunnar en Sveinn Elías Jónsson fyrir KA. Sigurbjörn Ingimundarson úr Stjörnunnni fékk að líta rauða spjaldið á lokamínútu leiksins.

- esá

	0-0	
Valur		Víkingur
Laugardalsvöllur, áhorf.: 878 Garðar Órn Hinriksson (7)		

TÖLFRÆÐIN

Skot (á mark)	8-3 (3-2)
Varin skot	Kjartan 2 - Ingvar 3
Horn	5-2
Aukaspjurnur fengnar	11-20
Rangstöður	0-0

VALUR 4-4-2	VÍKINGUR 4-3-3
Kjartan 6	Ingvar 7
Steinþór 6	Höski 7
Smith 7	Grétar 7
Atli Sveinn 7	Milos 8
Birkir 6	Hörður 7
Pálmi 6	Stefán 5
Sigurbjörn 8*	Jökull 6
Baldur -	Víktor 6
(12. Kristinn 6)	Valur 5
Matthias 5	(90. Þorvaldur -)
Guðmundur Ben. 5	Árnar Jón 5
(78. Þorvaldur M. -)	Davíð 4
Garðar 5	(80. Daníel x)

*Maður leiksins

	2-1	
ÍBV		Grindavík
Hásteinsvöllur, áhorf.: 514 Eyjólfur Kristinnsson (4)		

1-0 Bo Henriksen (6.)
1-1 Eysteinn Húni Hauksson (44.)
2-1 Ingi Rafn Ingibergsson (54.)

TÖLFRÆÐIN

Skot (á mark)	12-8 (8-3)
Varin skot	Hrafn 2 - Helgi 5
Horn	7-7
Aukaspjurnur fengnar	18-11
Rangstöður	2-0

ÍBV 4-5-1	GRINDAVÍK 4-4-2
Hrafn 7	Helgi Már 7
Schulte 6	McShane 5
Bjarni Hólm 8*	Hannah 7
Mwesigwa 7	Guðmundur A. 6
Long 7	(33. Ray 5)
Atli 7	Kristján 5
Andri 6	(74. Lundbye -)
(74. Lundbye -)	Jóhann H. 5
Henriksen 8	Eysteinn Húni 6
Bjarni Geir 7	Óli Stefán 5
Ingi Rafn 8	Orri Freyr 6
(85. Anton -)	(62. Andri St. 5)
Sævar 6	Óskar Örn 5
(57. Pétur R. 6)	Jóhann Þ. 7

*Maður leiksins

Síðari leikur Barcelona og Espanyol fór fram á Nou Camp í gærkvöldi:

Eiður fékk að spreyta sig í sigri Börsunga

FÓTBOLTI Eins og í fyrri leik liðanna var Eiður Smári Guðjohnsen ekki í byrjunarliði Barcelona sem tók á móti grannliðinu Espanyol í síðari leik liðanna um ofurbikarinn svokallaða, keppni meistara síðasta tímabils. Börsungar stilltu upp sterku liði og voru þeir Lionel Messi og Giovanni van Bronckhorst í byrjunarliði Börsunga.

Og heimamenn byrjuðu með látum og skoruðu fyrsta mark leiksins strax á þriðju mínútu. Eins og í fyrri leiknum var Ronaldinho allt í öllu í marki liðsins, hann átti eitraða sendingu fyrir markið frá vinstri á Xavi Hernandez sem skoraði með laglegum skalla.

Aðeins tíu mínútur síðar bættu Börsungar við öðru marki og það var ekki síður glæsilegt en það fyrra. Í þetta sinn var það Deco sem skoraði framhjá Kameni. Juliano Belletti átti gott hlaup upp hægri kantinn og renndi boltanum í miðjan vítateigin þar sem Portú-

galinn Deco var mættur og skoraði auðveldlega.

Eins og svo oft áður voru þeir Messi og Ronaldinho nánast óstöðvandi í sóknarleik Barcelona og á 23. mínútu fékk Brasilfumaðurinn Eduardo Costa sig fullsaddann af bjargarleysinu og gaf Messi vænlegt olbogaskot þannig að blæddi úr nefi Argentínumannsins unga. Messi hélt þó ótrauður áfram.

Á 29. mínútu var Ronaldinho nærri búinn að bæta þriðja markið en hann skaut framhjá eftir að hafa leikið varnarmenn Espanyol upp úr skónum.

Í upphafi síðari hálfleiks var svo loksins komið að því að Eiður Smári Guðjohnsen fengi að spreyta sig og kom hann inn á í liði Barcelona í stað Samuels Eto'o sem hafði haft fremur hægt um sig í leiknum.

En þriðja mark leiksins átti margt sameiginlegt með því öðru. Enn átti Beletti sendingu frá vinstri og í þetta sinn sýndi Deco á



DECO OG RONALDINHO Börsungar fóru létt með Espanyol í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

sér sparihlíðina og skoraði laglega með bakfallsspyrnu í mark Espanyol. Greinilegt var að allur vindur var úr gestunum og var hann reyndar sleginn úr þeim strax í upphafi leiks.

Annars var síðari hálfleikur heldur rólegur og komst Eiður

Smári ágætlega frá sínu þó svo að hann hafi eins og flestir aðrir haft fremur hægt um sig. En hann hefur brotið ísinn og fær væntanlega fleiri tækifæri í haust og vetur til að sýna hvað í honum býr.

- esá

Dautt jafntefli í Laugardal

Valur og víkingur gerðu markalaust jafntefli á Laugardalsvelli í gær í leik sem var allt annað en skemmtilegur. Liðin halda áfram að sigla lyngnan sjó í deildinni.

FÓTBOLTI Það er óhætt að segja að skemmtanagildið í leik Vals og Víkings á Laugardalsvelli í gær hafi verið með lægsta móti og úrslitin í samræmi við það, 0-0. Bitleysi var í sóknarliðu beggja liða og leikur liðanna oft ansi tilviljanakenndur. Víktor Bjarki Arnarson átti fyrsta skotið þegar stundarfjórðungur var liðinn af leiknum en það var laust og Kjartan Sturluson átti ekki í nokkrum erfiðleikum með að verja. Eftir rúman hálf tíma átti Arnar Jón Sigurgeirsson ágæta skottlraun úr aukaspjurnu en yfir fór boltinn. Tilþrif leiksins komu þó á 42. mínútu þegar Sigurbjörn Hreiðarsson var ekkert að tvínóna við hlutina og skaut hörkuskoti af löngu færi sem Ingvar Kale varði vel í horn.

Sigurbjörn var með frískari mönnum á vellinum og átti hann ágætis skot á 61. mínútu en aftur varði Ingvar, Guðmundur Benediktsson tók aukaspjurnu og renndi knettinum til hægri á Sigurbjörn sem komst í ágætis færi. Seint í leiknum átti Pálmi Rafn Pálmason skalla sem fór rétt yfir mark Víkinga.

Hinum megin átti Víktor Bjarki ágætis skalla eftir fínan sendingu Harðar Bjarnason en Kjartan varði. Undir lokin átti Pálmi Rafn Pálmason ágætis skot af löngu færi en enn og aftur var Ingvar vel á verði í markinu. Það má segja að Valsmenn hafi fengið ógn hættulegri færi en Víkingar í



HÖRD BARÁTTA Garðar Jóhannsson og Grétar Sigfinnur Sigurðarsson berjast hér um boltann í leik Vals og Víkings í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

leiknum í gær en hann var með eindæmum leiðinlegur áhorfs og markalaust jafntefli niðurstaðan. Varnarmenn beggja liða lentu ekki í teljandi vandræðum í gær og þá var veðrið með besta móti meðan á leik stóð.

Bæði lið virtust bara sætta sig við úrslitin miðað við en Valsmenn eru nú í þriðja sæti Víkingar í því fimmta.

„Það var ekki mikið um opin færi í þessum leik, bæði lið eru með sterkar varnir og erfiðlega gekk að finna glufur. Það var mik-

ilvægt fyrir bæði lið að tapa ekki þessum leik því þakkinn er þéttur. Bæði lið voru varkár og kannski full rög við að taka áhættur. Þetta var baráttuleikur og það leit alltaf út að þessi leikur myndi enda svona eða að það myndi detta eitthvað pot mark inn eftir klafs.

Þetta var ekki skemmtilegur leikur áhorfs en það var gaman að spila hann. Eftir þrjá leiki á móti bikarmeisturunum höfum við unnið tvo og gert eitt jafntefli og erum því sáttrí,“ sagði Höskuldur Eiríksson fyrirliði Víkings.

- egm

ÍBV vann gífurlega mikilvægan sigur á Grindavík í Vestmannaeyjum:

Sigurinn eykur sjálfstraust okkar

FÓTBOLTI Eyjamenn fögnuðu dýrmætum sigri í harðri fallbaráttu Landsbankadeildarinnar í gærkvöldi þegar þeir lögðu Grindavík að velli 2-1 í Vestmannaeyjum.

Það voru leikmenn ÍBV sem mættu mun grimmari til leiks í blíðunni á Hásteinsvelli en aðstæður voru hreint frábærar í gærkvöldi, stillt veður og völluminn glæsilegur á að líta. Það var verðskulduð forysta sem Bo Henriksen náði fyrir ÍBV strax á 6. mínútu þegar hann skoraði af miklu harðfyli. Eyjamenn héldu áfram að þjarma að Grindvíkingum sem virtust vera heillum horfnir framan af leik. Þeir sóttu hins vegar í sig veðrið undir lok hálfleiksins og náðu að jafna þegar Eyjólfur Magnús Kristinnsson, dómari leiksins dæmdi vítaspjurnu. Eysteinn Húni Hauksson skoraði örugglega úr vítaspjurnunni.

En þegar aðeins níu mínútur voru liðnar af síðari hálfleik voru

Eyjamenn aftur komnir yfir eftir ágætt mark Inga Rafns Ingabergssonar eftir laglegan undirbúning Henriksen. Aðeins tveimur mínútum síðar fékk Bjarni Geir Viðarsson, leikmaður ÍBV sína aðra áminningu, fyrir ætlaðan leikarskap og þótti dómurinn í besta falli vafasamur.

En þrátt fyrir að vera leikmanni færri tókst Eyjamönnum að halda aftur af slökum Grindvíkingum en gestirnir náðu varla að ógna marki ÍBV að neinu ráði. Það var helst Jóhann Þórhallsson sem ógnaði með skotum sínum. Ian Paul McShane gerði sig sekan um vafasama framgöngu undir lokin þegar hann virtist traðka á Bo Henriksen sem lá í jörðinni. McShane fékk hins vegar aðeins áminningu.

Heimir Hallgrímsson, þjálfari Eyjalíðsins stýrói sínum mönnum í fyrsta sinn á heimavelli í sumar og var afar ánægður með vinnufram-

lag sinna manna. „En við ætlum að halda áfram á þessari braut, bættum okkur í hverjum leik og safna stigum. Ég held að vinnu-semi leikmanna hafi aldrei verið meiri í sumar enda var þetta mikilvægur sigur fyrir okkur. Það er langt síðan við unnum síðast og þetta eykur sjálfstraustið í hópnun. Ég var hins vegar ósáttur við margt í dómgæslunni, vítaspjurnuna sem við fáum dæmda á okkur, brottvísunina og sömuleiðis að McShane hefði sloppið með áminningu undir lokin,“ sagði Heimir í leiklok.

Kollegi Heimis hjá Grindavík, Sigurður Jónsson óskaði hins vegar eftir því við sína leikmenn að þeir tækju sig saman í andlitinu enda hefði hans liðið leikið mjög illa. „Við erum komnir í þessa fallbaráttu af fullum krafti, höfum komið okkur þangað sjálfir og verðum núna að vinna okkur út úr henni aftur.“

ÚRSLIT GÆRDAGSINS

Landsbankadeild karla

FYLKIR-ÍA3-3
BREIÐABLIK-KRO-1
ÍBV-GRINDAVÍK2-1
KEFLAVÍK-FH2-1
VALUR-VÍKINGURO-0

STADAN

FH	14	9	3	2	24-11	30
KEFLAVÍK	14	6	4	4	27-15	22
VALUR	14	5	6	3	21-14	21
VÍKINGUR	14	5	4	5	19-11	19
FYLKIR	14	5	4	5	20-20	19
GRINDAVÍK	14	4	5	5	21-19	17
BREIÐABLIK	14	5	2	7	14-26	17
ÍA	14	4	2	8	19-25	14
ÍBV	14	4	2	8	13-32	14

1. deild karla

STJARNAN-KA3-1

1-0 Daníel Laxdal (65.), 1-1 Sveinn Elías Jónsson (70.), 2-1 Dragoslav Stojanovic (83.), 3-1 Gunnar Ásgeirsson (91.).

Enska úrvalsdeildin

MANCHESTER UNITED-FULHAM5-1

1-0 Luis Saha (7.), 2-0 Sjálfsmark (15.), 3-0 Wayne Rooney (16.), 4-0 Cristiano Ronaldo (19.), 4-1 Sjálfsmark (40.), 5-1 Wayne Rooney (64.).

CHELSEA-MANCHESTER CITY3-0

1-0 John Terry (11.), 2-0 Frank Lampard (26.), 3-0 Didier Drogba (79.).

Sænska úrvalsdeildin

HÄCKEN-MALMÖ FF3-1

Emil Hallfreðsson kom inn á sem varamaður hjá Malmö en Ari Freyr Skúlason var í byrjunarliði Häcken.

Þýska úrvalsdeildin

ARMINIA BIELEFELD-VFB STUTTART2-3

0-1 Fernando (39.), 1-1 Ahanfouf (65.), 1-2 Cacau (73.), 2-2 Böme (76.), 2-3 Cacau (82.).

VFL BOCHUM-BAYERN MÜNCHEN1-2

0-1 Makay (42.), 1-1 Fabio (52.), 1-2 Lahm (65.).

Belgíska úrvalsdeildin

WESTERLO-ANDERLECHT3-4

LOKEREN-GENT1-1

Rúnar Kristinnsson kom inn á sem varamaður á 64. mínútu í liði Lokeren.

Danska úrvalsdeildin

SILKEBORG-AC HORSSENS0-2

Hörður Sveinsson og Bjarni Ólafur Eiríksson voru í byrjunarliði Silkeborg.

AAB-RANDERS FC2-1

ESBJERG-FC MIDTJYLLAND4-2

OB-FC NORDSJÆLLAND2-1

BRÖNDBY-VIBORG3-0

Hollenska úrvalsdeildin

AJAX-RKC WAALWIJK5-0

FC GRONINGEN-FEYENOORD3-0

HERACLES ALMELO-FC TWENTE3-0

Arnar Þór Viðarsson var á varamannabekk Twente.

PSV EINDHOVEN-NEC3-1

Spænski ofurbikarinn

BARCELONA-ESPANYOL

1-0 Xavi (3.), 2-0 Deco (12.), 3-0 Deco (61.)

Barcelona vann samantlagt, 4-0.

ÚR BIÓHEIMUM

Hver mælti og í hvaða kvikmynd?

„For a ghost you bleed just fine.“

Top Dollar í myndinni The Crow (1994).

dagskrá



VIÐ TÆKIÐ VALGEIR RAGNARSSON FÉKK SÉR SPORTPAKKANN

Íþróttanörd-isminn í botni

Ég hef alltaf talið mig vera mikinn knattspyrnuáhugamann og að sama skapi staðfastan og einlægan aðdáenda Manchester United. Ég hef alltaf fylgst vel með og látið ekkert fram hjá mér fara er varðar mína ástæru Rauðu djöfla, eða það hélt ég að minnsta kosti. Nýlega bætti ég sportpakkanum á Digital Island við alla flóruna sem þar var fyrir áður. Með sportpakkanum fékk ég opinbera sjónvarpsstöð Manchester United, MUTV sem sendir beint út frá Old Trafford alla daga.

Ég verð að viðurkenna það að ég var ekki búinn undir þá dagskrá sem sjónvarpsstöðin bauð upp á. Eftir að hafa horft á MUTV eina kvöldstund komst ég að þeirri niðurstöðu að ég er aðeins mjög hóflegur aðdáandi liðsins. Ég byrjaði þetta sjónvarpskvöld með því að horfa á aðalfréttatíma stöðvarinnar, Red Hot News sem fjallar vitaskuld aðeins um það sem gerist hjá Man Utd. Eins og flestir vita gerist mjög lítið hjá enskum knattspyrnuliðum yfir hásumarið. Til þess að fylla upp í gapandi tómarúmið voru sýndar metnaðarfullar fréttaskýringar með viðtölum og tilheyrandi endursýningum frá leikjum U-15 liðsins, því næst voru sýndar ítarleg viðtöl við ein-

hverja meðaljöna í varaliðinu og fleira í þeim dúr. Eftir fréttir var komið að spurningaþætti þar sem miðaldra karlmann með húðflúr og bjórbumbu svöruðu ótrúlega ómerkilegum spurningum á borð við það hver stóð á milli stanganna hjá Norwich þegar liðin mættust í 0-0 jafntefli árið 1988. Ég pínði mig í gegnum þennan þátt, en ákvað um leið að það myndi ég aldrei gera aftur.

Síðasti dagskrárliður kvöldsins var gamall endursýndur leikur frá árinu 2001. Ég komst að því á meðan ég horfði niðurlútur á, að knattspyrnuleikir sem eru ekki í beinni útsendingu eru eitt það leiðinlegasta undir sólinni.

Eflaust verður ágætt að geta kíkt á Red Hot News fyrir spennandi leiki í vetur, en það viðurkennist alveg að ég er hvergi nærri nógu harður stuðningsmaður til þess að geta legið ótilneyddur yfir MUTV heilu kvöldin.

MANCHESTER UNITED Aðeins allra höfðustu aðdáendur Man. Utd geta horft á MUTV af einhverju viti.



▶ 20.40
Gaman

SVONA VAR ÞAÐ



▶ 20.05
Veruleiki

EXTREME MAKEOVER: HOME EDITION



▶ 21.00
Drama

FALCON BEACH



▶ 21.30
Veruleiki

THE CONTENDER



▶ 19.40
Fjármál

PENINGARNIR OKKAR

SIJONVARIPIÐ

15.45 Helgarsportíð 16.10 Ensku mörkin (1:32) 17.05 Leiðarljós 17.50 Táknmálsfréttir 18.00 Myndasafnið 18.01 Alda og Bára (12:26) 18.05 Búi! (2:26) 18.15 Lubbi læknir (24:52)

18.30 Vistaskipti (12:26) (Foreign Exchange) 19.00 Fréttir, íþróttir og veður 19.35 Kastljós

20.05 Kóngur um stund (11:12) Hestamenn eru þekktir fyrir að vera lífsglatt og uppátækjasamt fólk – og við fáum að kynna mörngum þeirra.

▶ 20.40 Svona var það (8:22) (That 70's Show)

21.00 Alexander mikli (Alexander the Great: The Man behind the myth) Heimildamynd um Alexander mikla. Brugðit er upp mynd af manningum á bak við goðsögnina.

22.00 Tíufréttir

22.20 Glæpahneigð (6:22) (Criminal Minds) Bandarísk þáttaröð.

SIKURUS TV

6.58 Ísland í bítíð 9.00 Bold and the Beautiful 9.20 Í finu formi 2005 9.35 Oprah (87:145) 10.20 My Sweet Fat Valentina 11.10 Grey's Anatomy (7:9)

12.00 Hádegisfréttir 12.25 Neighbours 12.50 Í finu formi 2005 13.05 Home Improvement (22:25) 13.30 The Revengers' Comedies 15.00 You Are What You Eat (15:17) 15.25 Tónlist 16.00 Barnatími Stöðvar 2 17.40 Bold and the Beautiful 18.05 Neighbours

18.30 Fréttir, íþróttir og veður

19.00 Ísland í dag

19.40 The Simpsons (12:22)

▶ 20.05 Extreme Makeover: Home Edition (5:25) (Hús í andlitslyftingu) Kona sem rekur góðgerðarstofnun býr sjálf í mjög litlu og niðurmíðu húsi með fjölskyldu sinni. Endurbótageginu biður mikil áskorun; að gera gagngerar breytingar á húsinu svo öllum líki.

20.50 Related (9:18) (Systarbönd)

21.35 Huff (10:13)

22.30 Twelve Mile Road (Sumar sviptinga) Ljúfsár og hjartfólgin mynd byggð á samnefndri skáldsögu um Stephen Landis, fráskilinn bónda, leikinn af Tom Selleck.

SIKURUS TV

18.30 Fréttir NFS

19.00 Ísland í dag

19.30 Fashion Television

20.00 Seinfeld (19:22)

▶ 21.00 Falcon Beach (12:27) (Desperados) Falcon Beach er sumarleyfisstaður af bestu gerð. Þangað fer fólk til að slappa af og skemmta sér í sumarfríinu sínu enda snýst allt þar um sumar og frelsi.

21.50 Smallville (15:22) (Cyborg) Unglingurinn Clark Kent er þrúðmenni og er fús til að rétta öðrum hjálparhönd. Hann hefur hlotið veglegt, líkamlegt atgervi í vöggugjöf en hann hefur ekki enn gert sér grein fyrir styrk sínum.

22.40 Killer Instinct (12:13) (e)

SIKURUS TV

7.00 6 til sjó (e) 8.00 Dr. Phil (e)

15.40 Everybody Hates Chris (e) 16.10 Trailer Park Boys (e) 16.35 Parental Control (e) 17.05 Dr. Phil 18.00 6 til sjó

19.00 Beverly Hills 90210 Unglingarnir í Beverly Hills eru mættir til leiks.

19.45 Melrose Place

20.30 Surface Dularfullt dýrshæ finnst á ströndinni og Laura og Rich fara þangað að leita svara en í staðinn fyrir svör fá þau bara fleiri spurningar. Hópur vísindamanna þarf að framkvæma áhættusama krufningu á sýktu hræinu.

▶ 21.30 The Contender Leitín er hafin að næstu hnefaleikastjörnu!

22.30 Law & Order

SIKURUS TV

7.00 Ísland í bítíð 9.00 Fréttavaktin 11.40 Brot úr dagskrá

12.00 Hádegisfréttir/Markaðurinn/Íþróttarfréttir/Veðurfréttir/Leiðarar dagblaða/Hádegisfréttir, fréttaviðtal. 13.00 Sportíð 14.00 Fréttavaktin 17.00 5fréttir 18.00 Íþróttir og veður

18.30 Kvöldfréttir

19.00 Ísland í dag

▶ 19.40 Peningarnir okkar Þáttur um fjármál heimilanna, einkonar námskeið í sjónvarpi um meðferð fjár og hvernig hægt er að sýna ráðdeild ... og græða. Ingólfur H. Ingólfsson hefur verið með vinsæl innslög á Fréttavaktinni undanfarna mánuði. Þátturinn er endursýndur á sama tíma á föstudagskvöldum á eftir Kvöldfréttum.

20.00 Fréttayfirlit

20.20 Brot úr fréttavakt

21.00 Fréttir

21.10 60 Minutes

22.00 Fréttir Fréttir og veður

22.30 Peningarnir okkar

23.05 Ensku mörkin (1:32) 0.00 Út og suður 0.30 Kastljós 1.00 Dagskrárlök

0.00 Medium (21:22) (Bönnuð börnum) 0.40 NCIS (6:24) (Bönnuð börnum) 1.25 Dead Funny (Stranglega bönnuð börnum) 3.00 Windtalkers (Stranglega bönnuð börnum) 5.10 Fréttir og Ísland í dag

23.30 Stacked (10:13) (e) 23.55 Rescue Me (12:13) 0.40 Seinfeld (19:22)

23.20 Jay Leno 0.05 C.S.I.: New York (e) 0.55 Beverly Hills 90210 (e) 1.40 Melrose Place (e) 2.25 Óstöðvandi tónlist

23.10 Kvöldfréttir 0.10 Fréttavaktin 3.10 Fréttavaktin 6.10 Peningarnir okkar

SIKURUS TV

6.00 Hollywood Homicide (Bönnuð börnum) 8.00 Cat in the Hat 10.00 Virginia's Run 12.00 Butch Cassidy and the Sundance Kid (e) 14.00 Cat in the Hat, The 16.00 Virginia's Run 18.00 Butch Cassidy and the Sundance Kid (e) 20.00 Hollywood Homicide 22.00 King Arthur 0.05 Hard Cash (Stranglega bönnuð börnum) 2.00 Jane Doe (Stranglega bönnuð börnum) 4.00 King Arthur (Stranglega bönnuð börnum)

SIKURUS TV

14.00 Portsmouth – Blackburn 16.00 Bolton – Tottenham 18.00 Prumuskot

18.55 Chelsea – Man City

21.00 Að leikslokum Snorri Már Skúlason fer með stækkunargler á leiki helgarinnar með sparkfræðingnum Willum Þór Þórssyni og Guðmundi Torfasyni.

22.00 Man Utd – Fulham

0.00 Prumuskot (e) 1.00 Dagskrárlök

SIKURUS TV

Dagskrá allan sólarhringinn.

SIKURUS TV

11.30 Number One Single 16.00 101 Most Starlicious Makeovers 17.00 Sexiest European Stars 18.00 E! News Weekend 19.00 THS The Women of Desperate Housewives 21.00 Sexiest European Stars 22.00 Girls of the Playboy Mansion 22.30 Girls of the Playboy Mansion 23.00 Wild On Tara 23.30 Wild On Tara 0.00 THS The Women of Desperate Housewives 2.00 101 Most Starlicious Makeovers

SIKURUS TV

Fréttapátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15



Zúúber alla virka morgna frá 7-10.



www.minnsirkus.is

FM957

VIÐ MÆLUM MEÐ ...

Surface

Skjareinn kl. 20.30

Surface eru nýir þættir í vísindaskáldsagnastíl fyrir alla fjölskylduna. Dularfullt dýrshræ finnst á strönd og farið er að rannsaka af hvers konar skepnu hræið er. Þær rannsóknir reynast ekki hættulausar, bæði vegna náttúru hræsins og vegna áhyggjufullra yfirvalda.



Á sama tíma finnur ungur drengur egg þessarar skepnu og fer með það heim í fiskabúr sitt. Þar klekst það út og verður brátt að gæludýri á heimilinu, hættulegu gæludýri.

■ Sudoku dagsins

Fylltu út í reitina þannig að hver lína, hver dálkur og hver 3x3 kassi rúmi allar tölurnar á bilinu 1 til 9. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar sinnum í sömu línu, sama dálki eða sama 3x3 kassa. Engin stærðfræðikunnátta er nauðsynleg þó leikið sé með tölum. Þrautin er leyst með rökhugsun og útsjónarsemi. Lausnir, ráðleggingar og upplýsingar eru á www.sudoku.com. Lausn þrautarinnar birtist á sama stað í blaðinu á morgun.


Lausn á gátu gærdagsins

2	8	4	9	6	3	7	1	5
9	3	1	7	4	5	6	2	8
5	6	7	8	2	1	4	3	9
1	9	6	5	8	4	2	7	3
4	7	5	6	3	2	9	8	1
8	2	3	1	9	7	5	6	4
3	1	9	4	7	6	8	5	2
7	4	2	3	5	8	1	9	6
6	5	8	2	1	9	3	4	7

	1	6	8	4				
		3		9				7
8			3					
		4					2	
2	6						5	8
	7				9			
				7				9
3			1		6			
			4	5	1	7		



▶ 18.50
Fótbolti
SAGA FÓTBOLTANS



14.00 PGA meistaramótið í golfi 2006 18.00 Íþróttasjallið 18.12 Sportið

18.30 Timeless (Íþróttahetjur) Íþróttahetjur eru af öllum stærðum og gerðum.

▶ 18.50 Saga fótboltans (South American Superpowers) Í þessum þætti er fjallað um frábæra frammistöðu landsliða Suður-Ameríku á HM.

19.45 Landsbankamörkin 2006

20.15 Supercopa 2006 (Barcelona – Espanyol) Bein útsending frá seinni viðureigninni milli Barcelona og Espanyol í baráttunni um Supercopabikarinn.

21.55 Ensku mörkin 2006-2007 (Ensku mörkin 2006-2007)

22.25 Landsbankadeildin 2006 (Fylkir – ÍA) Útsending frá leik í Landsbankadeild karla í knattspyrnu sem nú er í hámarki.

RÁS 1 FM 92,4/93,5

6.50 Bæn 7.05 Morgunvaktin 9.05 Laufskálinn 9.45 Morgunleikfimi 10.03 Veðurfregnir 10.13 Stefnumót 11.03 Samfélagið í nærmynd 12.20

Hádegisfréttir 13.00 Vitt og breitt 14.03 Útvarpsagan 14.30 Miðdegistónar 15.03 Sameinuð stöndum vér 16.13 Hlaupanótan 17.03 Viðsjá 18.00 Kvöldfréttir 18.25 Spegillinn 19.00 Litla

flugan 19.40 Laufskálinn 20.20 Kvöldtónar 21.00 Framtíð lýðræðis 21.55 Orð kvöldsins 22.15 Tónlistarhornið 22.30 Kvöldsagan 23.00 Sumartónleikar í Skálholtskirkju 2006 0.10 Útvarpað á samtengdum rásum

RÁS 2 FM 90,1/99,9

6.05 Morguntónar 6.30 Morgunútvarp Rásar 2 9.05 Brot úr degi

12.20 Hádegisfréttir 12.45 Poppland 16.10 Síðdegisútvarpið 18.24 Auglýsingar 18.25

Spegillinn 19.30 Á vellinum 22.10 Uppruni tegundanna 0.10 Popp og ról 0.30 Spegillinn

BYLGJAN FM 98,9

7.00 Ísland í bitíð 9.00 Ivar Guðmundsson

12.00 Hádegisfréttir 12.20 Óskalagahádegi 13.00 Rúnar Róberts 16.00 Reykjavík Síðdegis

18.30 Kvöldfréttir og Ísland í dag 19.30 Bjarni Ólafur / Ivar Halldórs 1.00 Ragnhildur Magnúsdóttir

AÐRAR STÖÐVAR

FM 90,9 TALSTÖÐIN
FM 99,4 ÚTVARP SAGA
FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin
FM 102,2 Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp
FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni
FM 96,7 Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying
FM 105,5 Útvarp Boðun / Kristilegt efni
FM 89,5 Kiss / Nýja bitíð í bænum
FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni
FM 91,9 XFM / Tónlist og afþreying
FM 97,7 X-10 / Enginn viðbjóður

Skólavörubúðin

Nýjar og notaðar!

Skólabækurnar á www.skola.is.
Skiptibókamarkaður með betra verð.

Við tökum vel á móti þér.

amarkaður skiptibókamarkaður skiptibókamarkaður skiptibókamarkaður skiptibókamarkaður skiptibókamarkaður

Skólavörubúðin • Smiðjuvegi 5 • 200 Kópavogur • Sími 585 0500 • www.skola.is



HRÓSIÐ

... fær Andrés Ölvérsson bóndi sem selur Andrésar andar-egg.

Þýðir Imagine yfir á spænsku

Kvikmyndaleikstjórinn Hrafn Gunnlaugsson hefur komið sér upp heimasíðu þar sem hægt er að nálgast upplýsingar um hann sjálfan og fjölmörg verk hans.

Hrafn heldur úti Viking-films.net og er ótrúlegustu hluti þar að finna. Öllum kvikmyndum meistarans eru gerð skil, nýgræðingum gefst tækifæri til að kynna sér myndirnar frá grunni en aðdáendur Hrafns fá líka tækifæri til að lesa erlendar

umsagnir og fleira. Síðan er þó greinilega enn á vinnslustigi og á Hrafn eftir að bæta við meira efni þegar fram líða stundir.

En það er ekki bara hægt að lesa sér til um kvikmyndir Hrafns á heimasíðu hans. Leikstjórinn fjallar sömuleiðis ítarlega um sjálfan sig. Þannig er hægt að skoða ættartré hans, umfjöllun um hús hans í

Laugarnesinu, minningargreinar sem Hrafn hefur skrifað um vini sína, doktorsritgerð föður hans og svo mætti lengi telja. Það er óhætt að fullyrða að heimasíða Hrafns Gunnlaugssonar er hafsjór af fróðleik um manninn og verk hans.

En Hrafn lætur sér ekki heimasíðuna nægja. Hann hefur komið sér upp bloggsíðunni hrafngunnlaugsson.blogspot.com. Þó Hrafninn sé nýbyrjaður að blogga verður ekki annað sagt en að hann lofi góðu. Fyrsta færslan er þýðing hans á lagi Lennons Imagine yfir á spænsku. Því næst birt-



HRAFN GUNNLAUGSSON Kvikmyndaleikstjórinn hefur komið sér upp heimasíðu og er byrjaður að blogga.

1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

LÁRÉTT:

2 utan 6 bardagi 8 sær 9 sarg 11 tveir eins 12 missa marks 14 hvæsa 16 í röð 17 löng 18 fiskur 20 samtök 21 stígur.

LÓÐRÉTT:

1 þráður 3 skammstöfun 4 land 5 kraftur 7 hálsklútur 10 kjaftur 13 fugl 15 hástétt 16 rámur 19 kusk.

LAUSN:

hás, 19 í. af, 7 trefill, 10 gín, 13 gæs, 15 aðal, 16 all, 20 aa, 21 síð. LÓÐRÉTT: 1 tauð, 3 eh, 4 malasta, 5 ll, 12 gæiga, 14 fnæsa, 16 hl, 17 síð, 18 LÁRÉTT: 2 nema, 6 at, 8 haf, 9 urg, 11



FASTEIGNASALA FRÆGA FÓLKSINS Starfsmenn Stórborgar hafa komið víða við í heimi popptónlistar og afþreyingar. Frá vinstri eru Stefán Hrafn, Grétar Örvarsson, Júlíus, Valdimar Örn Matthíasson og Gunnar Ólason.

JÚLÍUS JÓHANNSSON: EINN EIGENDA SKEMMTILEGRAR FASTEIGNASÖLU

Fasteignasala fræga fólksins slær í gegn

„Megnið af starfsmönnum eru vinir mínir sem ég sópaði til mín. Þetta snýst auðvitað allt um að búa til skemmtilegt vinnuumhverfi og ég get sagt að það er afar skemmtilegt að vinna hérna,“ segir Júlíus Jóhannsson á fasteignasölu Stórborg. Fasteignasalan er ekki nema fimm mánaða gömul en hefur þegar vakið talsverða athygli. Helsta ástæða þess er að starfsmennirnir eru flestir landsþekktar poppstjörnur. Kollégarnir eru því farnir að kalla Stórborg Fasteignasölu fræga fólksins.

Júlíus hefur starfað við fasteignasölu í nokkurn tíma og á Stórborg með Stefáni Hrafini Stefánsyni, lögmanni og löggiltum fasteignasala, sem hefur verið í um 20 ár í bransanum. Þeir fengu

til liðs við sig Gunnar Ólason, söngvara og gítarleikara úr Skítamóral, sem hefur starfað í bransanum um hríð. Júlíus hefur einmitt verið í afleysingum sem hljómborðsleikari í Skítamóral. Þá eru ótaldir Grétar Örvarsson úr Stjórninni, Jón Axel Ólafsson fyrrverandi útvarpsmaður og Benedikt Brynleifsson trommuleikari, sem þekktur er fyrir leik sinn með Pálma Gunnarssyni og fleirum.

„Grétar kemur nýr inn en er mjög ferskur enda reyndur sölu- maður. Það þarf ekki að kenna honum neitt. Jón Axel hefur svo reynslu úr öllum áttum,“ segir Júlíus sem segir það ekki vera kröfu að menn séu tónlistarmenn eða skemmtikraftar. „Þetta er nú meiri tilviljun heldur en kröfur, en það skemmir ekki. Við erum nú að

leita okkur að bassaleikara til að við getum stofnað hljómsveit,“ segir Júlíus.

Athygli vekur þegar komið er inn á Stórborg að þar hefur verið komið fyrir afar athyglisverðu fundarborði, en það keypti Jón Axel á markaði með vörur frá varnarliðinu. „Já, þetta er eitt flottasta fundarborð á Íslandi. Ég held að þarna hafi verið tekin ákvörðun um að herinn myndi fara, þetta borð er fyrir allan peninginn,“ segir Júlíus.

Þó að mikili sé um grín og glens hjá starfsmönnum á Stórborg leggur Júlíus áherslu á að þeir séu fagmenn. „Við vitum að við erum oft að meðhöndla aleigu fólks og tökum vinnuna því alvarlega. Við ætlum okkur að ná mjög langt.“

hdm@frettabladid.is

FRÉTTIR AF FÓLKI

Fyrirsætan og ljósmyndarinn Elísabet Davíðsdóttir fagnaði þrítugsafmæli sínu á föstudagskvöldið. Afmælisveislan var haldin á skemmtistaðnum Rex og var vel sótt af vinum og fjölskyldu Elísabetar og þótti afmælisbarnið líta glæsilega út. Margir af vinum hennar frá New York flugu yfir

hafið til að vera viðstödd, til að mynda Svenni ljósmyndari og Andrea förðunarfræðingur sem unnið hefur mikið með Björk. Hrafnhildur og Bára Hólmgeirsdætur voru og mættar og hárgreiðslumaðurinn Jón Atli Helgason var plötusnúður.

Oddný Sturludóttir varaborgarfulltrúi og Hallgrímur Helgason spúsi hennar voru mætt í veislu Elísabetar. Oddný og Elísabet eru æskuvinkonur og við þetta tækifæri voru rífaðar upp margar ógleymanlegar sögur af þeim vinkonunum. Meðal annars það að í tvítugsafmæli Elísabetar var Oddný einmitt á föstu með Hallgrími en Elísabet var með Roger O'Donnell, hljómborðsleikara The Cure. Í þrítugsafmælinu á föstudagskvöld var líka plötustýran Sóley Kristjánsdóttir. Hún gengur nú með fyrsta barn sitt og var fæðingin sett á laugardaginn. Sóley skynjaði þó að frumburðurinn ætlaði eitthvað að láta biða eftir sér og ákvað að reyna að koma skrið á málin með því að dansa vel og lengi í veislunni. Ekki gekk þetta plan alveg eftir því þegar síðast fréttist var Sóley enn að biða.



Unnur Birna Vilhjálmssdóttir er aftur farin að blogga eftir neyðarlega uppkomu á dögnum. Þá þurfti fegurðardrotningin að

lokka bloggsíðunni sinni og breyta færslum sem þóttu ekki sæmandi. Unnur er hress í skrifum sínum sem fyrr og segir nú frá ferð sinni til New York þar sem hún var dugleg að versla. Unnur Birna er nú komin aftur heim og við tekur grámygladur hversdagsleikinn, í smá tíma að minnsta kosti. Í dag byrjar skólinn nefnilega aftur en Unnur er að læra lögræði á Háskólanum í Reykjavík. - hdm

Biðja guð um logn á ferð um landið

Þjóðverjarnir Werner Finke og Jürgen Krämer kalla ekki allt ömmu sína. Þeir eru miklir hjólræiðamenn og hafa ferðast um ein nfu lönd á hjólunum einum saman, m.a. Rússland, Ungverjaland, Eistland, Svíþjóð og Noreg. Nú er röðin komin að Íslandi en þeir félagarnir komu hingað á laugardag fyrir viku og hafa síðan hjólað um 120 km á dag.

Bláðamaður Fréttablaðsins rakst á þá hjá Vegamótum á Snæfellsnesi þar sem þeir hugðust fá sér hressingu, en ætlun þeirra er að hjóla hringinn í kringum landið. Þetta er í fyrsta skipti sem þeir sækja Ísland heim, en bæði veðráttan og náttúran kom þeim á óvart.

„Á leið okkar til Selfoss var vindasamt, mikil rigning og ekki nema átta stiga hiti,“ segja þeir og hrylla sig við tilhugsunina. „Við hjóluðum þaðan að Geysi og Gullfossi, Laugarvatni, yfir Kaldadal, að Borgarnesi og loks hingað. Náttúran hér er stórbrotin og það gleður okkur að sjá að hér er ekki of mikill túrismi.“ Þeir bættu því við að þeir svæfu aldrei í tjaldi og byrjuðu hvern dag á að biðja guð um að sleppa rokinu.

ÞÝSKIR HIÓLRÆIÐAKAPPAR Þeir Werner og Jürgen hjóla um 120 kílómetra á dag á ferð sinni um Ísland og sofa aldrei í tjaldi. Félagarnir byrja alla daga á því að biðja guð um að sleppa rokinu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ

Upplýsingar í síma 560 2625
Textavarp: Stöð 2 • 160-163
RÚV • 261, 263 og 264

Lotto

Vinningstölur laugardaginn
19.8.2006

10 23 30 35 38

Fjórfaður
1. vinningur næsta laugardag

Bónustala
7

Jökertölur vikunnar

Jóker 3 2 5 6 7

1. vinningur gekk ekki út

VÍKINGA
LOTTO Alltaf á miðvikudögum

Vinningstölur miðvikudaginn
16.8.2006

Aðaltölur
1 5 7 35 43 47

Bónustölur Ofurtala
6 34 30

Einfaldur
1. vinningur næsta laugardag

Jökertölur vikunnar
8 4 8 8 5

1. vinningur gekk ekki út

St. með fyrirs. um prentun.

Við erum Mazda



sóltíloð Veldu Mazda á sóltíloði Brimborgar

2.525 þús.*

Mazda6 Touring 2,0i
4 dyra, sjálfskiptur*
Sóltíloð 2.525.000 kr.
Bílasamningur 34.726 kr.
Rekstrarleiga 46.100 kr.



sóltíloð



Mazda6 Touring 2,0i
4 dyra, sjálfskiptur*
Sóltíloð 2.525.000 kr.
Bílasamningur 34.726 kr.
Rekstrarleiga 46.100 kr.



Mazda6 Touring 2,0i
5 dyra, sjálfskiptur*
Sóltíloð 2.575.000 kr.
Bílasamningur 35.414 kr.
Rekstrarleiga 47.100 kr.



Mazda6 Touring 2,0i
Wagon, sjálfskiptur*
Sóltíloð 2.625.000 kr.
Bílasamningur 36.102 kr.
Rekstrarleiga 48.700 kr.

Sumarið er komið í Brimborg. Vertu Mazda.

Nú er rétta tækifærið til að fá sér nýjan bíl fyrir sumarfríið á sérstöku sóltíloði Brimborgar. Gerðu samanburð á japönskum gæðum. Berðu saman verð og búnað Mazda6 Touring, 4 dyra, sjálfskiptum og Toyota Avensis Sedan Sol, sjálfskiptum. Mazda6 kostar núna aðeins frá 2.525.000 kr. á sérstöku sóltíloði til þín. Verð á sjálfskiptum Toyota Avensis Sedan Sol er frá 2.860.000 kr.* Veldu annan stíl. Núna Mazda - á sérstöku sóltíloði Brimborgar.

Það sem er umfram í Mazda6 Touring:

- 2,0 lítra vél
- 5 þrepa sjálfskipting
- 16" Álfelgur
- Hraðastíllir

Aflaðu þér
frekari upplýsinga
www.mazdabrimborg.is

Við staðgreiðum gamla bílinn þinn.

Þú veltir fyrir þér hvernig best er að losna við gamla bílinn. Brimborg kaupir hann af þér staðgreitt** veljir þú bíl á góðu sóltíloði Brimborgar. Þú losnar við allt umstang við að selja og lækkar þinn kostnað. Við erum Mazda. Komdu í Brimborg. Kynntu þér hvernig þú getur fengið þér nýjan Mazda á sóltíloði Brimborgar.

Skoðaðu úrval Mazda á sóltíloði.



Mazda2 Core 1,4i
5 dyra, 5 girá*
Sóltíloð 1.590.000 kr.
Bílasamningur 19.670 kr.
Rekstrarleiga 31.900 kr.



Mazda3 Touring 1,6i
4 dyra, 5 girá*
Sóltíloð 1.920.000 kr.
Bílasamningur 26.307 kr.
Rekstrarleiga 35.200 kr.



Mazda5 Touring 2,0i
7 manna, 5 girá*
Sóltíloð 2.390.000 kr.
Bílasamningur 32.748 kr.
Rekstrarleiga 43.400 kr.

Við erum Mazda

Komdu núna. Sóltíloð Brimborgar
gildir meðan birgðir endast.



brimborg

Öruggur staður til að vera á

Sumarið er
í Brimborg



Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.mazdabrimborg.is

*Brimborg og Mazda áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að aukni er kaupverð háð gengi. Lán er bílasamningur með 10% útborgun og mánaðarlegum greiðslum í 84 mánuði og eru háðar breytingum á vöxtum og gengi erlendra mynta 50% ísk / 50% erl. myntkarta. Leiga er rekstrarleiga og er miðuð við mánaðarlegar greiðslur í 36 mánuði sem eru háðar gengi erlendra mynta og vöxtum þeirra. Smur- og þjónustueftritt samkvæmt ferli framleiðanda og Brimborgar er innifalið í leigugreiðslu og allt að 20.000 km akstur á ári. Aukabúnaður á mynd: sölluga. Skv. verðlista Toyota 07/06. **Staðgreitt 45 dögum eftir afhendingu nýja bílsins. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar.

FRÉTTABLAÐIÐ

SÍMANÚMÉR FRÉTTABLAÐSINS: 550 5000, fax: 550 5099 Rítstjórn: 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
DREIFING: dreifing@posthusid.is Auglýsingadeild: auglysingar@frettabladid.is Vefang: visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR

SMÁUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000

MARKAÐURINN

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU ALLA MIÐVIKUDAGA



AUGLÝSINGASÍMI
550 5000



BAKÞANKAR

PRÁINS BERTELSSONAR

Sögustund

Richard Nixon varð fyrstur bandarískra forseta til að hrökklast úr embætti en hann hafði áður verið varaskeifa hjá Eisenhower þeim sem barðist við Hitler. Þá afsögn töldu margir boða upphaf nýrra og betri tíma. Það var árið 1974. Þá var þjóðháttó á Íslandi. Það ár tók Halldór Ásgrímsson sæti á Þþingi.

DAGINN EFTIR að þriðja Stjórnustríðsmyndin var frumsýnd var Halldór skipaður sjávarútvegsráðherra. Það var 26. maí 1983, árið sem Ronald Reagan Bandaríkjaforseti kallaði Sovétríkin „heimsveldi hins illa“.

ÁRIÐ SEM fyrrnefndur Nixon burtkallaðist héðan af heimi og Nelson Mandela var kjörinn forseti Suður-Afríku varð Halldór Ásgrímsson formaður Framsóknarflokksins. Það var árið 1994.

MÁNUÐI EFTIR að Nick Leeson var gómaður fyrir að setja Barings-banka á hausinn með bjartsýni í verðbréfavíðskiptum varð Halldór Ásgrímsson utanríkisráðherra, 23. apríl 1995.

Á ÁRINU sem Sameinuðu þjóðirnar helguðu minningunni um baráttuna fyrir afnámi þrælahalds varð Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra, það var 15. september 2004.

HALLDÓR hefur sett mark sitt á íslensk stjórnsmál á undanförunum áratugum, kappsamur, gættinn, kænn, traustur, hjartahlýr. Nú er hann stígnur niður af sviðinu. Það er ekki mitt að skrifa pólitísk minningarorð, þau skrifa menn sjálfir með verkum sínum og framgöngu, en það fylgir því ákveðinn léttir þegar skipt er um fólk í áberandi embættum.

MENN HAFNA lengi haft áhyggjur af því að vald hafi ekki heilsusamleg áhrif á þá sem handleika það. Vald spillir, segir gamalt máltæki. Eflaust eru íslenskir valdamenn undantekning frá þeirri reglu. En til vonar og vara ætti samt að hlífa mönnum við því að gegna háu embætti, ráðherradómi eða stjóratign lengur en átta ár samfleytt. Sá tími ætti að duga góðum stjórnanda til að hrinda helstu hugmyndum sínum í framkvæmd.



TVEIR FYRIR EINN

Í TÍLEFNI AF 35 ÁRA AFMÆLI NISSAN Á ÍSLANDI BÝÐUR INGVAR HELGASON NÚ ALGERLEGA EINSTAKT REKSTRARLEIGUTILBOÐ*

Þú tekur Nissan Pathfinder og Nissan Micra á rekstrarleigu og greiðir sömu upphæð fyrir báða bílana og fyrir rekstrarleigu á einum Toyota Land Cruiser, eða **99.800 kr. á mánuði****

Nissan Pathfinder er lipur blanda af kraftmiklum fjórhjóladrifnum jeppa og rúmgóðum fólksbíl og hann er að mati bílblaðamanna sambærilegur Toyota Land Cruiser.

Dæmi um rekstrarleigu:

Nissan Pathfinder SE sjálfskiptur **75.300 kr. á mánuði m/vsk.**

Nissan Micra beinskipt **24.500 kr. á mánuði m/vsk.**

Nissan Patrol Elegance **80.757 kr. á mánuði m/vsk.**

*Innifalið í rekstrarleigu er smur- og þjónustueftirlit skv. þjónustubók. Rekstrarleiga getur tekið gengisbreytingum myntkörfu fjármögnunarfyrirtækis. Leiga miðast við 39 mán. og 65 þús. km.

**www.toyota.is

ÞÚ FÆRÐ MEIRA FYRIR MINNA MED NISSAN

Ingvar Helgason

Sævarhófa 2 Sími 525 8000 www.ih.is

Opið: Mánudaga – föstudaga kl. 9.00 - 18.00 og laugardaga kl. 12.00 - 16.00

Umboðsmenn um land allt

Akranesi 431 1376

Akureyri 464 7940

Höfn í Hornafirði 478 1990

Njarðvík 421 8808

Reyðarfirði 474 1453

SPARI DAGAR

5 HJÁ ORMSSON

Í FIMM VERSLUNUM OG HJÁ UMBOÐSMÖNNUM

Enn frekari verðlækkun á nýrri sendingu!

Verð áður: 179.900 kr.
TILBOÐSVERÐ: 149.900 kr.

TILBOÐSVERÐ: **129.900 kr.**

Þú sparar: **50.000.- kr**



MIRAI
32" LCD sjónvarp

HTH
FATASKÁPAR
& RENNIMURDIR

15%
afsláttur

BEINN SÍMI Í HTH:
530-2906 / 530-2907 / 530-2908

SETTU ÞAÐ SAMAN HTH
ÁF HVERJU AÐ BORGNA MEIRA?

AEG

PVOTTAVÉLAR
ÞURRKAÐAR
UPPÞVOTTAVÉLAR
KÆLISKÁPAR
OFNAR - VIFTUR
HELLUBORÐ

15% AFSLÁTTUR

ORMSSON

1 LÁGMÚLA 8 · Sími 530 2800 2 SIÐUMÚLA 9 · Sími 530 2800 3 SMÁRALIND · Sími 530 2900 4 AKUREYRI · Sími 461 5000 5 KEFLAVÍK · Sími 421 1535

www.ormsson.is